Orð og tunga

27

Ritstjórar – Editors

Ellert Þór Jóhannsson og Jóhannes B. Sigtryggsson
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
The Árni Magnússon Institute for Icelandic Studies
http://www.arnastofnun.is/
ellert.thor.johannsson@arnastofnun.is og johannes.b.sigtryggsson@arnastofnun.is

Ráðgefandi ritnefnd – Editorial Board

Anna Helga Hannesdóttir, prófessor emerítus – professor emeritus
Ari Páll Kristinsson, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
– The Árni Magnússon Institute for Icelandic Studies
Ágústa Þorbergsdóttir, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
– The Árni Magnússon Institute for Icelandic Studies
Ásta Svavarsdóttir, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
– The Árni Magnússon Institute for Icelandic Studies
Camilla Wide, Turkuháskóla – University of Turku
Erla Erlendsdóttir, Háskóla Íslands – University of Iceland
Finnur Friðriksson, Háskólanum á Akureyri – University of Akureyri
Guðrún Kvaran, prófessor emerítus – professor emeritus
Gunnar Ólafur Hansson, Háskólanum í Bresku Kólumbíu, Vancouver
– The University of British Columbia, Vancouver
Kristján Árnason, prófessor emerítus – professor emeritus
Liisa Deth Theilgaard, Kaupmannahafnarháskóla – The University of Copenhagen
Margrét Jónsdóttir, prófessor emerítus – professor emeritus
Silvie Cinková, Karlsháskóla, Prag – Charles University in Prague
Svavar Sigmundsson, rannsóknarprófessor emerítus – research professor emeritus
Veturliði G. Óskarsson, Uppsalaháskóla – Uppsala University
Zakaris Svabo Hansen, Fróðskaparsetri Færeyja – University of the Faroe Islands
Þorsteinn G. Indriðason, Björgvinjarháskóla – University of Bergen

Orð og tunga er ritrýnt tímarit sem Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum gefur út árlega. Birtar eru fræðilegar greinar, á íslensku og ensku, sem lúta að máli og málfræði. Sérstök áhersla er lögð á greinar um orðfræði, orðabókafræði, nafnfræði, íðorðafræði og málræktarfræði. Greinarnar eru ritrýndar af a.m.k. tveimur ónefndum sérfræðingum auk ritstjóra. Auk hinna fræðilegu greina er hluti tímaritsins helgaður ritdómum og smágreinum.

Orð og tunga is a peer-reviewed journal, published annually by The Árni Magnússon Institute for Icelandic Studies. It contains articles in Icelandic and English on language and linguistics, in particular on lexicology, lexicography, onomastics, terminology, and language policy and planning studies. The articles are peer-reviewed by at least two anonymous reviewers besides the editor. In addition to peer-reviewed articles, *Orð og tunga* contains a small section with book reviews and shorter papers.

Orð og tunga
27

Ritstjórar
Ellert Þór Jóhannsson og Jóhannes B. Sigtryggsson

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Reykjavík 2025

© Höfundar og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 2025.

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

ISSN 1022-4610
eISSN 2547-7218

https://doi.org/10.33112/ordogtunga.27

Umbrot: Bessi Aðalsteinsson
Prófarkalestur: Svanhildur María Gunnarsdóttir
Hönnun kápu: Björg Vilhjálmsdóttir
Prentun og bókband: PrentmetOddi ehf.

Efnisyfirlit

Formáli ritstjóra vii

Ritrýndar greinar:

Katrín Axelsdóttir: **Allavega *alveg*** 1

Helga Hilmisdóttir: **Notkun orðsins *gaur* í samtölum unglingsdrengja** 31

Ágústa Þorbergsdóttir og Kristín Ingibjörg Hlynsdóttir: ***Ættmæði* og peysuperrar – athugun á innsendum orðum á Nýyrðavefnum** 61

Emily Lethbridge: **The Devil's in the Detail: Diabolical names in the Icelandic place-name record** 87

Smágreinar:

Jón Axel Harðarson: **Sögnin *vökva* í fornmáli** 123

Svavar Sigmundsson: **Örnefni í Álfasögunni miklu** 135

Aðalsteinn Hákonarson: ***Urriðakotsvatn* og *Urriðavatn* – *Þormóðarhnúta* – *Eystrilækur* eða *Eystri-Lækur*** 145

Málfregnir:

Ellert Þór Jóhannsson: ***Íslensk orðsifjabók* á netinu** 167

Formáli ritstjóra

Nú þegar vetur nálgast færum við ykkur, lesendur góðir, nýtt hefti tímaritsins *Orðs og tungu*. Tímaritið kemur nú út í 27. sinn og á svipuðum árstíma og í fyrra en yfirleitt hefur útgáfan verið að vorlagi.

Stundum hafa ritstjórar kallað eftir greinum sem falla undir tiltekið þema og var á síðasta ári óskað sérstaklega eftir greinum sem snúa að nafnfræðirannsóknum. Ekki voru þó undirtektir alveg í samræmi við væntingar og því ákvað ritstjórn að ekki væri tilefni að þessu sinni til að útbúa sérstakt þemahefti þótt nokkur hluti efnisins sé vissulega tengdur nafnfræði. Í þessu 27. hefti *Orðs og tungu* kennir því ýmissa grasa og er víða komið við í þeim fræðum sem falla undir áherslusvið tímaritsins. Þótt ekki sé til staðar ákveðinn fræðilegur þráður sem tengir greinarnar saman gæti það þó vakið athygli sumra að allir höfundar ritrýnds efnis eru konur og er það í fyrsta sinn í sögu tímaritsins.

Hér birtast fjórar ritrýndar greinar sem eru fremur ólíkar en greina frá athyglisverðum rannsóknum á ýmsum sviðum málvísinda og nafnfræði. **Katrín Axelsdóttir** fjallar um orðið *alveg* frá ýmsum hliðum. Þetta orð er frekar nýtt í málinu og er yfirleitt notað sem atviksorð en getur einnig komið fyrir sem lýsingarorð og orðræðuögn. Merkingarblæbrigðin eru býsna mörg og uppruninn athyglisverður. **Helga Hilmisdóttir** skoðar notkun orðsins *gaur* í samtölum fyrr og nú og gerir ítarlega grein fyrir því hvernig orðið er notað á margvíslegan hátt í samtölum unglingsdrengja við tölvuleikjaspil. **Ágústa Þorbergsdóttir** og **Kristín Ingibjörg Hlynsdóttir** segja frá áhugaverðum orðum sem hafa verið send inn á Nýyrðavef Árnastofnunar og flokka þau en rekja jafnframt sögu þessa verkefnis og velta fyrir sér hvernig vefurinn gæti þróast í framtíðinni. Að lokum gerir **Emily Lethbridge** grein fyrir umfangsmikilli nafnfræðirannsókn þar sem sjónum er

beint að örnefnum sem leidd eru af djöflinum og árum hans og finna má um allt land.

Í heftinu er einnig að finna þrjár óritrýndar smágreinar. Í fyrstu greininni fjallar **Jón Axel Harðarson** um sögnina *vökva* og tilbrigði hennar í eldri textum. Í þeirri næstu birtir **Svavar Sigmundsson** yfirlit yfir örnefni í *Sögu Ólafs Þórhallasonar* eftir Eirík Laxdal frá því um 1800 og veltir fyrir sér uppruna þeirra. Í síðustu smágreininni ræðir svo **Aðalsteinn Hákonarson** vafamál við skráningu þriggja örnefna í opinberan örnefnagrunn sem er eins konar framhald skrifa hans um svipað efni í síðasta hefti tímaritsins. Að lokum er undir liðnum *Málfregnir* umfjöllun um nýjan vef *Íslenskrar orðsifjabókar*.

Við viljum þakka höfundum greina í 27. hefti *Orðs og tungu* fyrir ánægjulegt samstarf. Eins og tíðkast hjá flestum fræðilegum tímaritum fylgir *Orð og tunga* þeirri reglu að ritrýnar njóta nafnleyndar. Við getum því ekki nefnt þá með nafni sem tóku að sér að leggja fræðilegt mat á þær greinar sem bárust en sendum þeim hér með þakklætiskveðjur fyrir ómetanlegt framlag. Þá þökkum við þeim sem sitja í ráðgefandi ritnefnd tímaritsins fyrir þeirra störf. Bessi Aðalsteinsson fær bestu þakkir fyrir að annast enn sem fyrr umbrot og samskipti við prentsmiðju og kápuhönnuð og Svanhildur María Gunnarsdóttir fyrir framúrskarandi prófarkalestur.

Ellert Þór Jóhannsson og Jóhannes B. Sigtryggsson ritstjórar

Katrín Axelsdóttir

Allavega *alveg*

1 Inngangur

Alveg er alþekkt orð og algengt.[1] Það er í 181. sæti á lista algengustu orða málsins samkvæmt *Íslenskri orðtíðnibók* (1991:557) og í 58. sæti ef aðeins er litið til atviksorða, þar er það næst á eftir *stundum* og *já* (1991:616). Orðið kemur þó ekki fyrir í fornu máli, það virðist eiga sér fremur skamma sögu í málinu og uppruni þess er ekki fullljós, ekki frekar en tengsl þess við ýmis áþekk orð í skyldum málum. Í orðabókum er það greint sem atviksorð og sú orðflokkagreining er oftast óumdeilanleg. En málið er oft ögn flóknara en ráða má af orðabókum. Færa má rök fyrir því að *alveg* geti stundum staðið sem lýsingarorð (líkt og atviksorðin *svona* og *þannig* geta gert). Enn fremur má leiða líkur að því að *alveg* geti stundum verið það sem kallað hefur verið **orðræðuögn** (e. *discourse particle*), og kunni þá jafnvel að gegna fleiri en einu slíku hlutverki. Merking orðsins sem atviksorðs er auk þess dálítið fjölskrúðugri en ráða má af orðabókum.

Um orðið *alveg* hefur áður verið fjallað því að Preben Meulengracht Sørensen birti um það stutta en efnismikla grein árið 1977. Athugasemd frá Halldóri Laxness í *Þjóðviljanum* árið áður hljómar nánast eins og brýning til athugunarinnar. Þar segir m.a. um *alveg* (Halldór Laxness 1976:6):

> Orðið virðist enn ófundið upp á útgáfudögum Orðabókar Konráðs Gíslasonar 1851; þar er haft „öldúngis“ og „alger-

[1] Ég þakka ritstjórum og ritrýnum *Orðs og tungu* fyrir margar gagnlegar ábendingar. Þá eiga fjölmargir vinir og samstarfsmenn þakkir skildar fyrir að hafa gefið sér tíma til að tala við mig um efnið og rökræða um merkingartilbrigði.

Orð og tunga 27 (2025), 1–30, https://doi.org/10.33112/ordogtunga.27.2
© höfundar CC BY-NC-SA 4.0.

> lega“, og reyndar mart fleira eftir mismunandi samböndum, þegar nú er sagt „alveg“. Gaman væri ef málfróðir menn vildu athuga hvenær á 19du öld þetta orð hefur verið búið til; og hvernig hugsað. Er það stytting úr „alla vega“? Eða reykvísk kaupmannaþýðing á ensku (always)?

Menn höfðu þó alllöngu fyrr verið farnir að brjóta heilann um aldur orðsins. Í grein sem Halldór Laxness ritaði árið 1957 í tilefni af fimmtugsafmæli Jakobs Benediktssonar orðabókarritstjóra segir (Halldór Laxness 1965 [1957]:227):

> Aðalstarf Jakobs um undanfarin ár hefur verið formenska við undirbúning vísindalegrar orðabókar íslenskrar; mun þar mörg matarholan; mest hef ég orðið undrandi á þeirri uppgötvun meðal margra í orðabókarstarfi Jakobs, að orðið „alveg“ skuli vera nútíma hrognamál, tiltölulega nýfarið að sjást á prenti (eða ekki fyr en alllángt var liðið á öldina sem leið).

Athugun Meulengracht Sørensen, sem kveðst einmitt hafa notið hvatningar og stuðnings Jakobs, snerist mest um aldur og uppruna *alveg* og útbreiðslu orðsins á 19. öld. Hér verður farið í saumana á ályktunum hans og um leið litið á ýmis gömul dæmi um *alveg*. En í þessari grein er einnig fjallað um nútímamál, bæði ritað mál og talmál, og ýmis merkingartilbrigði sem greina má þar, einkum í ritmáli á óformlegum vettvangi og í talmáli. Til að skoða þetta hefur dæma m.a. verið leitað í Risamálheildinni (2022) og ekki síst í tiltækum talmálsgrunnum (Íslenska talmálsbankanum og Íslensku unglingamáli).[2] Þótt talmálsgrunnar séu fremur smáir í sniðum má margt finna í þeim þegar í hlut á jafn algengt orð og *alveg*.

Efnisskipan er þessi: Fyrst er rætt um hugsanlegan aldur, uppruna og útbreiðslu orðsins *alveg* og um leið sagt frá fyrri athugunum á þessu (2. kafli). Síðan verður sjónum beint að ýmiss konar merkingu og hlutverki *alveg*, einkum í nútímamáli; jafnframt verður vikið að eldri dæmum sem stinga á einhvern hátt í stúf við nútímamál (3. kafli). Þá verður hugað að samanburði við ýmis samheiti, s.s. *algerlega* og *gersamlega* (4. kafli).

---

[2] Báðir þessir talmálsgrunnar byggjast á sjálfsprottnum samtölum. Um Íslenska talmálsbankann, sem var komið á laggirnar í byrjun aldarinnar, sjá Þórunni Blöndal 2004:132. Gögnin í Íslensku unglingamáli eru yngri og þátttakendurnir einnig. Um Risamálheildina, sjá Starkað Barkarson, Steinþór Steingrímsson og Hildi Hafsteinsdóttur 2022.

2 Elstu dæmi um *alveg*, uppruni orðsins og útbreiðsla

2.1 Elstu dæmin

Í áðurnefndri grein Meulengracht Sørensen (1977:249) kemur fram að það hafi ekki verið fyrr en við lok 19. aldar sem *alveg* komst inn í orðabók, þ.e. dansk-íslenska orðabók Jónasar Jónassonar 1896, sem þýðing á orðunum *helt*, *rent* og *aldeles*.[3]

Í athugun sinni á aldri *alveg* studdist Meulengracht Sørensen (1977) við dæmi í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans (ROH). Hann tilfærir eftirfarandi sem elsta dæmið, en það er úr Stellurímum Sigurðar Péturssonar (1759–1827) skálds, leikritahöfundar og sýslumanns (Sigurður Pétursson 1844:88):[4]

(1) Tekur ad syfja tródur klyfja Grana,
bannar gríma [= nótt] gledskap meir
gengin ríma **alveg** deyr.[5]

Orðið er í 110. vísu fimmtu rímu sem er þarna við það að ljúka. Merkingin virðist vera sú sem vanaleg er í nútímamáli, 'algerlega'. Stellurímur voru ortar 1791–1792 en handrit Sigurðar er ögn yngra eða frá því um 1800.

Næst í aldri er talsvert yngra dæmi. Það er í bréfi frá 1838, frá séra Einari Thorlacius (1790–1870) til Finns Magnússonar í Danmörku:

(2) því Lands Yfirrettrinn tildæmdi oss **alveg** Skóginn, og málskostnaðinn f. Yfirrettinum (Rigsarkivet)

---

[3] Við þetta má bæta að *alveg* kemur þarna einnig fyrir sem þýðing á *absolut* og *fuld* og er oft notað í skýringum á samsettum orðum og orðasamböndum.

[4] Eitt dæmi ROH er skráð mun eldra (17ms) í skrá um safnið á netinu (ROH-g). Það er úr Rímum af Amoratis konungi, eignuðum Bjarna Jónssyni Borgfirðingaskáldi sem fæddur var á 16. öld og lifði fram um miðja 17. öld:

(i) Ottans þóttinn af svo rann,
Ad **alveg** kvídalaus vard hann.

Á seðilinn sjálfan er skráð að hér sé vafalaust um að ræða breytingu í útgáfu; í tveim handritum (um 1780 og um 1830) standi annars vegar *umm syder kvijdalaus* og hins vegar *ýdel kvídalaus vard hann*. Þetta er vísast ástæða þess að Meulengracht Sørensen nefnir ekki dæmið. Aðalsteinn Eyþórsson (2015) nefnir enn fremur að Finni Sigmundssyni hafi virst rímurnar yngri en svo að Bjarni hafi getað ort þær. Hér verður því litið fram hjá þessu dæmi.

[5] Feitletrun í þessu dæmi og öðrum hér á eftir er mín.

Dæmið barst Orðabók Háskólans bréfleiðis frá Jóni Helgasyni, prófessor í Kaupmannahöfn, árið 1962 að því er segir á orðabókarseðlinum. Hér er því ekki um að ræða dæmi sem fannst við hefðbundna orðtöku á vegum orðabókarinnar. Gera má ráð fyrir að Jóni hafi verið kunnugt um að dæmi um *alveg* hafi verið fátíð frá þessum tíma og hann því séð ástæðu til að skrá dæmið. Af bréfi Einars, sem varðveitt er í Kaupmannahöfn, má ráða að hann hafi staðið í málaferlum við yfirvöld um skóg nokkurn. Merking *alveg* virðist hér vera sú sama og tíðust er í nútímamáli, 'algerlega'; Einari (eða hans fólki) hefur verið dæmdur allur skógurinn.[6]

Samkvæmt Meulengracht Sørensen (1977:246) er dæmi úr kvæðinu Njólu eftir Björn Gunnlaugsson (1788–1876), kennara við Bessastaðaskóla, það þriðja í aldursröðinni (Björn Gunnlaugsson 1842:17):

(3) Ætlar líf sig eiga rétt
yfir dauðum hlutum.
Drottinn hefir svo tilsett
síðan **alveg** nutum.

Fljótt á litið gæti merking síðustu línunnar virst sérkennileg. En þetta skilst ef vísan er skoðuð í heild: 'Lífið ætlar sig eiga rétt yfir dauðum hlutum, Drottinn hefur hagað því þannig og allar götur síðan nutum við [þessa].' Hér er því líklega ekki um það að ræða að *njóta alveg* (sem væri merkingarlega heldur skrítið) heldur *alveg síðan*.

Meulengracht Sørensen (1977:247) telur að *alveg* sé upprunnið í talmáli og hafi þaðan borist í ritmál. Þá ályktun virðist hann helst draga af nokkrum dæmum sem hann hafði áður nefnt frá miðbiki 19. aldar, þremur úr sendibréfum (frá 1838 og 1845) og einu úr dagbók (frá 1848). Þessu til stuðnings nefnir hann að Benedikt Gröndal (1826–1907) og Jón Árnason (1819–1888), sem báðir hafi verið þekktir fyrir óhefðbundna málnotkun, noti *alveg* snemma. Hann telur að dæmin sem hann hefur þegar nefnt úr bundnu máli, þ.e. elsta dæmið (í Stellurímum, sjá (1), frá lokum 18. aldar) og það þriðja elsta (í Njólu

[6] Síðar í þessu bréfi Einars er reyndar að finna annað dæmi um *alveg* og merkingin virðist vera 'algerlega, að fullu':

(ii) og i þriðja lagi vilium við helldur **alveg** kaupa duglegann mann, enn ockur væri gefinn einhver óduglegur. (Rigsarkivet)

Hér er Einar að ræða þann möguleika að ráða málafærslumann vegna væntanlegrar endurupptöku málsins; hann vill heldur greiða fullt verð fyrir góða þjónustu en fá lakari þjónustu ókeypis.

Björns Gunnlaugssonar, sjá (3), frá 1842), breyti engu um þá hugmynd að *alveg* sé upprunnið í talmáli.[7] Um það má reyndar leyfa sér að efast.

Þegar nýjungar koma upp er það vissulega oft svo að talmálið ryður brautina. En þessu kann auðvitað að hafa verið öfugt farið. Frá svipuðum tíma og fyrrnefnd bréfa- og dagbókardæmi og dæmið í Njólu eru nokkur dæmi um *alveg* í Viðeyjarbiblíu (*Biblía* 1841).[8] Þau má öll sjá í (4):[9]

(4) a. Farid burt, farid burt, gángid út þadan, snertid ekkért óhreint! Gángid **alveg** út úr borginni. (Jes. 52, 11)

b. søkum þinnar mikillrar miskunsemdar gjørdir þú ekki **alveg** út af vid þá (Nehem. 9, 31)

c. sópa burt Jeróbóams húsi, eins og menn sópa burt hroda, **alveg**. (1. Kon. 14, 10)

d. á sá hreini ad støkkva á þann óhreina á 3ja og 7da degi, og hreinsa hann **alveg** á 7da degi. (4. Mós. 19, 19)

e. Þegar hún er geingin burt af bænum, og farin **alveg** í burtu, en giftist øðrum manni (5. Mós. 24, 2)

Að þýðingu Viðeyjarbiblíu komu ýmsir, þar á meðal nokkrir tengdir Bessastaðaskóla. Í þeim hópi var Sveinbjörn Egilsson (1791–1852). Hann þýddi nokkrar bækur biblíunnar, þar á meðal Jesajabók (Sveinbjörn Egilsson 1952:49), svo að dæmið í (4a) er hans verk. Þýðingunni hefur verið lýst svo: „Dómur sögunnar er, að þarna hafi margt verið afar fagurlega þýtt. Alþýðlegur blær sveif þó yfir vötnunum, bæði í orðavali og stafsetningu, í anda Fjölnismanna.“[10] Nú er hugsanlegt

[7] Stellurímur segir Meulengracht Sørensen ortar í því sem e.t.v. mætti kalla skrumstíl (hann notar orðið „travesterende“) og dæmi Björns Gunnlaugssonar er útskýrt þannig að Björn hafi verið sérkennilegur („ikke … nogen helt almindelig personlighed“).

[8] Um þessi dæmi var Meulengracht Sørensen ekki kunnugt fyrr en hann hafði lokið við handrit greinar sinnar. En hann minnist á þau neðanmáls (1977:246) og þau eru núna komin á seðla í ROH. – Það er engu líkara en að starfsmenn Orðabókar Háskólans hafi tekið sig til, hugsanlega í tilefni af skrifum Meulengracht Sørensen, og leitað gaumgæfilega að *alveg* (og kannski öðru í leiðinni) í Viðeyjarbiblíu. Þessi leit bar góðan árangur því að fjögur dæmi fundust, sem er ekki nema einu færra en finnst við rafræna leit í Viðeyjarbiblíu á vef Biblíufélagsins (https://biblian.is/videy/).

[9] Dæmi (4a–d) eru á seðlum í ROH (en ekki sýnd í ROH-g); dæmi (4e) fannst við rafræna leit í Viðeyjarbiblíu, sbr. nmgr. 8.

[10] Þessi ummæli eru úr sýningarskrá sýningarinnar „Þann arf vér bestan fengum“ sem opnuð var í Þjóðarbókhlöðunni 26. september 2015 og eru birt á vef Biblíufélagsins (https://biblian.is/videy/).

að notkun orðsins *alveg* megi rekja til þessa alþýðleika, að lærdómsmennirnir sem þarna voru að verki hafi í þessum tilvikum notað nýtt orð sem þeir þekktu úr tungutaki alþýðunnar. Það er þó ekki víst. Í þýðingu Sveinbjarnar á Ódysseifskviðu sem kom út 1840, ári á undan biblíunni, er eitt dæmi um *alveg*. Samhengið er þetta (*Homeri Odyssea* 1840:15):

(5) Hinn greindi Telemakkus svaraði henni og sagði: móðir mín, einginn af Akkeum hefir meiri ráð á boganum, en eg, hvørt sem eg vil ljá hann nokkurum eða synja hans; einginn af þeim, sem ríki hafa á hinni grýttu Itøku, eða á eyunum hjá því hestauðga Elealandi, skal taka ráðin af mér nauðugum, enda þó eg vildi gefa gestinum þenna boga **alveg** með sér.

Sveinbjörn þýðir hér með *alveg* gríska orðið καθάπαξ sem er sambræðingur úr tveim orðum, κατά (sem hér stendur sem atviksorð) ‘alveg’ og atviksorðinu ἅπαξ ‘(aðeins) einu sinni, í eitt skipti fyrir öll’.[11] Hómersþýðingar Sveinbjarnar, sem voru undir miklum áhrifum fornmálsins (sjá t.d. Kjartan Ottósson 1990:63–64), verða varla taldar hafa á sér alþýðlegan blæ þótt vissulega finnist þar dæmi um talmálsleg einkenni.[12] Það er heldur óvænt að hann hafi kosið að hafa á þessum stað í þýðingu sinni orð sem einkum var bundið við talmál þótt það sé auðvitað ekki útilokað.

2.2 Uppruninn

Ef *alveg* var ekki sprottið úr talmáli má gera ráð fyrir því að það hafi verið smíðað af menntamanni, sé lærð orðmyndun. Efniviðurinn kann að hafa verið *alla vega* ‘á alla vegu, alls konar’ sem enn tíðkast í þeirri merkingu í málinu,[13] báðir liðir *alveg* eiga sér þarna ákveðna samsvörun og merkingarlega er þetta ekki víðs fjarri *alveg* þótt merkingin sé ekki sú sama. En hér má einnig líta í örlítið aðra átt.

[11] Lok brotsins í (5) hafa m.a. verið þýdd svona á ensku: „if I wish to give the bow, even to this stranger as an outright gift to take away with him.“ (*Homer Odyssey*).

[12] Sbr. t.d. Finnboga Guðmundsson (1960:290–291) sem nefnir að í þýðingunum megi finna dæmi um „óm af hressilegu og ómenguðu orðbragði“ og Kjartan Ottósson (1990:64) sem segir Sveinbjörn hafa notað ýmis orðatiltæki úr alþýðumáli þar sem við átti.

[13] Oftar er *alla vega* (eða *allavega*) notað í merkingunni ‘að minnsta kosti’ en sú notkun er fremur ný.

Atviksliðurinn *allar götur* er vel þekktur í nútímamáli, einkum á undan *síðan* eða *upp frá því*: *hann hefur verið í stjórnmálum allar götur síðan*. Áður fyrr var þessi liður oftar hafður í eintölu, *alla götu* (eða *allagötu*). Og notkunarsviðið var víðara en nú er því að *alla götu* gat ekki aðeins vísað til tíma, eins og í dæminu hér, heldur einnig rúms. Sigfús Blöndal lýsir notkuninni greinilega í orðabók sinni (1920–1924) undir flettunni *gata*, en í sumum þessara dæma myndu nútímamenn væntanlega nota orðið *alveg*:

> *alla götu, allar götur*, helt (baade om Tid og Rum), hele Tiden, altid; hele Vejen: *er senn orðinn allar götur á eftir tímanum* (helt efter Tiden) […]; *sá allar götur í austri nokkra dranga* (helt i Øst) […]; *alla götu upp hjá Sóleyjarhöfða*, helt oppe ved S. […]; *lengi … allar götur ofan úr pápisku*, længe … helt fra de katolske Tider

Alla götu þekktist í fornu máli og gat þar bæði vísað til tíma og rúms, og raunar einnig háttar ('á allan hátt').[14] Elsta dæmið um liðinn í ROH er í þýðingu Odds Gottskálkssonar á Historíu pínunnar frá 1558, og þar vísar hann til rúms (*alla götu hjá* 'alveg hjá'):

(6) Þat er, at suo langt var fiallit olíueti burt fra Jerusalem, sem hæfuiligt og leyfuiligt var at ganga a þuottdeiginum, þat er, at þat var **allagutu** hia. (*Historía Pínunnar* 1558:ll IV,v)

[14] Í fornmálsorðabókinni í Kaupmannahöfn (ONP, undir *gata*) eru ekki nema tvö dæmi og þau vísa bæði til rúms. Annað þeirra er í fornaldarsögunni Hálfdanar sögu Eysteinssonar, í handriti frá 14. öld:

(iii) Hundrinn karlsnautr hljóp inn í kjaptinn ok **alla gǫtu** niðr í kviðinn ok reif hann innan ok sleit ór honum hjartat

Í orðabók Fritzners (1886–1896, undir *gata*) eru gefnar tvær merkingar, önnur vísar til tíma ('altid') en hin til háttar ('i alle Maader, Henseender') og sögð samsvara *alla vega*. Í (iv) má sjá dæmi um báðar þessar merkingar:

(iv) a. ok þar medr hafdi hun [Sara, kona Abrahams] **alla gǫ́tu** þar til ubyria uerit (*Stjorn* 1862:119)
b. þvíat hann lifði sitt lif storvm heilagliga ok finnz **alla gøtv** verit hafa enn rettvisazti (*Mariu saga* 1871:200)

Bæði þessi dæmi eru úr harla gömlum textum. Það fyrra er í Stjórn, í frásögn af óbyrjunni Söru sem fæddi barn á gamals aldri. Tímavísunin sem þekkist enn í nútímamáli á sér því mjög gamlar rætur.

Þarna er ritað *allagutu*. Rithættir liðarins eru nokkrir og seðlar ROH hafa fjórar mismunandi yfirskriftir: *allagutu* (5 seðlar, 16.–18. öld), *allagötu* (8 seðlar, 17.–18. öld), *allagötuhjá* (1 seðill, 18. öld)[15] og *allagötur* (1 seðill, 18. öld). Enn fleiri rithætti má svo sjá í dæmunum sjálfum. Allt er þetta þó það sama. Í öllum dæmum ROH um atviksliðinn *alla götu* (að öllum ritháttum meðtöldum) sem sýna eitthvert samhengi á annað borð vísar liðurinn til rúms (en ekki tíma) og kemur næst á undan orðum sem tjá staðsetningu, *hjá*, *við* og *upp undir*. Í öllum þessum tilvikum væri í nútímamáli eðlilegt að hafa *alveg*.

Ritháttur*inn* *allagutu* endurspeglar framburð. Á tveim stöðum nefnir Jón Ólafsson úr Grunnavík (1705–1779) atviksorðið *alla götu* í orðabókarhandriti sínu (undir *gata* og *allur*), sbr. seðla Orðabókar Háskólans sem skrifaðir voru upp úr bók Jóns (= JÓ). Seðlarnir hafa yfirskriftirnar *allagutu* og *allagötu* en á þeim báðum kemur fram að almennt sé sagt *allagutu* í stað *allagötu*:

(7) a. alla gutu. vulgò adverbialiter, ita pronuntiant pro alla gȯtu, totam xx viam, ut: far þu alla gutu þangad. rek þu hnijfinn i tried alla gȯtu upp ad skapti. (JÓ *gata*)[16]

b. alla gȯtu, pronuntiatur vulgȯ alla gutu, hiaa, apud, prope, juxta. (JÓ *allur*)[17]

Á einum af seðlum ROH um *allagutu* er tilvitnun í grein Árna Böðvarssonar (1951:161) um málfræðistörf Eggerts Ólafssonar (1726–1768) en þar nefnir Árni að *alla gutu* fyrir *alla gautu* (þ.e. *götu*) sé „meðal bögumæla“ sem Eggert leiðréttir í ferðabók sinni.

Þessi hraðsoðna yfirferð um atviksliðinn *alla götu* í söfnum Orðabókar Háskólans bendir til þess að liðurinn kunni með tímanum að hafa orðið ógegnsær. Síðari hlutinn er oft borinn fram öðruvísi en þolfallsmyndin *götu*, stundum virðist eintölu og fleirtölu blandað saman (*allagötur*) og fyrir kemur að liðurinn renni í riti saman við forsetninguna á eftir (*allagöturhjá*). Spyrja má hvort liðurinn *alla götu* hafi verið illa séður af einhverjum. Eggert Ólafsson virðist hafa amast við framburðinum *alla gutu* og hann var kannski ekki einn um það. Því má velta fyrir sér hvort einhver menntamaðurinn hafi verið orðinn þreyttur á því sem hann taldi ambögu og einfaldlega stungið upp á öðru

[15] Í dæminu sjálfu á seðlinum stendur reyndar *alla-guturhia*.

[16] Þýðing mín: ‘*alla gutu*. Iðulega notað sem atviksorð, svo borið fram í stað *alla götu*, *alla … leið*, eins og: *far þú alla gutu þangað, rek þú hnífinn í tréð alla götu upp að skafti*.’

[17] Þýðing mín: ‘*alla götu*, er almennt borið fram *alla gutu*; *hjá, apud* [‘við’], *prope* [‘nærri’], *juxta* [‘upp við’].’

orði sem gæti komið í stað þessa atviksliðar.[18] *Vegur* og *gata* eru sömu merkingar svo að síðari liðurinn *-veg* er nærtækur. *Allan veg* hefði legið beint við. En *al-* er alþekktur fyrri liður og *alveg* stutt og laggott.[19] Orðið *alveg* kann þó auðvitað að hafa verið smíðað án þess að um einhvers konar andóf gegn *allagutu* hafi verið að ræða. Sömu merkingar og *alveg* var tökuorðið *aldeilis* og nýsmíðin var e.t.v. til höfuðs því orði.[20]

Í áðurnefndri grein veltir Meulengracht Sørensen (1977:251) fyrir sér uppruna *alveg*. Fyrst nefnir hann fyrrgreind merkingartengsl við *alla vega* og sýnir eitt dæmi þar sem hann álítur *alveg* greinilega samsvara *alla vega* merkingarlega:

(8) svo að segja allir eða **alveg** yngri menn tíndu þeir [*fejl for* þá, ɔ: *mislinga*?] upp (*Norðanfari* 1883:98)

Dæmið er reyndar engan veginn greinilegt. Í setningunni eru augljóslega einhver mistök og þau eru ekki á þeim stað sem Meulengracht Sørensen telur. Gerandinn í setningunni eru mislingarnir; þarna hefur átt að standa *svo að segja alla eða alveg yngri menn tíndu þeir [mislingarnir] upp*.[21] Notkun *alveg* er hér því frekar dæmigerð, sjúkdómurinn nær til svo að segja allra og alveg allra yngri manna.

---

[18] Rétt er að taka fram að *alla götu* (ásamt tilbrigðum) samsvarar ekki *alveg* í öllum tilvikum. Að minnsta kosti hafa engin dæmi á borð við **þetta er allagutu horfið* 'þetta er alveg horfið' fundist við þessa athugun; liðurinn virðist einkum hafa verið bundinn við tíma (sbr. *allar götur síðan*) eða rúm (*alla götu hjá bænum* 'alveg hjá bænum'). Sum elstu dæmin um *alveg* snúast hvorki um tíma né rúm (sjá t.d. dæmin í (1) og (2)). En meðal elstu dæma eru líka dæmi sem vísa til tíma (sjá (3)) og rúms (sjá (4a)). *Alla götu* og *alveg* skarast að minnsta kosti og hugsanlega nægði sú skörun til þess að *alveg* yrði tekið upp í víðara samhengi en *alla götu*. – Raunar eru til dæmi um *alla götu* sem hvorki vísa til tíma né rúms heldur háttar. Þess konar dæmi úr fornu máli mátti sjá í (ivb) og slíkt má einnig finna frá síðari tímum:

(v) Vèr gjörum ráð fyrir, að lesendur vorir hafi sèð fyrir laungu, að þessi skipan fer **alla götu** lengra en ráðherrabrèfið. (Jón Sigurðsson 1858:73)

Þarna virðist *alla götu* helst samsvara 'á allan hátt'. En *alveg* kæmi þó varla til greina í staðinn.

[19] Ýmis orð voru vissulega til í þessari merkingu, s.s. *algerlega*, *gersamlega* og *öldungis*, en ekkert tvíkvætt. Slíkt orð kynni að hafa komið skáldum að góðum notum.

[20] Sbr. Meulengracht Sørensen (1977:252): „Måske er behovet for det nye ord opstået i takt med, at låneordet *aldeilis* blev trængt tilbage." Hann telur samt sem áður að *alveg* sé upprunnið í talmáli og nefnir ekki þann möguleika að það sé búið til vísvitandi.

[21] Þetta orðalag, að sjúkdómur „tíni upp" sjúklinga, má sjá í eftirfarandi dæmi frá upphafi 20. aldar:
(vi) *Mislingarnir* hafa nú þegar **tínt upp** allflest heimili hér í kaupstaðnum [Ísafirði], og mega því teljast í rénun (*Þjóðviljinn* 1904:130).

Þrátt fyrir þessa meintu merkingarsamsvörun *alla vega* og *alveg* telur Meulengracht Sørensen (1977:252) *alla vega* ekki hafa haft bein áhrif á tilurð *alveg*; það fyrrnefnda hafi sem sé ekki þróast yfir í *alveg* þótt það kunni að hafa þjónað sem ákveðin fyrirmynd með sína tvo merkingarlega sambærilegu liði. Honum þykir vænlegra að líta til orðsins *alvegis* sem eitt dæmi er til um frá þessum tíma í ROH, í bréfi Álfheiðar Jónsdóttur (1794–) frá 1821:

(9) einhverjum hefir hann sagt […] að hann mundi verða feginn að fá hana Sigríði, þó hún væri ólétt, sem hann hafði **alvegis** haldið. (*Konur skrifa bréf* 1961:61)

Þarna er Álfheiður að segja frá vonbiðli Sigríðar systur sinnar en hún hafði orðið ólétt eftir vinnumann á bænum. Þegar bréfið er lesið er nokkuð ljóst að Álfheiður notar *alvegis* ekki í sömu merkingu og *alveg*; þarna hlýtur að vera á ferðinni merkingin 'hálfpartinn' (vonbiðillinn hafði grun um, hélt hálfpartinn, að Sigríður væri ólétt en vildi þó eignast hana). Það væri frekar undarlegt að tala um að einhver haldi eitthvað alveg; sú merking væri væntanlega tjáð með öðru orðalagi, á borð við *vera viss um*. Hugsanlegt er að Álfheiður hafi haft í huga orðið *hálfvegis* (sem var til í málinu á þessum tíma) og henni hafi hér orðið á pennaglöp. Það er því ekki mikið á þessu dæmi í bréfi Álfheiðar að byggja.[22] Meulengracht Sørensen (1977:252) segir *alvegis* kunna að hafa verið leitt af *alveg*. En hann telur þó líklegra að það hafi orðið til sjálfstætt; bæði orðin séu sjálfsprottnar nýmyndanir úr *al-* og *-veg* og hafi komið upp um svipað leyti.[23]

Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:13) telur að *alveg* kunni að vera nýmyndun úr *á allan veg* „eða því um líku". Þetta er áþekkt áðurnefndri hugmynd um efniviðinn *alla vega* og e.t.v. hafði Ásgeir þann lið líka í huga þótt hann segi það ekki beinlínis. Hann nefnir svipaðar orðmyndir í grannmálunum, nýnorsku *allveg*, lágþýsku *allwege* og ensku *alway(s)* en segir þær allar hafa tíðarmerkingu ('alltaf') og þær séu því vísast ekki í neinum beinum tengslum við íslenska orðið *alveg*. Ásgeir

[22] Í ROH er reyndar eitt annað dæmi um *alvegis*. En það er mun yngra (frá 1918) og merkingin þar er greinilega 'alveg, algerlega'. Orðið kallast þar á við *hálfvegis*:

(vii) Það stoðar ekki að standa skjálfandi á beinunum frammi fyrir hálfvegis eða **alvegis** úreltri málvenju.

[23] Ef *alvegis* á sér rætur í pennaglöpum, eins og hér er giskað á, kunna þau mistök að tengjast því að Álfheiður hafði heyrt orðið *alveg* en það hafi þó ekki verið henni tamt.

nefnir ekki færeyska orðið *alvegis*, sem getur haft sömu merkingu og *alveg* í íslensku hefur oftast, þ.e. 'algerlega' (sbr. Sprotin.fo). Tilvist áþekkra orða með sömu merkingu í tveim náskyldum málum gæti bent til skyldleika. En fyrst engar gamlar heimildir eru til um *alveg* er ekkert á þessu að byggja. Færeyska *alvegis* gæti verið nýmyndun, rétt eins *alveg* var að öllum líkindum.

2.3 Útbreiðslan

Hér að framan var velt upp þeim möguleika að *alveg* hefði verið nýjung ættuð úr stétt menntamanna. Ekki hafa það þó verið Bessastaðamenn sem bjuggu orðið til, dæmið í Stellurímum Sigurðar Péturssonar er eldra. Hugsanlega var Sigurður höfundur orðsins og það síðan komist hratt á flug, annaðhvort með rímunum (sem urðu vinsælar, sbr. Halldór J. Jónsson 1949:90) eða þá í gegnum tengsl Sigurðar við menntamenn á hans tíma.[24] Nefna má að Sigurður var mikill vinur Geirs biskups Vídalíns (1761–1823) og bjó á heimili hans og konu hans síðasta aldarfjórðunginn sem hann lifði (Steingrímur J. Þorsteinsson 1943:22).[25] Geir var svo aftur einn þeirra sem komu að þýðingu Viðeyjarbiblíu 1841 og tengdist m.a. þannig mörgum Bessastaðamönnum svo að boðleiðir hér hafa verið stuttar.

Samkvæmt Meulengracht Sørensen (1977:250) breiddist *alveg* hratt út í ritmálinu á 6. og 7. áratug 19. aldar. Þetta byggir hann á vaxandi fjölda dæma í ROH frá þessum tíma.[26] Þessi hraða þróun bendi annars

[24] Í öðru leikriti Sigurðar Péturssonar, gamanleiknum Narfa, kemur fram greinilegur málhreinsunaráróður (Steingrímur J. Þorsteinsson 1943:29). Það er því ef til vill ekki mjög langsótt að giska á að Sigurður kunni að hafa búið til orð sem gat komið í stað tökuorðsins *aldeilis*.

[25] Sigurður og Geir kynntust á háskólaárum sínum í Kaupmannahöfn og urðu þá þegar miklir mátar. Sigurður hafði þá dvalist alllengi í Danmörku (frá 15 ára aldri) og Geir mun bæði hafa kennt honum íslensku (á nýjan leik) og að yrkja (Árni Helgason 1947:164).

[26] Ýmislegt bendir til þess að þetta sé rétt. Í elstu íslensku nútímaskáldsögunum, Pilti og stúlku og Manni og konu Jóns Thoroddsen (1818/1819–1868) frá 1850 og 1876, eru engin dæmi um *alveg* (*Orðstöðulyklar*). Í þriðju elstu íslensku skáldsögunni, Aðalsteini eftir Pál Sigurðsson (1839–1887) sem kom út 1877, eru á hinn bóginn níu dæmi um *alveg*. Þau atviksorð og -liðir sem Jón Thoroddsen notar helst í merkingunni 'alveg' eru *öldungis* (átta sinnum) og *með öllu* (17 sinnum). Páll notar þetta hvort tveggja líka, *öldungis* reyndar oftar en *alveg*, eða 16 sinnum, og *með öllu* fimm sinnum. (Önnur orð sömu merkingar nota þessir höfundar minna. Jón notar *algjörlega* þrisvar, *gjörsamlega* tvisvar og *fullkomlega* einu sinni; Páll notar *fullkomlega* tvisvar.) Séu tölur um *alveg* á vefnum Tímarit.is skoðaðar sést greinilega að tíðni orðsins snareykst á áratugunum eftir 1850; frá 1840–1849 eru níu dæmi (það elsta

vegar til þess að orðið hafi þá þegar verið vel þekkt í talmáli (sem er þó óvíst, sbr. að framan) og hins vegar til öflugs útbreiðslukjarna („et meget aktivt spredningscentrum“). Í því samhengi nefnir hann Bessastaðaskóla (stofnaður 1805); í heimavistarumhverfinu þar hafi ný orð auðveldlega náð fótfestu og komist svo í ritmálið. Hér að framan hefur verið minnst á Bessastaðamenn, og þá var átt við kennarana. Vitað er að kennarar við skólann höfðu mikil áhrif á málnotkun nemenda sinna (sjá t.d. Öldu Bryndísi Möller 2014:70–71 og víðar). Hafi einhverjir kennarar á Bessastöðum hreinlega lagt að nemendum sínum að nota *alveg* (í stað t.d. *aldeilis* og *allagutu*), eða gengið á undan með fordæmi, getur það varpað ljósi á hina hröðu útbreiðslu. Nýjungar „að ofan“ virðast eiga greiðari leið um málsamfélög en þær sem eiga sér rætur neðar í samfélagsstiganum (sjálfsprottnar breytingar) og andstaða í efsta laginu getur stöðvað framgang nýjunga sem verða til neðar (sjá umræðu hjá Katrínu Axelsdóttur 2014:44–45 og rit sem þar er vísað til). Samkvæmt þessu ættu nýjungar sem bryddað er upp á í efsta laginu að breiðast hraðar út en aðrar. Hin hraða útbreiðsla *alveg* bendir því ef til vill frekar til kennaranna á Bessastöðum en nemendanna.

2.4 Samantekt

Hér hefur verið greint frá því helsta í athugunum Meulengracht Sørensen (1977) á aldri, uppruna og útbreiðslu *alveg*. Lagt var mat á hugmyndir hans eftir föngum og sums staðar stungið upp á öðrum skýringum og túlkunum á efniviðnum. Í stuttu máli eru meginniðurstöður hans þær að orðið sé ungt (frá um 1800), það sé upprunnið í talmáli og hafi þaðan breiðst hratt út frá því um miðja 19. öld. Hér er tekið undir mat hans á aldri og hraðri útbreiðslu. Hins vegar er settur fyrirvari um að upprunans sé að leita í talmáli – orðið kunni allt eins að hafa verið búið til vísvitandi af menntamanni eða -mönnum (e.t.v. sem andóf gegn *allagutu* og sem hentugur kostur í stað tökuorðsins *aldeilis*) og notkun þeirra geti skýrt hina hröðu útbreiðslu. Ekkert hér er þó hægt að sanna eða styðja fulltraustum rökum, til þess eru heimildir um orðið framan af of rýrar.

er frá 1846), frá 1850–1859 eru þau 225 og frá 1860–1869 eru 719 dæmi. Þetta er mikil aukning, jafnvel þótt litið sé til þess að textamagnið aukist vissulega líka mikið milli þessara áratuga. Til samanburðar má nefna að tölur um *öldungis* frá sömu þremur áratugunum eru 81, 161 og 164. Strax á 6. áratugnum hefur *alveg* því skotist fram úr *öldungis*. Um hlutfallslega tíðni *alveg* og nokkurra samheita á 19. öld verður rætt nánar í 4. kafla.

3 Merking og hlutverk *alveg*

3.1 Inngangur

Í þessum kafla verður sjónum beint að því hvernig orðið *alveg* er og hefur verið notað. Byrjað er á umfjöllun um atviksorðið *alveg*, en þannig er orðið greint í orðabókum. Næst verða skoðuð dæmi um það í stöðu lýsingarorðs, þá sem orðræðuagnar og loks verður litið á ýmis eldri dæmi þar sem *alveg* væri varla notað nú.

3.2 *Alveg* sem atviksorð

Í orðabókum er *alveg* greint sem atviksorð. Hér má sjá hvað segir um merkingu þess í tveim helstu orðabókunum um nútímamál, *Íslenskri orðabók* 2002 (ÍO) og veforðabókinni *Íslenskri nútímamálsorðabók* (ÍN) ásamt notkunardæmum:

(10) **Íslensk orðabók**
• fullkomlega, algerlega, öldungis, til fulls
ekki alveg ekki fullkomlega, alls ekki
ég kem alveg þ.e. strax
hættu nú alveg þ.e. með öllu (oft um að nú sé nóg komið eða að nú sé náð hástigi frásagnar)

(11) **Íslensk nútímamálsorðabók**
1 fullkomlega, algerlega
DÆMI: *ég var alveg búin að gleyma fundinum*
DÆMI: *hann skildi þetta ekki alveg*
2 til áherslu
DÆMI: *veðrið var alveg kolvitlaust*
DÆMI: *hún er alveg frábær vinkona*
3 nærri því, nálægt því
DÆMI: *ég var alveg að sofna*

Upplýsingarnar í þessum heimildum eru áþekkar, þarna er talað um atviksorð og merkingin er 'fullkomlega', 'algerlega' eða því um líkt.[27]

[27] Atviksorð þessarar merkingar teljast til undirflokks sem hefur verið nefndur **áhersluatviksorð** eða **stigsatviksorð** (e. *degree adverb*), sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2005:57, 125. Önnur orð í þeim flokki eru t.d. *mjög*, *ennþá*, *næstum* og *ótrúlega*.

Dæmin í ÍO samsvara þessari merkingu líka öll, annað dæmið, *ég kem alveg*, er væntanlega stytting úr *ég kem alveg strax* eða *ég kem alveg rétt bráðum*. ÍN er með flettu í þremur liðum, annar liðurinn, „til áherslu“, er í raun merkingarlega sá sami og fyrsti liðurinn, ‘fullkomlega’, ‘algerlega’, þótt hér herði *alveg* á merkingu lýsingarorða. Það sama gildir kannski ekki um þriðja liðinn, ‘nærri því, nálægt því’, en þar er *alveg* notað með *vera* og sögn í nafnhætti um það sem er í þann mund að gerast. Þarna er ekki sama hástig og í fyrri liðunum tveim heldur nálgun. En það má þó hugsa sér að dæmi á borð við *ég var alveg að sofna* séu upprunnin í segðum eins og *ég var alveg <u>við það</u> að sofna* og þar hefur *alveg* hina hefðbundnu merkingu.

Ýmis fleiri merkingartilbrigði atviksorðsins *alveg* eru þó sannarlega til þótt ekki hafi þau komist í orðabækur. Hér á eftir verða sýnd nokkur dæmi þar sem hæpið væri að segja að *alveg* samsvaraði merkingunni ‘fullkomlega’, ‘algerlega’. Þau eru flest nýleg, aðallega fengin úr grunnunum Íslensku unglingamáli (ÍU), Íslenska talmálsbankanum (ÍSTAL) og Risamálheildinni 2022 (RMH) en nokkur eru eldri, eða úr ROH.

Fyrst eru dæmi um *alveg* í merkingu sem virðist helst samsvara atviksorðunum *talsvert* eða *nokkuð*:

(12) a. svo þekki ég **alveg** marga sem eru fullorðnir sem hlusta á þetta (ÍU)

b. svo fer ég líka **alveg** oft í Bústaði félagsmiðstöðina okkar (ÍU)

Þarna fara á eftir **magnorðið** (e. *quantifier*) *margir* og atviksorðið *oft* sem vísar líka til fjölda.[28] Þessi aukamerking er vafalaust sprottin af aðalmerkingu orðsins, þ.e. ‘algerlega’. En þarna væri ekki hægt að setja *algerlega* eða *fullkomlega* í staðinn án þess að setningarnar yrðu ankannalegar. Svolítið svipað dæmi má sjá í (13), með magnorðinu *nokkur*. Þar væri hins vegar ekki hægt að skipta *alveg* út fyrir *talsvert* þótt það sé kannski merkingin:

[28] Atviksorð hafa mismunandi **svið** (e. *scope*, sbr. t.d. Höskuld Þráinsson 2005:132–133), þ.e. sum geta átt við setningar í heild, önnur við einstaka liði innan hennar. Stundum getur verið erfitt að skera úr um við hvaða lið atviksorð á. Það mætti t.d. ímynda sér að *alveg* í (12) tengdist frekar sögnunum en orðunum *margir* og *oft*. En *alveg* í þessari merkingu kemur stundum fyrir í setningum með sögninni *vera* sem er jafnan heldur merkingarsnauð, sbr. þetta dæmi í RMH (Bland.is 2008): *Ég held að það sé **alveg** margt í því sem þú segir*.

(13) Maður fékk sér til dæmis **alveg** nokkra kalda fyrir flug (RMH; Fréttablaðið.is 2018)

Hér er reyndar spurning hvaða orð það er sem *alveg* er notað til að hnykkja á. Það þarf ekki að vera *nokkur* því að *fá sér* kemur líka til greina. Merking *alveg* væri þá svipuð og ‘auðveldlega’, ‘hæglega’ (sbr. umræðu við dæmi (16) hér á eftir).

Í (14) má sjá dæmi þess að *alveg* samsvari helst atviksorðinu *mjög*:

(14) Mér finnst **alveg** sorglegt þegar að fólk sýnir ekki áhuga á börnunum sínum (RMH; Bland.is 2003)

Dæmi um að *alveg* hafi áþekka merkingu og *mjög* eru ekki alveg ný af nálinni, sbr. eftirfarandi dæmi í ROH:

(15) a. Þá við komum inn hjá Víðihólum […] tók **alveg** að þykkna askan og vikurinn. (1876)

b. Sætkenndur var smalinn stjarna þá, / Segjum heldur **alveg** fullur var hann. (19s20f)[29]

c. tíminn var **alveg** takmarkaður og ástæður slæmar heima. (1969–1970)

Hugsanlega er hér ekki um að ræða merkinguna ‘mjög’ heldur merkinguna ‘talsvert’, ‘nokkuð’ sem sjá mátti í (12). En þau dæmi virðast vera svolítið öðruvísi og einkum bundin við orð eins og *margir* og *oft*.

Í framhaldi af umræðu um *alveg* í merkingunni ‘talsvert’, ‘nokkuð’ er ástæða til að nefna hina mjög svo algengu samstæðu *alveg* og lýsingarorðið *ágætur* (s.s. *þetta er alveg ágætt*). Þar hefur *alveg* ekki merkinguna ‘algerlega’ heldur miklu frekar ‘talsvert’, ‘nokkuð’. En merking lýsingarorðsins *ágætur* hefur breyst með tímanum, áður merkti það ‘framúrskarandi’, ‘frábær’ (sbr. *ágætiseinkunn*) en núna er algengasta merkingin ‘þokkalegur’, ‘í góðu meðallagi’. Elstu dæmi um *alveg ágætt* á vefnum Tímarit.is merkja sum hver greinilega ‘al-

[29] Þetta er úr kvæðinu Rútur og Máni eftir Steingrím Thorsteinsson (1831–1913). Í því er máninn („smali stjarna“) persónugerður sem drykkjumaður (Steingrímur Thorsteinsson 1924:240–241). *Fullur* getur þarna merkt ‘drukkinn’. En orðið er tvírætt í þessu samhengi og getur jafnframt vísað til þess að tunglið sé fullt. Ef sú merking er lögð í orðið hefur *alveg* hefðbundna merkingu, ‘algerlega’.

gerlega frábær'.[30] Hér er því dæmi um orð sem hefur fengið nýja merkingu og orðið sem oft er notað til að herða á því, *alveg*, hefur líklega þróast samhliða.

Í (16) er dæmi sem er dálítið erfitt að greina. Þarna er sögnin *geta* en mörg dæmi áþekk þessu eru til:

(16) þú getur **alveg** keypt þér síma á tuttugu þúsund (ÍSTAL)[31]

Það er eins og samhengið kalli fram merkinguna 'vel', 'auðveldlega' eða 'hæglega', frekar en 'algerlega' þótt sú merking sé vissulega nálæg. Í þessu dæmi virðist hvorki sérstök áhersla á *getur* né *alveg*, en um hlutverk mismunandi setningaráherslu verður rætt nánar í 3.4.1.

Í (17) má sjá *alveg* í návígi við orð sem tilgreina mælingu:

(17) a. þau drekka oftast **alveg** hálfan bolla. (RMH; Bland.is 2004)

b. Hef líka **alveg** tíu daga til að læra undir prófið (RMH; Bland.is 2006)

c. Þetta er vægast sagt stórsýning því að við erum með **alveg** hundrað manns á sviði. (RMH; Vísir.is 2018)

Hér merkir *alveg* 'að minnsta kosti'. Þessi merking fer nálægt þriðja lið í ÍN, sjá (11), sem er 'nærri því', 'nálægt því'. En í (17) er samt örlítið annað á ferðinni, þetta er vissulega nálægt uppgefinni tölu en fer þó varla niður fyrir hana.

Alveg er stundum notað til að herða á atviksorðinu *núna*:

(18) jájájájá, ég var að hugsa um myndina núna **alveg** (ÍSTAL)

Hér er *alveg* á eftir *núna* en líklega er algengara að það fari á undan: *ég er að hugsa um þetta alveg núna*. Helstu samheiti *alveg* (s.s. *algerlega* og *gersamlega*) eru varla notuð á þennan hátt með *núna*. En til að tjá þessa merkingu eru oft notuð atviksorðin *nákvæmlega* og *akkúrat*: *ég er að hugsa um þetta akkúrat núna*. Það má því gera ráð fyrir að *alveg* geti haft merkinguna 'nákvæmlega'.

[30] Dæmi um þetta má sjá í (viii) en það er í lýsingu á fimleikasýningu á móti UMFÍ:

(viii) Stökkin tókust mjög vel, hring- og hástökkin mun betur en síðast, og flugstökkið var gott hjá flestum, en **alveg ágætt** hjá sumum þeirra, og var unun að sjá það. (*Vísir* 1914:4)

[31] Upptakan hefur númerið 02-310-06 í gögnum ÍSTAL og setningin heyrist í kringum 17:50.

Stundum kemur *alveg* fyrir eitt og sér, þ.e. án meðfylgjandi lýsingarorðs eins og vænta mætti. Það stendur þá fyrir sjálft sig (í merkingunni 'algerlega') en einnig fyrir eitthvert ósagt lýsingarorð. Um þetta má sjá talmálsdæmi í (19):[32]

(19) [afgreiðslustúlkan] fer fram fyrir og fer að tala við hann [drenginn] og þú veist tínir upp með honum blýantana og gefur honum einn sko og setur þá aftur upp á og eitthvað og Hrund var bara **alveg** (.) hún sagði *ef þetta hefði verið í Þýskalandi þá hefði ég verið látin borga blýantana og rekin út með skömm* þú veist ((hlær)) hún var **alveg** bara (ÍSTAL)

Þetta er lýsing á atviki í bókaverslun í Reykjavík og samræðum um það síðar milli mælandans og konu sem hér er kölluð Hrund. Ungur sonur Hrundar hafði misst blýantaöskju á gólfið en var ekki atyrtur. Mæðginin virðast vera búsett í Þýskalandi og er Hrund undrandi á elskusemi afgreiðslustúlkunnar, hún var líklega *alveg [gáttuð/hissa/orðlaus …].*

3.3 *Alveg* sem lýsingarorð

Eins og áður segir er *alveg* greint sem atviksorð í orðabókum. En ýmis dæmi má finna um orðið í stöðu lýsingarorðs.[33] Í eftirfarandi dæmum mætti hæglega nota lýsingarorðið *alger* í staðinn:

(20) a. **Alveg logn**, ekki of heitt og blautur völlur. (RMH; Twitter 2011)

b. Þessi börn eru **alveg met**:) (RMH; Bland.is 2005)

c. já **alveg geðveiki** sko (ÍSTAL)

Mun algengara er að nota lýsingarorðið *alger* en *alveg* í stöðu lýsingarorðs og væntanlega eru til nafnorð sem taka sjaldan eða aldrei

[32] Punktur innan sviga merkir stutta þögn. Hér er textinn skrifaður upp eins og í skrám ÍSTAL í Íslensku textasafni (þar hefur t.d. nöfnum verið breytt frá því sem er í upptökunum). Í (19) eru þó til glöggvunar settar inn viðbætur innan hornklofa, beina tilvitnunin skáletruð og orðið *alveg* feitletrað. Upptakan er númer 06-220-02 í gögnum ÍSTAL og brotið hefst í kringum 1:56:57.

[33] Rétt er að nefna að Aðalsteinn Eyþórsson (2015) hefur bent á að *alveg* geti staðið með nafnorði til að herða á merkingu þess (dæmið sem hann gefur er *það er alveg synd*). En hann talar þó aðeins um að það sé atviksorð.

með sér lýsingarorðið *alveg*. En *alveg* kemur þó nokkuð oft fyrir með orðunum *hryllingur*, *logn*, *met* og *óþarfi*, svo að nokkur dæmi séu tekin.

Þessi lýsingarorðsnotkun *alveg* er svipuð og dæmi eru um í sambandi við atviksorðin *svona*, *þannig* og *fyrrum*: *svona karlar*, *þannig matur*, *fyrrum forseti* o.s.frv.[34] Bæði í ÍO og ÍN kemur meira að segja fram að *svona* og *þannig* geti verið lýsingarorð. Í ÍO er ekkert sagt um lýsingarorðið *fyrrum* en í ÍN er orðið greint sem ao./lo.[35]

Ekki er notkun *alveg* í stöðu lýsingarorðs alveg ný af nálinni. Í ROH er þetta dæmi sem er frá miðri 19. öld (Skúli Gíslason 1947:75):

(21) Menn þessir voru sumir strokmenn úr sveit, en sumir **alveg fjallamenn**.

Um *alveg* eru 88 seðlar í ROH og þetta er eina dæmið þar sem hægt er að greina orðið sem lýsingarorð. Skúli Gíslason var uppi 1825–1888. Hann var því ungur maður þegar *alveg* fór fyrst að láta að sér kveða í málinu (sbr. 2.1 og 2.3). Hugsanlega var alltaf hægt að nota *alveg* sem lýsingarorð þótt ekki væri það algengt. En ef til vill var Skúla orðið einfaldlega ekki almennilega tamt þótt hann hefði heyrt það.

Hjá Þórbergi Þórðarsyni (1888–1974) er að finna áþekkt dæmi og hjá Skúla Gíslasyni en þetta eiga að vera orð Árna prófasts Þórarinssonar (1886–1934):

(22) Hugsaðu þér, vinur, hvað íslenzkir prestar eru trúlausir, í raun og veru **alveg heiðingjar**. (Þórbergur Þórðarson 1977:397)

Í öllum þeim dæmum sem fram að þessu hafa verið tilgreind um *alveg* í stöðu lýsingarorðs væri hægt að nota lýsingarorðið *alger* í staðinn: *algert logn*, *algert met*, *algerir fjallamenn*, *algerir heiðingjar*. En svo eru til önnur dæmi um *alveg* næst á undan nafnorði þar sem væntanlega væri hæpið að setja *alger* í staðinn:

(23) a. En það er **alveg spurning** hvort það verður hægt að halda svona göngu (RMH; RÚV.is 2020)

b. Strákar eru líka búnir að senda mér skilaboð og segja að þeir vilji líka svona námskeið – það er **alveg pæling**. (RMH; Fréttablaðið.is 2018)

[34] Um *fyrrum* og *svona* í stöðu lýsingarorðs, sjá Höskuld Þráinsson 1981.

[35] Notkun *fyrrum* í stöðu lýsingarorðs hefur verið gagnrýnd, sbr. t.d. Árna Böðvarsson 1992:152 og *Málfarsbankann*.

c. ég held við eigum **alveg helling** af þessum perum (ÍSTAL)

Það væri líklega óvenjulegt að tala um *algera spurningu*, *algera pælingu* eða *algeran helling* í samhenginu í (23). Kannski má hugsa sér að strengir eins og *alveg spurning* og *alveg pæling* hafi upphaflega orðið til við styttingar, e.t.v. úr *alveg <gild/réttmæt …> spurning/pæling*. Í lengri strengjunum væri *alveg* notað til að herða á merkingu lýsingarorðsins á eftir og ekkert óvenjulegt við þá notkun.[36] Þriðja tilvikið, *alveg hellingur*, á sér e.t.v. sambærilegan uppruna, *alveg heill hellingur*.

3.4 *Alveg* sem orðræðuögn

Hugtakið **orðræðuögn** (e. *discourse particle*) vísar til eins konar „auka-orða“ í talmáli. Þessi orð bera ekki eiginlega merkingu í sjálfum sér (þeim mætti yfirleitt sleppa án þess að merking breyttist) og oft er talað um að þau hafi hlutverk frekar en merkingu. Sem dæmi um orðræðuagnir má nefna *bara*, *erþakki*, *ha*, *hérna*, *nú*, *sko*, *þarna* og *þúst*. Orð sem oft hafa verið kölluð hikorð (s.s. *sko*, *hérna*, *þarna*) tilheyra hópi orðræðuagna en ekki eru þó allar orðræðuagnir hikorð. Orðin geta haft það hlutverk að stjórna samtali (þátttakendur nota þau þá sem nokkurs konar umferðarmerki í spjallinu) en þau geta líka látið í ljós afstöðu mælandans (í *þarna voru* ***hvað*** *tíu manns* er *hvað* ekki spurnar-orð heldur orðræðuögn sem tjáir fyrirvara mælandans um að hann fari e.t.v. ekki alveg rétt með fjöldann). Oft eru orðræðuagnir upphaflega atviksorð, sagnir eða orðasambönd, stundum hljóðfræðilega veikluð (s.s. *þú veist* > *þúst*). Ef orðræðuögn á sér uppruna í atviksorði er hún iðulega greind sem slíkt í orðabókum.[37]

Hér á eftir verður rætt um dæmi þar sem *alveg* gegnir (eða kann að gegna) hlutverki orðræðuagnar. Fyrst er rætt um *alveg* sem dempun í tengslum við einhvers konar andmæli, þá um *alveg* sem merki beinnar ræðu og loks um *alveg* sem einhvers konar hikorð.

[36] Reyndar er hugsanlegt að *alveg* í dæmum (23a,b) gegni ekki hlutverki lýsingarorðs heldur orðræðuagnar, sbr. umfjöllun í 3.4.1 hér á eftir.

[37] Um orðræðuagnir, í íslensku og almennt, sjá t.d. Helgu Hilmisdóttur 2007, 2019–2020 og Þóru Björk Hjartardóttur 2011, 2020 og rit sem þær vísa til. Í skrifum þeirra er að finna miklu ítarlegri umfjöllun um fyrirbærið en hér er rými til.

3.4.1 *Alveg* sem dempun

Í þessu tilbúna dæmi mætti sleppa *alveg* án þess að merking setningarinnar raskaðist:

(24) Hann hefur **alveg** kosið VG **en** hann myndi nú seint kalla sig vinstrimann

Alveg hefur samt ákveðið hlutverk. Það stendur hér sem eins konar dempun sem tengist einhvers konar andmælum síðar í segðinni en þau markast af tengingunni *en*. Það er því í nágrenninu eitthvert samhengi, einhver andmæli, sem standa í sambandi við þetta *alveg*.[38] Í stað *alveg* mætti væntanlega nota *svo sem* (*sosum*) sem myndi líka teljast vera orðræðuögn.

Setningarnar í (25) eru allar brot úr spjalli nokkurra ungmenna um fréttaneyslu.

(25) [Ófeigur:] ég fer nú **alveg** inn á Mbl (ÍU)
[Sif:] ég hlusta líka **alveg** ef það er á (ÍU)
[Þórarinn:] ef það er í útvarpinu þá hlusta ég **alveg** (ÍU)

Þarna koma andmælin (þetta 'en') ekki fram í talinu. En þau liggja í loftinu ef svo má segja, ungmennin höfðu fyrr í samtalinu nefnt að þau fylgdust lítið með fréttum. Hlutverk *alveg* er hér eins og áðan sambærilegt við *svo sem* (*sosum*).

Mismunandi setningaráhersla getur væntanlega greint að merkingu, þ.e. á milli atviksorðsins *alveg* og dempunaragnarinnar *alveg*:

(26) a. Þú getur **ALVEG** farið í bíó (ég skal passa krakkana fyrir þig)
b. Þú GETUR **alveg** farið í bíó (þótt það sé mikið að gera hjá þér)

Fyrri hlutar þessara tveggja tilbúnu málsgreina, það sem er fyrir framan svigana, hafa að geyma sömu orðin, *þú getur alveg farið í bíó*. Í (26a) er *alveg* atviksorð sem ber sterka setningaráherslu (merking *alveg* væri hér 'vel', 'hæglega' eða 'auðveldlega' frekar en 'algerlega',

[38] Dæmi um þetta hlutverk *alveg* eru sýnd í ÍN en þau voru sett þar inn eftir ábendingu frá greinarhöfundi haustið 2023. Þar er hlutverkinu lýst svo: „sem orðræðuögn með staðhæfingu, oft í andsvari eða mildum andmælum".

sbr. umræðu við dæmi (16) í 3.2). Í (26b) er hins vegar um að ræða dempunarögnina *alveg*, sem væri í þessu tilviki borin fram í líkingu við [alə], og andmælin markast af tengingunni *þótt*. Sögnin *geta* ber hér sterka setningaráherslu.

Það dempunarhlutverk *alveg* sem hér hefur verið lýst á hugsanlega rætur að rekja til enskra áhrifa. Setningu á borð við *ég hlusta **alveg** á útvarp EN ég geri það samt sjaldan* mætti að minnsta kosti þýða sem *I **totally** listen to the radio, BUT very rarely*.

3.4.2 *Alveg* sem merki um beina ræðu

Nokkur atviksorð geta markað upphaf beinnar ræðu í tali og eru þá orðræðuagnir (sjá Kolbrúnu Ýri Bjarnadóttur 2009 sem fjallar um orðræðuagnir og beina ræðu). *Alveg* er í þessum hópi eins og hér má sjá dæmi um úr ÍSTAL en umræðuefnið er jarðskjálfti:[39]

(27) B: mamma var **alveg**
A: ((hlær))
B: ((breytir rödd)) þið eruð svo utan við ykkur að þið getið ekki einu sinni fundið jarðskjálfta

Hér vitnar B orðrétt í móður sína en notar *alveg* til að merkja upphaf beinu ræðunnar. Til að merkja beina ræðu eru stundum notaðar fleiri en ein orðræðuögn:

(28) já og þegar þú sagðir bíl… bílslys áðan ég **alveg svona** „aaa“ og svo **svona** „jú ókei þetta gæti alveg verið“ (ÍU)

Stúlkan sem þarna talar merkir beinu ræðuna (sem er reyndar hennar eigin hugsanir) með *alveg svona*. Rétt á eftir kemur önnur tilvitnuð hugsun og þá notar hún *svona* eingöngu.

3.4.3 *Alveg* sem hikorð?

Í dæmunum um atviksorðið *alveg* í 3.2 hafði orðið ýmist merkinguna ‘algerlega’ eða merkingu sem var ekki svo ýkja fjarri þeirri merkingu. Merking *alveg* í dæmunum í (29) virðist hins vegar harla langt frá ‘algerlega’ því að þarna kemur orðið *frekar* sem dregur úr:

[39] Upptakan hefur númerið 06-107-03 í gögnum ÍSTAL og brotið hefst í kringum 10:56.

(29) a. mér finnst **alveg** frekar slæmt að þúst félagslífið hérna er ekki mjög gott sko (ÍU)

b. Okei **alveg** frekar glatað að lenda í einangrun 22. des. (RMH; Twitter 2021)

c. ef vandamálin eru strax orðin svona eftir 3 mánuði virkar þetta **alveg** frekar vonlaust (RMH; Hugi.is 2009)

d. Ég gerði það líka um daginn, það var **alveg** frekar gaman. (RMH; Hugi.is 2009)

Hlutverkið sem *alveg* hefur í setningunum í (29) er kannski að vinna tíma, þetta væri þá svipað og þegar hikorðið (ögnin) *sko* er notuð þegar mælandinn veit ekki alveg hvað hann ætlar að segja næst. *Eiginlega* eða *satt að segja* gætu hugsanlega líka komið hér í stað *alveg*, en báðar þessar segðir hafa oft heldur rýra merkingu.

3.5 Eldri dæmi sem stinga í stúf við nútímamál

Eins og áður segir eru dæmin um orðið *alveg* í ROH (lok 18. aldar–20. öld) 88 talsins.

Langflest þeirra samsvara atviksorðinu *algerlega* að merkingu. Inn á milli er samt eitt og eitt dæmi sem flestum þætti væntanlega óvenjulegt í nútímanum (sbr. Aðalstein Eyþórsson 2015):

(30) a. Vér erum **alveg** ekkert annað en afskömtuð guðs öfl (1853)

b. í því liggur þó **alveg** eingin viðurkenning á hinu, að vér álítum það rétt að … (1859)

c. Drykkjuskapur meðal pilta er **alveg** enginn (1883)

d. Þar tengdi **alveg** ekki grand / hann, útlending við þjóð né land (19s20f)

Í öllum þessum dæmum kemur eitthvert neitunarorð á eftir *alveg*. Dæmi (30d) er í bundnu máli og ekki gott að giska á hvernig þetta væri orðað á nútímaíslensku. En í hinum þremur dæmunum myndu væntanlega flestir nota atviksmyndina *alls*: *alls engin viðurkenning*, *alls ekkert annað*, *alls enginn*. *Alls* getur haft merkinguna ‘algerlega’ og ef marka má dæmi ÍO kemur sú merking einkum fram í slagtogi við neitunarorð. Í (30) er því ekki um að ræða neina merkingarbreytingu miðað við nútímamál, það sem hér er á ferðinni er notkunarbreyting.

Fyrir utan *alveg* í návígi við neitunarorð má nefna þessi þrjú óvenjulegu dæmi:

(31) a. af sömu ástæðum og **alveg** íslenzk mál voru tekin frá strandaþingunum og lögð til alþingis (1869)

b. að alþing gjöri ákvarðanir um almenn ríkismál, eða um **alveg** dönsk mál (1869)

c. Það eru þessi **alveg** innlendu mál sem … (1879)

Hér yrði í nútímamáli væntanlega haft *alíslenskur*, *aldanskur* og *alinnlendur* í stað *alveg íslenskur/danskur/innlendur*. Aftur er hér um að ræða notkunarbreytingu en ekki eitthvert horfið inntak *alveg*.

3.6 Samantekt

Í kaflanum hefur verið litið á merkingu og hlutverk *alveg*. Í orðabókum er orðið jafnan flokkað sem atviksorð og það sagt merkja ‘algerlega’ eða ‘nærri því’. Þegar dæmi úr nútímamáli eru athuguð sést skýrt að merkingartilbrigði eru mun fleiri. Hér var eftirfarandi nefnt: ‘talsvert’, ‘mjög’, ‘vel, auðveldlega’, ‘að minnsta kosti’, ‘nákvæmlega’, og loks ‘algerlega’ ásamt merkingu ósagðs lýsingarorðs. Allt ræðst þetta af samhengi hverju sinni, það er auðvitað ekki alltaf hægt að nota *alveg* til að tjá merkinguna ‘mjög’ svo að dæmi sé nefnt. Sum tilbrigðin voru nokkuð auðgreinanleg, önnur síður. En allt er þetta sprottið af upphaflegri merkingu *alveg*, þ.e. ‘algerlega’ (sbr. 2.1 og 3.2), og hefur þróast í ýmsar áttir í ólíku samhengi. Í orðabókum eru ekki nefndir aðrir orðflokkar en atviksorð. En sýnt var fram á að *alveg* getur verið lýsingarorð (í merkingunni ‘alger’) og einnig það sem kallað hefur verið orðræðuögn. Sem slík ögn hefur *alveg* a.m.k. tvenns konar hlutverk: í tengslum við andmæli (og samsvarar þá nokkurn veginn *svo sem*) og sem merki um beina ræðu. Hugsanlega er *alveg* líka notað sem hikorð (þ.e. orðræðuögn sem mælandi notar til að vinna sér tíma). Tilgangurinn með þessari greiningu á merkingu og hlutverki er ekki að gagnrýna orðabókahöfunda heldur að sýna fram á margbreytileika orðsins. Sum tilbrigðin sem greina má eru að öllum líkindum sárasjaldgæf og eiga kannski lítið erindi í orðabækur þar sem skýrleiki þarf að vera í fyrirrúmi. Loks var litið á nokkur eldri dæmi um *alveg* sem ríma illa við nútímamál. Í staðinn væri nú notað atviksorðið *alls* eða forskeytið *al-*.

Það er reyndar ekkert einsdæmi að atviksorð sem merkir ‘algerlega’ taki að færa út kvíarnar merkingarlega. Um það eru ýmis dæmi í öðrum málum. Enska atviksorðið *quite* merkti t.d. upphaflega ‘algerlega’ en getur nú einnig merkt ‘talsvert’, ‘mjög’ og ýmislegt fleira, svipað er að segja um norska orðið *helt*, og færeyska orðið *alvegis* en hvort tveggja merkir bæði ‘algerlega’ og ‘mjög’.[40]

4 Örlítill samanburður við *algerlega* og fleiri samheiti

Í inngangi kom fram að *alveg* er í hópi algengustu orða. Hér verður það borið saman við atviksorðið *algerlega* og nokkur samheiti, bæði hvað varðar tíðni og hugsanlegar hömlur á notkun.

Ef tíðni *alveg* er borin saman við tíðni *algerlega* og nokkurra annarra samheita í Risamálheildinni kemur í ljós að *alveg* hefur algera yfirburðastöðu:

alveg	2.385.162
algerlega, algjörlega	315.361
gersamlega, gjörsamlega	82.482
alfarið	76.673
fullkomlega	72.513
fyllilega	33.663
aldeilis	29.812
öldungis	2.016

Tafla 1. Fjöldi dæma um *alveg* og ýmis samheiti orðsins í RMH.

Þetta eru miklir yfirburðir, jafnvel þótt þarna séu innan um einhver dæmi um *alveg* í óvenjulegri eða sjaldgæfri atviksmerkingu sem hin orðin hafa ekki, lýsingarorðið *alveg* og jafnvel orðræðuögnina *alveg*. *Öldungis*, sem virðist hafa verið einna algengasta orðið í merkingunni ‘algerlega’ á 19. öld (sbr. nmgr. 26), er þarna í neðsta sæti. Umskiptin á þessu merkingarsviði eru því mikil.

Alveg merkir oft, og reyndar langoftast, það sama og t.d. *algerlega* og *gersamlega*. Þessum orðum má oft skipta út fyrir *alveg*:

[40] Sbr. t.d. *Chambers Dictionary of Etymology* 1988:877, *Norsk Riksmålsordbok* II 1983:1754–1755 og Sprotin.fo.

(32) a. Hún er **alveg** frábær
b. Hún er **algerlega/gersamlega** frábær

En stundum gengur það illa þótt merkingin passi:

(33) a. Þetta er **alveg** örugglega rétt
b. ?Þetta er **algerlega/gersamlega** örugglega rétt

Ástæðan kann að vera sú að menn forðist að nota tvö orð í röð sem enda á *-lega*; alls kyns dæmi eru a.m.k. um *algerlega/gersamlega* á undan ferkvæðum orðum:

(34) a. Þetta er **algerlega/gersamlega** óþolandi
b. Þetta er **algerlega/gersamlega** ómissandi

En þessar hömlur, ef hömlur skyldi kalla, eiga ef til vill sinn þátt í þeirri yfirburðastöðu sem *alveg* hefur gagnvart þeim samheitum sem næst koma í tíðniröðinni.

Yfirburðir *alveg* eru síður en svo nýtilkomnir. Á *Mynd 1* má sjá samanburð á fjölda dæma um *alveg* og nokkur samheiti (þau sömu og í *Töflu 1*) í blöðum frá 19. öld (Tímarit.is):



Mynd 1. Fjöldi dæma í blöðum frá 19. öld um *alveg* og ýmis samheiti.

Fá dæmi eru um öll orðin framan af. En þegar upp úr 1860 fer *alveg* mjög að sækja í sig veðrið og í aldarlok ber það höfuð og herðar yfir

samheitin. Næstalgengast er *algerlega* (*algjör-*, *algiör-*, *-liga*) sem rís nokkuð. Dæmum um önnur orð fjölgar vissulega líka en það skýrist af vaxandi efnismagni á tímabilinu. Dæmi eru um öll orðin nema *alveg* frá því fyrir 1840 (allt frá einu dæmi og upp í 79). Elsta dæmið um *alveg* í blöðum er frá 1846 svo að risið er býsna hratt. Eins og áður var vikið að kann hröð útbreiðsla orðsins að stafa af fordæmi menntamanna, ef til vill var orðinu jafnvel haldið að fólki. Einnig má huga að orðlengd. *Alveg* er eina orðið í hópnum að ofan sem er tvíkvætt, hin eru öll þrí- eða fjórkvæð. Þetta kann málnotendum að hafa þótt hentugt. Ef orðið á rætur að rekja til lærðrar orðmyndunar, eins og stungið var upp á hér að framan að gæti verið raunin, má velta fyrir sér hvort orðasmiðnum hafi e.t.v. þótt stuttleiki þess eftirsóknarverður.

5 Niðurlag

Hér hefur verið rætt um hið alþekkta og algenga orð *alveg* frá ýmsum hliðum. Í 2. kafla var sagt frá athugunum Prebens Meulengracht Sørensen frá 1977. Hann taldi orðið ungt (frá um 1800) og hafa breiðst hratt út upp úr 1850. Undir það var tekið hér en hins vegar var settur fyrirvari við þá skoðun hans að orðið væri upprunnið í talmáli. Í 3. kafla var sjónum síðan beint að ýmsum merkingum og hlutverkum *alveg*, einkum í nútímanum. Bent var á allnokkur merkingartilbrigði atviksorðsins *alveg* sem ekki er að finna í orðabókum (s.s. ‘talsvert’, ‘mjög’, ‘hæglega’ og ‘að minnsta kosti’), rætt um notkun þess sem lýsingarorðs (s.s. *alveg logn*, *alveg met*) og ýmiss konar notkun þess sem orðræðuagnar (til að dempa, til að merkja beina ræðu og hugsanlega til að vinna tíma í samtali). Í 4. kafla var orðið loks stuttlega borið saman við nokkur samheiti, s.s. *algerlega* og *fullkomlega*. Í þessum hópi er *alveg* langalgengast í nútímamáli en yfirburðanna fer að gæta þegar upp úr miðri 19. öld. Á stuttri ævi orðsins hafa því orðið miklar sviptingar, bæði hvað varðar tíðni og margbreytileika í notkun.

Heimildir

Aðalsteinn Eyþórsson. 2015. Hver er uppruni atviksorðsins alveg? *Vísindavefurinn*, 14. janúar. https://www.visindavefur.is/svar.php?id=68641 (sótt 29. ágúst 2024).

Alda Bryndís Möller. 2014. *Íslenskukennsla í Bessastaðaskóla og á fyrstu árum Reykjavíkurskóla 1805–1855*. Ritgerð til BA-prófs. Háskóli Íslands.

Árni Böðvarsson. 1951. Þáttur um málfræðistörf Eggerts Ólafssonar. *Skírnir* 125:156–172.

Árni Böðvarsson. 1992. *Íslenskt málfar*. Reykjavík: Almenna bókafélagið hf.

Árni Helgason. 1947. Sigurður Pétursson. Í: *Merkir Íslendingar* 2. Þorkell Jóhannesson bjó til prentunar, bls. 161–169. Reykjavík: Bókfellsútgáfan.

Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. [Reykjavík:] Orðabók Háskólans.

Biblía. Þad er: Heiløg Ritníng. 1841. Viðeyjarklaustri: Hið íslenska Biblíufélag.

Björn Gunnlaugsson. 1842. *Njóla*. Viðeyjarklaustri.

Chambers Dictionary of Etymology. 1988. Edinborg: Chambers.

Finnbogi Guðmundsson. 1960. *Hómersþýðingar Sveinbjarnar Egilssonar*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

Fritzner, Johan. 1886–1896. *Ordbog over Det gamle norske Sprog* 1–3. Kristiania.

Halldór J. Jónsson. 1949. Stellurímur. *Skírnir* 121:90–111.

Halldór Laxness. 1965. *Upphaf mannúðarstefnu. Ritgerðir*. [Reykjavík:] Helgafell.

Halldór Laxness. 1976. „Ljót er bölvuð blekkingin“. Aths. við „Vísnamál“ Þjóðviljans 11ta júlí. *Þjóðviljinn* 13. júlí, bls. 6.

Helga Hilmisdóttir. 2007. *A sequential analysis of* nú *and* núna *in Icelandic conversation*. Nordica Helsingensia 7. Helsinki: University of Helsinki.

Helga Hilmisdóttir. 2019–2020. Agnir í forfasa lota: *líka* í samtölum íslenskra unglinga. *Íslenskt mál* 41–42:213–224.

Historía Pínunnar. 1558. Þýð. Oddur Gottskálksson.

Homer Odyssey. [Án ártals.] Book Twenty-One. Þýð. Ian Johnston. https://johnstoniatexts.x10host.com/homer/odyssey21html.html (sótt í september 2024).

Homeri Odyssea. 1840. 21.–24. bók. Þýð. Sveinbjörn Egilsson. Viðeyjarklaustri.

Höskuldur Þráinsson. 1981. Íranskeisari og íslenskt mál. *Íslenskt mál* 3:147–151.

Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði*. Íslensk tunga 3. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

ÍN = *Íslensk nútímamálsorðabók*. Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir (ritstj.). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. https://islenskordabok.arnastofnun.is (sótt í september 2023).

ÍO = *Íslensk orðabók*. 2002. (3. útg. aukin og endurbætt.) Mörður Árnason (ritstj.). Reykjavík: Edda.

Íslensk orðtíðnibók. Sjá Jörgen Pind o.fl. 1991.
Íslenskt textasafn. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. https://corpus.arnastofnun.is (sótt í ágúst 2024).
ÍSTAL = Íslenski talmálsbankinn. [Án ártals.] Í: *Íslenskt textasafn*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. https://corpus.arnastofnun.is (sótt í ágúst 2024).
ÍU = Íslenskt unglingamál. [Án ártals.] Gagnagrunnur rannsóknarverkefnisins *Íslenskt unglingamál: Rannsókn á samskiptaaðferðum í raungögnum* (2018–2020). https://tekstlab.uio.no/glossa2/iyl (sótt í ágúst 2024).
JÓ = Seðlasafn byggt á orðabók Jóns Ólafssonar úr Grunnavík. [Varðveitt á íslenskusviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.]
Jón Sigurðsson. 1858. Alþíng og alþíngismál. *Ný félagsrit* 18:1–112.
Jónas Jónasson. 1896. *Ný dönsk orðabók með íslenzkum þýðingum*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
Jörgen Pind (ritstj.), Friðrik Magnússon og Stefán Briem. 1991. *Íslensk orðtíðnibók*. [Reykjavík:] Orðabók Háskólans.
Katrín Axelsdóttir. 2014. *Sögur af orðum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
Kjartan Ottósson. 1990. *Íslensk málhreinsun. Sögulegt yfirlit*. Reykjavík: Íslensk málnefnd.
Kolbrún Ýrr Bjarnadóttir. 2009. *Bein ræða í samtölum*. Ritgerð til BA-prófs. Hugvísindasvið Háskóla Íslands.
Konur skrifa bréf. Sendibréf 1797–1909. 1961. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Reykjavík: Bókfellsútgáfan.
Mariu saga. 1871. Útg. C.R. Unger. Christiania.
Málfarsbankinn. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. malfar.arnastofnun.is (sótt í febrúar 2025).
Norðanfari. 1883. Úr brjefi úr Patreksfirði 17/10–82. 8. janúar, bls. 98.
Norsk Riksmålsordbok II. 1983. Kunnskapsforlaget.
ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog* / *A Dictionary of Old Norse Prose*. https://onp.ku.dk (sótt í september 2024).
Orðstöðulyklar. [Án ártals.] Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. https://arnastofnun.is/is/ordstodulyklar (sótt í ágúst 2024).
Páll Sigurðsson. 1877. *Aðalsteinn. Saga æskumanns*. Akureyri.
RHM = *Risamálheildin*. 2022. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. https://malheildir.arnastofnun.is (sótt í október 2024).
Rigsarkivet. 5943. Magnússon, Finnur, gehejmearkivar. 1817–1847. Breve. T–.
ROH = Ritmálssafn Orðabókar Háskólans – seðlasafn. [Varðveitt á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.]
ROH-g = *Ritmálssafn Orðabókar Háskólans*. Gagnasafn á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. https://ritmalssafn.arnastofnun.is (sótt í ágúst 2024).
Sigfús Blöndal. 1920–1924. *Íslensk-dönsk orðabók*. Reykjavík.
Sigurður Pétursson. 1844. *Ljóðmæli Sigurðar Péturssonar*. Reykjavík.

Skúli Gíslason. 1947. *Sagnakver Skúla Gíslasonar*. Reykjavík: Helgafell.
Sprotin.fo. [Án ártals.] Netorðabøkur. https://sprotin.fo (sótt í september 2024).
Starkaður Barkarson, Steinþór Steingrímsson og Hildur Hafsteinsdóttir. 2022. Evolving Large Text Corpora: Four Versions of the Icelandic Gigaword Corpus. *Proceedings of the Language Resources and Evaluation Conference*, bls. 2371–2381. Marseille.
Steingrímur Thorsteinsson. 1925. *Ljóðmæli*. 4. útg. Reykjavík.
Steingrímur J. Þorsteinsson. 1943. *Upphaf leikritunar á Íslandi*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
Stjorn. 1862. Útg. C.R. Unger. Christiania.
Sveinbjörn Egilsson. 1952. *Ljóðmæli*. 2. útg. Reykjavík: Mál og menning.
Sørensen, Preben Meulengracht. 1977. Alveg. *Opuscula* 2 (2):245–253. Bibliotheca Arnamagnæana 25 (2).
Tímarit.is. [Án ártals.] Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. https://timarit.is (sótt í september 2024).
Vísir. 1914. Frá leikmótinu. 18. júní, bls. 1 og 4.
Þjóðviljinn. 1904. Ísafjörður 6. ág. 1904. 17. ágúst, bls. 130.
Þóra Björk Hjartardóttir. 2011. Orðræðuögnin *er það ekki*. *Íslenskt mál* 33:19–51.
Þóra Björk Hjartardóttir. 2020. Allur er varinn góður. Orðið *hvað* sem orðræðuögn. *Orð og tunga* 22:1–18.
Þórbergur Þórðarson. 1977. *Ævisaga Árna prófasts Þórarinssonar* III. Reykjavík: Mál og menning.
Þórunn Blöndal. 2004. Endurgjöf í samtölum. *Íslenskt mál* 26:123–145.

Lykilorð

atviksorð, lýsingarorð, orðræðuagnir, orðsifjar, tíðni

Keywords

adverbs, adjectives, discourse particles, etymology, frequency

Abstract

This article examines various aspects of the highly frequent Icelandic word *alveg* (cf. *al-* ‘all’ and *-veg* ‘way’). The word is of rather recent origin, with the oldest example from around 1800. The frequency of *alveg* increases rapidly in the second half of the 19th century, and today it is by far the most frequent word conveying the meanings ‘completely’, ‘totally’. Origins in the spoken language have been suggested. This paper offers the alternative hypothesis that *alveg* might have been coined by intellectuals, possibly as a deliberate countermove against the allegedly disreputable *allagutu* (‘close to’, ‘ever (since)’, cf. *allur* ‘all’ and *gata* ‘road’) and the Danish loanword *aldeilis*

('completely'). The semantic and functional range of *alveg* is broader than suggested by existing dictionary entries. In order to examine this discrepancy, examples were collected from both written and spoken language corpora. The data reveal that the adverb *alveg* can convey meanings such as 'considerably', 'very', 'easily' and 'at least', depending on context. Furthermore, *alveg* can sometimes be an adjective, meaning 'absolute', 'complete' (as in e.g. *alveg hryllingur* 'absolute horror'), a function not mentioned in dictionaries. Finally, the use of *alveg* as a discourse particle in three different functions is discussed: (1) as a downtoner preceding an objection (*ég hlusta* ***alveg*** *á útvarp EN ég geri það samt sjaldan* 'I totally listen to the radio, BUT very rarely'), (2) as a marker for quotes (*og hún* ***alveg****: „ertu eitthvað bilaður?"* 'and she's like: „are you crazy?"') and (3) as a possible hesitation particle (*það var* ***alveg*** *frekar gaman* 'it was, like, rather fun').

Katrín Axelsdóttir
Íslensku- og menningardeild
Háskóla Íslands
Arngrímsgötu 5
IS-107 Reykjavík
katax@hi.is

Helga Hilmisdóttir

Notkun orðsins *gaur* í samtölum unglingsdrengja

1 Inngangur

Á undanförnum árum hefur nýstárleg notkun orðsins *gaur* í hversdagslegum samtölum ungs fólks vakið athygli eldri kynslóða. Orðið á sér langa og áhugaverða sögu en hefur á síðastliðnum áratugum gengið í gegnum talsverðar breytingar bæði hvað varðar tíðni og merkingu (sbr. *Risamálheildina*). Samkvæmt *Íslenskri nútímamálsorðabók* merkir nafnorðið *gaur* ‘náungi, maður’ og tilheyrir óformlegu málsniði.

Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða notkun ávarpsorðsins *gaur* í nútímamáli, nánar tiltekið í samtölum unglingsdrengja. Rannsóknarspurningarnar eru eftirfarandi: 1) Hver eru formleg einkenni orðsins *gaur* í nútímamáli, þ.e. hvar í samtalslotunni kemur það fyrir, í hvaða samhengi og með hvers konar hljómfalli er það borið fram? 2) Hvert er hlutverk orðsins í samtölum? Efniviður rannsóknarinnar eru hljóðrituð samtöl unglingsdrengja sem eru að spila tölvuleiki og spjalla um lífið og tilveruna á meðan leik stendur, þ.e. fjórar klukkustundir og tuttugu og ein mínúta af hljóðrituðu efni. Rannsóknin er því eigindleg, byggist alfarið á raungögnum og öll dæmi eru sótt í efniviðinn. Aðferðafræðin sem stuðst verður við byggist á kenningum samtalsgreiningar og samskiptamálfræði (sjá t.d. Deppermann and Mondada 2021:34–38 og Bolden 2024).

Skipulag greinarinnar er eftirfarandi: Í 2. kafla er saga orðsins *gaur* reifuð í stuttu máli og farið yfir helstu breytingar á merkingarlegu inntaki orðsins. Í 3. kafla er fjallað um helstu hugtök sem stuðst er

Orð og tunga 27 (2025), 31–59, https://doi.org/10.33112/ordogtunga.27.3
© höfundar CC BY-NC-SA 4.0.

við í greininni: kallorð, ávörp og orðræðuagnir. Í 4. kafla greinir frá efniviði rannsóknarinnar og aðferðafræðinni sem beitt er við greiningu, þ.e. samtalsfræði og samskiptamálfræði. Í 5. kafla er svo fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar. Að lokum eru niðurstöður teknar saman í 6. kafla og þær reifaðar.

2 Merkingarleg þróun orðsins *gaur*

Orðið *gaur* hefur ekki alltaf haft hlutlausa merkingu eins og skýringin í *Íslenskri nútímamálsorðabók* gefur til kynna. Í Skáldskaparmálum í einu handrita Snorra-Eddu (u.þ.b. 1300–1350) hefur orðið töluvert neikvæðari merkingu og er talið upp meðal orða eða heita yfir „óvitran mann“: *Heitir ok ovitr maðr fifl, afglapi, gassi, giɴingr,* ***gavʀ****, glopr, snapr, foli, ǫʀ, oðr, galiɴ* (sjá ONP). Samkvæmt *Íslenskri orðsifjabók* Ásgeirs Blöndals Magnússonar (1989) er orðið talið vera „lastyrði um mann; langur sláni, óheflaður maður, dóni, óþokki“ og sömu sögu er að segja af íslensk-danskri orðabók Sigfúsar Blöndals (1920–1924) þar sem orðið er skýrt sem ‘langur sláni’, ‘óþokki’ og ‘dóni’ eða „lang Rækel“, „Tølper“ og „Grobian“ á dönsku. Neikvæð merking orðsins virðist hafa mildast aðeins eftir því sem leið á öldina því að í *Íslenskri orðabók* frá 1963 er hún sögð vera ‘langur sláni, óþokki og dóni’ og í endurskoðaðri útgáfu 2002 bættist við skýringin ‘strákur’. Orðabókarskýringarnar benda því til þess að orðið hafi haft neikvæða merkingu a.m.k. langt fram á 20. öld en misst styrk eftir því sem leið að aldamótum.

Eins og sjá má í fornmálsorðabókinni ONP kemur orðið *gaur* fyrir sem ávarp þegar í lok þrettándu aldar. Öll dæmin koma fyrir í þýðingum á frönskum riddarasögum. Sennilega er orðið notað sem þýðing á franska orðinu *gars* ‘drengur’ en þar sem frumtextarnir hafa ekki varðveist er ekki hægt að slá því föstu (sjá t.d. *Dictionnaire du Moyen Français*). Elsta ritaða heimildin er úr Strengleikum frá lokum þrettándu aldar (um 1270): *harmer er mer at ec em nu drepen. en* þu ***gaurr*** *er mec særðe ... alldre scalltu fa lækneng*. Dæmin í fornmálsorðabókinni sýna einnig að *gaur(r)* kemur ekki síst fyrir með sögnum í boðhætti, ef til vill sem eins konar áhersla. Sem dæmi má nefna tilvitnun úr Ívents sögu frá fyrsta fjórðungi fimmtándu aldar, ***Gaur*** *rek þu brott leon þítt af þessum vellí* og Tristams sögu og Ísöndar sem er miðaldatexti varðveittur í handriti frá sautjándu öld, *þegi þú,* ***gaurr****!* Ávarpið er notað í mjög neikvæðu samhengi og kemur oft fyrir í orðasambandinu

vándr gaurr, sbr. eftirfarandi dæmi úr Adóníass sögu í handriti frá seinni helmingi fimmtándu aldar: *alldri skalltv hedan heill fara* ***hinn vóndi gaurr***. Engar heimildir eru um notkun orðsins *gaur* sem ávarp í *Ritmálssafni Orðabókar Háskólans*.

Aftur fór að bera á aukinni notkun *gaur* sem ávarpsorð í kringum árið 2000. Orðið hafði þá misst alla neikvæða merkingu og var notað til dæmis í samtölum innan vinahópa. Í *Íslenskri nútímamálsorðabók* er hvergi minnst á notkun orðsins sem ávarpsorð en þróunin er þó vel þekkt í huga almennings og notkunin töluvert útbreidd meðal yngri kynslóða (sjá t.d. dæmi af Twitter í *Risamálheildinni*). Notkunin minnir á ýmsan hátt á notkun ávarpsorðsins *dude* í ensku og mögulegt er að þessi nýja notkun orðsins *gaur* sem ávarp sé undir áhrifum ensku þrátt fyrir að slík notkun hafi tíðkast í eldra máli eins og rakið var hér að framan (sjá Andersen 2014:18 um tökuþýðingar).

3 Kallorð, ávörp og orðræðuagnir

Þegar fjalla á um orð á borð við *gaur* þarf fyrst að gera greinarmun á tilvísandi nafnliðum (e. *referential NPs*) og ávarpsliðum (e. *vocative NPs*) (sjá t.d. Zwicky 1974:787; Rendle-Short 2010:1201). Tilvísandi nafnliðir geta vísað út fyrir samtalið, þ.e. til einstaklinga sem ekki eru þátttakendur í samtalinu og eru jafnvel fjarstaddir. Þegar mælandi notar *gaur* sem tilvísandi nafnlið er hann að tala um fólk af karlkyni eða jafnvel dauða hluti þar sem nafnliðurinn *gaur* er einnig útbreitt slanguryrði yfir óskilgreind fyrirbæri eða hluti sem mælandi veit ekki hvað hann á að kalla. Í þessu samhengi má benda á eftirfarandi dæmi þar sem *gaur* er notað um ákveðin verkfæri í tölvuleik: *ég þarf að ná þessum gaurum* (sjá lýsingu á efnivið rannsóknarinnar í kafla 4). Ávarpsliðurinn *gaur* vísar hins vegar ætíð til viðmælanda.

Eftirfarandi samtalsbrot, dæmi (1), er úr hljóðrituðum gögnum sem liggja til grundvallar þessari rannsókn. Samtalið á sér stað á milli tveggja fimmtán ára drengja sem eru að spila tölvuleik. Dæmið sýnir notkun orðsins *gaur* bæði sem ávarp (fyrra tilvik) og tilvísun (seinna tilvik). Nöfnum drengjanna hefur verið breytt og skráningarlykil má finna í kafla 4. Orðin sem eru til umfjöllunar eru feitletruð og merkt með ör á spássíu.

(1) Lifandi*:* IU-töl-GTA
(B=Bogi, S=Svenni)

```
→     01 B   *heh* >gaur< (.) það er græ- það er gaur
             li:fandi hérna↓
      02     0,3)
      03 B   sérðu gæjann
      04 B   hann er li:fandi↓
      05 S   vó::↓
```

Áður en lengra er haldið þarf einnig að gera greinarmun á ávarpsliðum sem gegna annars vegar hlutverki kallorða (e. *summonses*, *attention getters*) og hins vegar ávarpa (e. *address terms*) (sjá t.d. Schegloff 1968:1080 og Zwicky 1974:787; Auer 2010:306–307). Samkvæmt Schegloff (1968:1080) eru kallorð notuð til að fanga athygli viðmælanda. Þau geta verið af ýmsum toga eins og t.d. nöfn og önnur ávörp, upphrópanir á borð við *halló*, létt klapp á öxl og upprétt hönd í skólastofu. Einkennandi fyrir kallorðin er að þau krefjast svörunar frá viðmælanda en hún getur falist í munnlegu svari, augnsambandi eða öðrum líkamlegum viðbrögðum. Einnig er einkennandi fyrir kallorðin að þau standa aldrei ein og sér. Þau koma alltaf fyrir fremst í segðum og eru alltaf undanfari og undirbúningur fyrir það sem á eftir kemur í samtalinu. Þau mynda fyrri hluta í lotuparinu kallorð-viðbragð (sjá Þórunni Blöndal 2005 um lotupör).

Eftirfarandi brot úr sama samtali, sem er hér merkt sem dæmi (2), sýnir hvernig mælandi notar gælunafn sem kallorð. Samtalið er milli sömu unglingsdrengja og í dæmi (1). Brotið hefst þegar annar drengjanna, Bogi, snýr aftur að tölvunni eftir að hafa skroppið frá í hálfa mínútu.

(2) Var að fatta: IU-töl-GTA
(B=Bogi, S=Svenni)

```
→  01 B   Svenni ((heyrist úr fjarlægð))
   02 S   jó:↓ ((Bogi setur á sig heyrnartól))
   03 B   gaur Ég var að fatta eitt (1,4) (...)
```

Þegar Bogi nálgast tölvuna kallar hann á félaga sinn með gælunafni (lína 1). Svenni svarar um hæl með *yo* eða *jó* sem er nýlegt aðkomuorð úr ensku (lína 2) (sjá einnig Helgu Hilmisdóttur 2023:57–58). Þar með er undirbúningi lokið og sambandi komið aftur á á milli vinanna. Bogi

hefur þar með fengið leyfi til að brydda upp á næsta umræðuefni (lína 3).

Ólíkt kallorðum eru ávörp ekki einvörðungu bundin við upphaf samskipta og í rauninni má koma þeim að á ýmsum stöðum í lotunni, þ.e. fremst, aftast og jafnvel sem innskoti á milli liða (sbr. Schegloff 1968:1080). Á einföldu máli má segja að hlutverk kallorða sé að koma á samskiptum en að ávörpin viðhaldi þeim eða leggi áherslu á tengsl fólks sem á í samskiptum (sbr. Zwicky 1974:787). Hlutverk ávarpa skarast því að einhverju leyti við orðræðuagnir á borð við *heyrðu*, *jæja*, *skiluru* og *þúst* (sjá Helgu Hilmisdóttur 2001).

Eins og Lerner (2004) bendir þó á eru ávörp einhvers konar viðbót sem ekki eru bráðnauðsynleg í samskiptum. Með því að velja að nota ávarp segja mælendur því eitthvað um sig. Val mælanda á ávörpum er aldrei handahófskennt og orðin sjaldnast hlutlaus (Zwicky 1974: 795–796). Ávarpsorð gefa til kynna hvort mælandi hefur jákvætt eða neikvætt viðhorf til viðmælanda (t.d. *snillingur*, *sauðurinn þinn*), hversu náin tengsl eru á milli þeirra (t.d. *Páll* eða *Palli*) og hvernig mælandi flokkar viðmælanda eftir ýmsum félagslegum breytum eins og aldri eða fjölskyldutengslum (*lilla*, *afi*) og jafnvel persónueinkennum og útliti (*klaufi*, *sæta*). Sum ávarpsorð eiga uppruna sinn í ákveðnum félagslegum hópum þótt þau hafi breiðst út með tímanum og misst sérstöðu sína. Ávarpsorð eru því tengd sjálfsmyndarsköpun og hvernig við túlkum aðstæður og stöðu viðmælanda. Í gögnum þessarar rannsóknar kemur *gaur* einkum fyrir sem ávarp en þó má finna eitt dæmi þar sem það gegnir hlutverki kallorðs.

Íslenska ávarpið *gaur*, sem er hér til umræðu, er einkum bundið við yngri kynslóðina. Notkun orðsins í óformlegu máli, þ.e. bæði sem tilvísandi nafnliður og ávarpsliður, hefur aukist mikið undanfarinn áratug eins og tölur úr *Risamálheildinni* bera með sér. Ef orðaforðinn í Twitterfærslum á árunum 2010 og 2021 er borinn saman kemur til dæmis í ljós að heildarfjöldi tilvika hefur aukist um 231%, þ.e. úr 61 tilviki á milljón orð í 202. Mögulegt er að vinsældir ávarpsins hafi einnig haft áhrif á notkun orðsins sem tilvísandi nafnliðar.

Sem ávarp er *gaur* aðallega notað í samtölum ungra manna sem eiga í samtölum við kynbræður sína, eins og í dæmunum hér að framan, þótt einnig megi heyra orðið notað af körlum um konur og af konum bæði um konur og menn. Eftirfarandi tvö dæmi má finna í *Risamálheildinni* og birtust upphaflega á Twitter á árunum 2010 og 2011: 1) „**Gaur róleg** að unfollowa mig hahah followaðu mig til baka : D“ og 2) „**gaur** ertu bara **hætt** að tvíta?“. Í báðum dæmunum er

ávarpið *gaur* notað með lýsingarorðum í kvenkyni sem bendir til þess að orðið hafi að einhverju leyti tapað upphaflegri merkingu sinni á þeim tíma, þ.e. vísun í kyn. Tilgangur þessarar rannsóknar er þó ekki að skoða breytileika í notkun eftir þjóðfélagshópum heldur er ætlunin að einblína á form og hlutverk orðsins í skýrt afmörkuðum efniviði.

Eins og bent var á hér að framan er ekki ólíklegt að notkun orðsins hafi orðið fyrir einhverjum áhrifum úr ensku, jafnvel þótt orðið *gaur* hafi verið notað sem ávarp í eldra máli. Ameríska slanguryrðið *dude* varð til sem ávarpsorð í Bandaríkjunum á fjórða og fimmta áratug síðustu aldar en hlaut svo mikla útbreiðslu á þeim níunda (sjá Kiesling 2004:284). Ávarpsorðið var í fyrstu aðallega notað af ungum mönnum sem ávörpuðu aðra unga menn en hefur á síðustu árum verið notað af öllum kynjum og um öll kyn (Kiesling 2004:282; sjá einnig Rendle-Short 2009; Rendle-Short 2010:1201 um þróun ávarpsorðsins *mate*). Þróunin í íslensku sem lýst var hér að framan er því ekki ósvipuð. Kiesling bendir á að *dude* sé yfirleitt notað í samhengi þar sem mælandi vill sýna samstöðu karla (og stundum kvenna), vera kumpánlegur en jafnframt laus við allan ákafa. Viðhorfið sem orðið endurspeglar telur Kiesling (2004:282) að megi rekja til þess að orðið á uppruna sinn meðal ungra brimbrettamanna og fíkniefnaneytenda og í þessum hópum eru slík gildi í hávegum höfð.

Í umfjöllun um *dude* í ameríska ensku í nútímanum færir Kiesling (2004:282) rök fyrir því að orðið gegni hlutverki orðræðuagnar fremur en ávarpsorðs. Orðræðuagnir (e. *particle*) eru orð eða orðasambönd sem gegna mikilvægum hlutverkum í samtölum eins og t.d. að liðka til við lotuskipti, kvitta fyrir móttöku upplýsinga, sýna afstöðu mælanda til upplýsinga og lagfæra það sem fer úrskeiðis í samtalinu. Orðræðuagnir eru því ekki hluti af merkingarlegu inntaki segðarinnar en gegna þess í stað mikilvægu hlutverki í samtölum. Þær gefa nefnilega viðmælendum vísbendingar um það hvernig túlka beri orð mælanda og hvernig þau falla að samhenginu, þ.e. þeim segðum sem koma á undan og eftir (sjá t.d. Helgu Hilmisdóttur 2007, 2019–2020 og Þóru Björk Hjartardóttur 2020). Í stað þess að beinast mjög afdráttarlaust að ákveðnum viðmælanda og velja hann sem móttakanda má segja að *dude* sé notað til að láta í ljós afstöðu mælanda gagnvart þeim sem eru viðstaddir og teljast til þátttakenda í samtalinu. Einnig gegnir *dude* mikilvægu hlutverki gagnvart lotuskiptunum og er t.d. notað til að marka skil á milli umfjöllunarefna (Kiesling 2004:291). Orðið er mikið notað í upphafi samtala, eins og til dæmis í frösunum *hey dude* eða *what's up, dude*, eða sem viðbrögð þar

sem mælendur eru ósammála: *dude!* (í ásakandi tóni). Við fyrstu sýn má sjá ýmis líkindi með ameríska orðinu *dude* og íslenska *gaur* og því tilefni til að skoða nánar hvort íslenska orðið hafi einnig þróað með sér hlutverk orðræðuagnar.

4 Efniviður og aðferð

Í þessum kafla verður fjallað um gögnin sem liggja til grundvallar þessari rannsókn (4.1) og sagt frá meginhugmyndum samskiptamálfræðinnar (4.2).

4.1 Tölvuleikjasamtöl og umritun

Efniviður rannsóknarinnar eru samtöl drengja á grunnskólaaldri sem eru að spila tölvuleik. Drengirnir sem lögðu fram efni eru vanir að spila tölvuleiki, sinna þessu áhugamáli nær daglega og sitja oft lengi við. Aðstæðurnar sem samtölin verða til í eru þeim því hversdagslegar en jafnframt krefjandi og því líklegt að þeir hafi ekki haft hugann við upptökurnar allan tímann á meðan leiknum stóð. Samtölin eru því sjálfsprottin og ættu að endurspegla venjulega málnotkun þessara einstaklinga við sambærilegar aðstæður. Þátttakendur búa allir á höfuðborgarsvæðinu og eru nemendur í unglingadeild grunnskóla. Samtölunum var safnað saman og þau skráð innan rannsóknarverkefnisins *Íslenskt unglingamál: rannsókn á samskiptaaðferðum í raungögnum*.[1] Höfundur greinar sá um skráningu efnis. Í *Töflu 1* má sjá skráningarlykil, þ.e. yfirlit yfir öll tákn sem notuð eru við skráningu samtalanna. Umritunin byggist á kerfi sem var upphaflega skapað til að skrá amerísk samtöl en hefur verið aðlagað að íslensku (sjá Clift o.fl. 2024 um ensku og Helgu Hilmisdóttir 2007:89–94 um aðlögun).

(.)	pása styttri en 0,3 sekúndur
(0.5)	pása mæld í sekúndubrotum
[	samhliða tal hefst
]	samhliða tali lýkur
ég	áberandi áhersla
JÁ	sagt með háum rómi

[1] Verkefnið hlaut styrk úr Rannsóknasjóði Rannís 2018–2020 og var stýrt af höfundi.

:::	langt hljóð (tvípunktur fyrir hvert sekúndubrot)
>já<	sagt hratt
.mt	smjatt
ha-	óklárað orð
gau'	raddbandalokhljóð
°og°	hvíslað
↓	fallandi tónn
↑	stígandi tónn
®	framhaldstónn
/	hækkaður tónn
((geispar))	athugasemdir skrásetjara
he he	hlátur
#nei#	með brakrödd
[...]	úrfelling
(x x x)	illskiljanlegt

Tafla 1: Skráningarlykill.

Samtölunum er skipt í þrjá flokka. Í fyrsta flokknum eru tvær 60 mínútna upptökur þar sem tveir fimmtán ára drengir eru að spila hasarleikinn *Grand Theft Auto V* (GTA). Leikurinn gerist í sýndarheimum sem líkjast ameríkskri stórborg. Drengirnir tveir sem eru að spila leikinn hafa búið sér til persónur sem vinna sér inn stig með því að stunda glæpi og komast undan lögreglunni. Leikurinn einkennist af hraða, t.d. flótta undan lögreglu og skotbardögum við óvini, en þetta hefur einmitt áhrif á málnotkun drengjanna. Einnig hefur töluverð áhrif á samtalið að þeir félagar deila ekki sama rými þótt þeir mætist í sýndarheimum. Þeir eru báðir heima hjá sér og eiga í samskiptum í gegnum spjallrás tölvunnar þar sem hljómgæðum er að einhverju leyti ábótavant.

Í öðrum flokki eru tvær 60 mínútna upptökur þar sem tveir fimmtán ára drengir spila fótboltaleikinn FIFA. Í leiknum þurfa þátttakendur að búa til sitt eigið fótboltalið með því að kaupa og selja leikmenn og spila svo við önnur lið til að safna sér stigum. Leikurinn er þar af leiðandi hægari en GTA og hafa drengirnir því tækifæri til að spjalla um daginn og veginn, meðal annars um áhugamál og framtíðardrauma. Eins og samtölin um GTA fara FIFA-samtölin

fram í gegnum hljóðrás leiksins. Félagarnir sjá því ekki hvor annan í raunheimum en mætast og vinna saman í sýndarheimum.

Í þriðja og síðasta flokknum er svo ein 21 mínútu upptaka þar sem tveir fimmtán ára drengir eru að spila ævintýraleikinn *Just Cause 3* (JC3). Leikurinn gerist á eyju í Miðjarðarhafi og fjallar um baráttu hetjunnar og vina hennar úr andspyrnuhreyfingunni við einræðisherra. Hraði skiptir miklu máli í þessum leik. Upptakan fór fram heima hjá öðrum félaganna. Þeir sitja hlið við hlið fyrir framan sjónvarp og deila því rými bæði í raun- og sýndarheimum. *Tafla 2* sýnir yfirlit yfir efniviðinn og fjölda tilvika orðsins *gaur*.

Efniviður	Lengd	Aldur	gaur sem ávarp	Tilvik/mín.
GTA	120 mín.	15 ára	122	1,02 á mín.
FIFA	120 mín.	15 ára	9	0,08 á mín.
JC3	21 mín.	15 ára	6	0,28 á mín.

Tafla 2: Efniviður rannsóknarinnar.

Eins og lesa má úr *Töflu 2* er dreifing tilvika mjög ójöfn. Af 137 tilvikum koma langflest þeirra fyrir í samtölum drengjanna sem eru að spila GTA, eða í 122 tilvika (89%). Sömu sögu er einnig að segja ef skoðaður er fjöldi tilvika á mínútu. Í GTA má finna rúmlega eitt tilvik á mínútu en aðeins 0,08 í fótboltaleiknum FIFA. Ef til vill skiptir eðli leiksins þar einhverju máli og er það einmitt tilgangur þessarar rannsóknar að skoða hvað á sér stað í samtalinu í þeim lotum sem *gaur* kemur fyrir. Til samanburðar má nefna að einungis 15 dæmi eru um orðið *gaur* sem tilvísun (t.d. *gaur* í dæmi (1) hér að framan).

Einnig er líklegt að notkun orðsins sé mjög persónubundin enda er mikill munur á fjölda tilvika á milli einstaklinga í efniviðnum sem um ræðir. *Tafla* 3 sýnir dreifingu á milli einstaklinga.

	Mínútur	Tilvik	Tilvik á mínútu
Bogi	240	114	0,5
Kalli	22	6	0,3
Siggi	22	0	0
Svenni	120	14	0,1
Valdi	120	3	0,03

Tafla 3: Dreifing tilvika á einstaklinga.

Eins og fram kemur í *Töflu 3* er hægt að eigna Boga flest tilvik í samtölunum eða 114 tilvik sem samsvara um það bil einu tilviki aðra hverja mínútu. Hinir þátttakendurnir nota orðið mun sjaldnar og engin tilvik er að finna í máli Sigga.

4.2 Samskiptamálfræði

Við úrvinnslu efnisins er stuðst við kenningar samtalsgreiningar (e. *conversation analysis*), sér í lagi þann anga af henni sem nefndur hefur verið samskiptamálfræði (e. *interactional linguistics*) (sjá nánar hjá Sidnell 2010; Thompson, Fox og Couper-Kuhlen 2015; Couper-Kuhlen og Selting 2018; Deppermann and Mondada 2021:34–38). Einkennandi fyrir samtalsgreiningu og samskiptamálfræði er að ekki er litið á setninguna sem grunneiningu samtala. Þess í stað er talað um lotur (e. *turns*), sem vísar í samfellt tal mælanda frá því hann tekur til máls og þar til annar þátttakandi tekur við. Hver lota er samsett úr einni eða fleiri lotueiningum (e. *turn constructional unit*), það er minnstu einingar samtals sem gætu staðið sem sjálfstæðar lotur (Sacks, Schegloff og Jeffersson 1974, Sidnell 2010:36–58, sjá einnig Þórunni Blöndal 2005 og Helgu Hilmisdóttur 2019–2020:214). Loturnar mynda svo runur (e. *sequence*) sem má skilgreina sem tvær eða fleiri lotur sem mynda eins konar heild (t.d. spurning – svar og viðbrögð spyrjanda við svari).

Hverri lotu má skipta í þrjá fasa: forfasa (e. *pre-front field*), kjarna með setningafræðilegri skipan (e. *core syntactic gestalt*) og lokafasa (e. *post-end field*) (Auer 2010:296). Hlutverk forfasa er að sjá til þess að mælendaskipti gangi greiðlega fyrir sig og að undirbúa aðra þátttakendur undir kjarna lotunnar. Algengt er að þar komi fyrir orðræðuagnir (t.d. *jæja*, *heyrðu*), ávörp (t.d. *gaur*) og ýmis hljóð og viðbrögð sem gefa til kynna að viðkomandi ætli að taka til orða

(t.d. innöndun eða varir færast í sundur) (Auer 2010:310, sjá einnig Schegloff 1996 um *pre-beginnings*). Upplýsingarnar eða hin eiginlegu skilaboð koma svo fyrir í kjarna lotueiningar, en í lokafasa má einkum heyra orðræðuagnir sem gegna því hlutverki að beina athygli að viðmælanda (t.d. *skiluru*) eða gefa til kynna þekkingarlega stöðu mælanda (t.d. *held ég*) (Helga Hilmisdóttir 2019–2020:214–216).

Þegar *gaur* er notað sem ávarpsliður má skipta tilvikum í þrjá flokka eftir stöðu í lotunni. *Tafla 4* sýnir dreifingu orðsins í gögnunum.

	GTA		**FIFA**		**JC3**		**Samtals**	
í forfasa	116	95,1%	8	89%	6	100%	130	95%
í eftirfasa	5	4,1%	0	-	0	-	5	3,6%
sem sjálfstæð lota	1	0,8%	1	11%	0	-	2	1,4%
Samtals	**122**	**100%**	**9**	**100%**	**6**	**100%**	**137**	**100%**

Tafla 4: Staðsetning ávarpsins *gaur* í lotu.

Eins og sjá má í *Töflu 4* kemur langstærsti hluti tilvikanna fyrir í forfasa lotu, þ.e. áður en komið er að sjálfum kjarnanum. Um 95% af öllum tilvikum koma fyrir þar. Ef þessar tölur eru bornar saman við yfirlit Kiesling (2004:291) yfir staðsetningu *dude* í ensku má sjá að síðarnefnda orðið hefur jafnari dreifingu. Um 59,5% tilvika koma fyrir fremst í lotum og 27% aftast. Ólíkt *gaur* kemur *dude* einnig fyrir í sjálfum kjarnanum eða 3,7% tilvika.

5 Greining á notkun í samtölum

Í næstu fimm undirköflum verður skoðað hvernig *gaur* er notað í samtölum, þ.e. í hvers konar samhengi orðið kemur fyrir. Kaflinn skiptist þannig að fyrst verður fjallað um *gaur* í beiðnum (5.1). Þar næst koma dæmi um *gaur* á undan staðhæfingum um stöðu mála (5.2) í lotum þar sem mælandi bryddar upp á nýju umræðuefni (5.3) eða keppir við viðmælanda um orðið (5.4). Að lokum verður fjallað um dæmi þar sem *gaur* kemur fyrir í viðbrögðum við upplýsingum frá viðmælanda (5.5).

5.1 Beiðnir

Hugtakið beiðnir er notað um lotur þar sem mælandi reynir að fá einhvern til að framkvæma eitthvað fyrir sig eða bregðast við á ákveðinn hátt (sjá Drew og Couper-Kuhlen 2014:1; Sorjonen, Raevaara og Couper-Kuhlen 2017). Beiðnir er hægt að framkvæma á ýmsa vegu, m.a. með því að nota spurningar í viðtengingarhætti (t.d. *gætirðu rétt mér saltið)*, spurningar í framsöguhætti (t.d. *geturðu rétt mér saltið*) og boðhátt í annarri persónu (t.d. *réttu mér saltið*) (Sorjonen, Raevaara og Couper-Kuhlen 2017:6).

Beiðnir geta því verið af ýmsum toga. Sumar snúast um smá viðvik sem þarf að bregðast við strax en aðrar geta krafist talsverðrar fyrirhafnar eða undirbúnings af hálfu þess sem beiðnin beinist að. Það er svo viðmælanda að ákveða hvort hann verði við beiðninni eða hafni henni. Þess vegna má segja að við setjum okkur í viðkvæma stöðu með því að óska eftir því að einhver annar geri eitthvað fyrir okkur. Við höfum tilhneigingu til að nota flóknari beiðnir þegar mikið er í húfi og við teljum hættu á að okkur verði synjað.[2] Niðurstöður alþjóðlegra rannsókna sýna hins vegar að þegar verið er að biðja um eitthvað sem á að gerast strax í næstu lotu (e. *here-and-now actions*), sérstaklega þar sem mikið liggur við, er það oft framkvæmt með stuttum segðum í boðhætti (Sorjonen, Raevaara og Couper-Kuhlen 2017:13).

Í gögnum þessarar rannsóknar koma beiðnir oft fyrir enda eru þátttakendur að spila tölvuleik og þurfa því að samræma aðgerðir sínar í sýndarheimum. Þetta kallar á samtöl og samninga varðandi næstu skref og oft er hraðinn mikill. Stór hluti þessara beiðna, eða í 35 dæmum, hefst á orðinu *gaur* í forfasa. Í eftirfarandi broti, dæmi (3), má sjá *gaur* í forfasa á undan beiðni sem er sett fram í boðhætti. Brotið er úr samtali Boga og Svenna sem eru að spila GTA. Þeir eru nýsloppnir úr erfiðum eltingarleik þar sem litlu munaði að þeir yrðu úr leik. Svenni situr við stýrið og ræður því för. Bogi minnist betri tíma þegar þeir félagar voru „bara að ræna búðir“ (lína 1–2). Eftir staðfestingu frá Svenna (lína 4) biður Bogi hann um að fara í aðra búð. Hann langar að fremja rán í rólegheitum án þess að lögreglan sé að trufla þá (lína 6–7).

---

[2] Oft eru skilin á milli beiðna (e. *request*), hvatninga (e. *encouragement*), skipana (e. *directive*) og liðsöflunar (e. *recruitment*) óljós og ekki verður farið nánar út í skilgreiningu hér (sjá Sorjonen, Raevaara og Couper-Kuhlen 2017).

(3) Ránsferð: IU-töl-GTA
(B=Bogi, S=Svenni)

```
      01 B   manstu þegar þetta átti að vera fokking nEtt
      02     og við vorum >bara< að ræna búðir↓
      03     (1,2)
      04 S   *jáhaha*
      05     (0,5)
→     06 B   gau:↓ /far- eh farðu í a- aðra búð (.) við förum
      07     að ræna↓
      08     (0,9)
      09 S   ókei:→
```

Beiðnin er í boðhætti annarrar persónu og í forfasa lotunnar notar Bogi orðið *gau:[r]* (lína 6). Err-hljóðið heyrist illa og tónninn er fallandi. Kjarninn, þ.e. sá hluti lotunnar sem miðlar merkingarlegu innihaldi, hefst svo á hækkuðum tóni (e. *pitch step-up*). Þannig sýnir mælandi skýr skil á milli ávarps í forfasa og kjarna og gefur forfasanum ákveðna þyngd sem afmarkaða aðgerð (sbr. Auer 2010:308). Eftir 0,9 sekúndna pásu gefur Svenni svo til kynna að hann ætli að verða við beiðninni með því að nota orðræðuögnina *ókei* (lína 9). Þar með er beiðnin samþykkt og drengirnir leggja af stað í nýja ránsferð.

Í beiðnum koma stundum fyrir ýmsar agnir á undan ávarpinu *gaur*. Þær sem koma oftast fyrir eru t.d. *nei*, *ah*, *en* og *æi já*. Í eftirfarandi broti má sjá dæmi um *já gaur*. Þegar hér er komið sögu er Bogi að biðja vin sinn Svenna að hjálpa sér að komast á ákveðinn stað í leiknum þar sem hann á að finna falinn fjársjóð. Skyndilega áttar Svenni sig á því að hann þarf líka að fara á sama stað (lína 1). Nafnið á staðnum er óskýrt á upptökunum (merkt (x x)).

(4) Sameiginlegur leiðangur: IU-töl-GTA
(B=Bogi, S=Svenni)

```
      01     mm (0,7) ó fokk ég á líka að fara á (x x)
      02     (1,7)
→     03 B   já gaur↓ (0,3) gerum það /sAman gaur↓ (.) koddu
      04     að sækja mig
      05     (1,7)
      06     #e:::# ókei
```

Í dæmi (4) kemur *gaur* fyrir í forfasa á eftir orðræðuögninni *já.* Bæði orðin hafa áherslu en *gaur* sker sig aðeins úr þar sem það er borið fram

með áberandi fallandi tóni. Á eftir forfasa er svo 0,3 sekúndna pása. Eins og í dæmi (3) hefst kjarni lotunnar á hækkuðum tóni sem markar skil á milli undirbúnings og merkingarlegs innihalds. Strax á eftir beiðni eða tillögu Boga (sem er í 1. persónu fleirtölu) kemur svo önnur beiðni í boðhætti þar sem hann leggur til að Svenni sæki hann (lína 3). Hljómfallið má sjá á *Mynd 1* sem gerð er með greiningarforritinu PRAAT.



Mynd 1: Hljómfall lotu í dæmi (4), línu 3. Myndin sýnir tónhæð (pitch) og tíma (time).

Aftur notar Bogi ávarpið *gaur* í forfasa og aftur er stutt pása áður en kjarni lotunnar hefst. Eftir að beiðninni hefur verið komið á framfæri (línur 3–4) er löng pása áður en Svenni gefur til kynna að hann ætli að verða við henni þótt hann sýni vini sínum að hann geri það með semingi, þ.e. hann notar langt *e::* og brakhljóð (lína 6).

Aðeins eitt dæmi er um *gaur* í eftirfasa lotu sem sjá má í dæmi (5). Áður en dæmið hefst biður Bogi um að fá að keyra sportbílinn sem hann notar í leiknum en Svenni hafnar því. Bogi reynir að fá vin sinn til að skipta um skoðun (línur 1 og 5) sem situr við sinn keip (línur 2 og 7).

(5) Góður bílstjóri: IU-töl-GTA
(B=Bogi, S=Svenni)

```
01 B   /ég er alveg góður að keyra ef þú hugsar um það °sko°
02 S   *nehehei↑*
03 B   jú:↑
```

```
      04     (0,8)
      05 B   ég er betri en þetta
      06     (1,0)
      07 S   /nei↑
      08     (0,6)
→     09 S   hættu að móðga mig gaur
      10     (1,1)
      11 S   þú ert /hræðilegur (.) að keyra [...]
```

Eftir ítrekaðar tilraunir Boga til að fá að setjast við stýrið reynir Svenni að koma með síðasta orðið og slá beiðnina endanlega út af borðinu (lína 9). Það gerir hann með annarri beiðni þar sem hann mælist til þess að Bogi hætti að „móðga“ sig. Beiðninni er fylgt eftir með ávarpinu *gaur.* Orðið er áherslulaust og borið fram með stuttum tvíhljóða. Eftir töluvert langa þögn bætir Svenni svo við mati á aksturhæfileikum Boga sem réttlætir afstöðu hans (lína 11).

Ávarpið *gaur* er einnig notað sem sjálfstæð lota með beiðnum eða í 1,2% af öllum tilvikum (dæmi (2)). Orðið er þá notað sem eins konar ítrekun til að fylgja eftir beiðni sem ekki hefur verið svarað. Í dæmi (6) eru Bogi og Svenni í verulegum vandræðum. Þeir eru hundeltir af lögreglunni, bæði af mönnum á mótorhjólum og í þyrlu. Ein leið til að losna úr klípunni er að hringja í persónu sem heitir Lester og Svenni ráðleggur einmitt vini sínum að hringja í hann strax (lína 1 og 3). Augljóst er að vinirnir eru í mikilli tímapressu sem birtist meðal annars í hraðara tali og notkun endurtekninga í beiðnum og svörum við þeim (sbr. Mondada 2017:87).

(6) Svaraðu maður: IU-töl-GTA
(B=Bogi, S=Svenni)

```
      01 S   Hringdu í Lester Hringdu í Lester↓
      02     (2,3)
      03 S   Hringdu í Lester Hringdu í Lef-[((x x x ]]
      04 B                          [já Ég er aðði Ég er aððér→
      05     (1,4)(hringitónn)
      06 B   [Lester↓                    ] ((hringir))
      07 S   [>eða Ég myndi gera það<] ((hringir))
      08     (1,4)
      09 B   Lester SVA:RAÐU maður↓ ((pirraður))
      10     (0,6)
→     11 B   >GAUR↓< ((pirraður))
      12     (1,0) ((ekkert svar))
```

Síminn hringir og hringir en ekki svarar Lester. Að lokum gefst Bogi upp (línur 3–12). Áður en hann leggur á biður hann eða skipar Lester að svara (lína 9). Beiðnin er eins konar sviðsetning sem beinist að Svenna því að Lester heyrir að sjálfsögðu ekki neitt. Sú lota endar á ávarpinu *maður*. Þótt ávarpið *maður* eða *mar* hafi ekki verið rannsakað í íslensku sýna dæmi í *Risamálheildinni* að slík tilvik koma einkum fyrir í lok segða og þá sem eins konar áhersla (t.d. *Stelpurnar okkar mar!* og *djöfull er bjart mar!*). Engin dæmi eru hins vegar um *maður* eða *mar* í forfasa. Eins og samanburðurinn sýnir hafa ávörpin *gaur* og *maður* því mjög ólíka stöðu í lotunni; *gaur* hefur tilhneigingu til að koma fyrir fremst en *maður* aftast. Þetta bendir til þess að orðin gegni ólíkum hlutverkum.

Eftir stutta pásu, þar sem engin viðbrögð berast frá Lester, notar Bogi svo orðið *gaur* (lína 11). Ávarpið er notað sem sjálfstæð lota og gegnir því hlutverki að fylgja beiðninni eftir sem eins konar ítrekun og svörun við viðbragðsleysi Lesters. Augljóst er að Bogi er orðinn pirraður, hann hækkar róminn og er stuttur í spuna. Tónninn er fallandi eins og áður. Enn sýnir Lester þó engin viðbrögð (lína 12).

Í dæmum (3–6) er ávarpið *gaur* notað í beiðnum. Eins og sjá má getur orðið komið í forfasa, eftirfasa eða sem sjálfstæð lota þótt fyrsti flokkurinn sé þar langstærstur. Í dæmum þar sem *gaur* kemur fyrir í forfasa beiðna er orðið í boðhætti og borið fram með áherslu, fallandi tóni og fremur stuttum sérhljóða. Skýr skil eru á milli forfasa og kjarna. Sömu sögu er ekki að segja um eina dæmið þar sem *gaur* kemur fyrir í beiðnum í eftirfasa. Þar er *gaur* áherslulaust og skilin eru ekki eins mörkuð. Hlutverk orðsins í beiðnum má helst lýsa sem eins konar leit að athygli svipað og gert er með orðræðuögninni *hey* eða *heyrðu* (sbr. Auer 2010:306). Með því að hefja beiðnina á *gaur* sýnir mælandi að mikið sé í húfi og að krafist er athygli og viðbragða frá viðmælanda. Þegar *gaur* kemur fyrir sem sjálfstæð lota er orðið notað sem eins konar ítrekun sem ýtir við viðmælanda og krefur hann viðbragða sem hafa látið á sér standa.

Áhugavert er að notkun orðsins *gaur* með segðum í boðhætti er alls ekki ný af nálinni eins og áður hefur komið fram (sjá kafla 1). Erfitt er þó að meta hvernig orðið var notað í talmáli þess tíma, ekki síst vegna þess að öll dæmin úr eldri textum koma fyrir í þýðingum úr frönsku.

5.2 Staðhæfingar varðandi stöðu mála

Tölvuleikirnir sem drengirnir spila snúast um samvinnu. Vinirnir eru saman í liði og hreyfa sig í sameiginlegu rými í sýndarheimum. Til þess að samræma viðbrögð segja þeir stundum upphátt hvað er að gerast á skjánum eða í raunheimum sem gæti haft áhrif á gang leiksins.

Í dæmi (7) eru Siggi og Kalli komnir í hann krappan. Þeir tala hratt og reyna sitt besta til að bjarga sínum mönnum í leiknum. Sigga sýnist að kviknað hafi í bílnum hans en er ekki viss (línur 1–2 og 4).

(7) Dauður: IU-töl-JC3
(S=Siggi, K=Kalli)

```
01 S   >.h hh nei (0.4) er kviknað í bílnum↓<
02 S   nei ókei (.) ég er góður
03     (0,5)
04 S   eða hvað (.) >/Það er kviknað í< .hhhh
05 K   ó::: f:- [*hahahahahaha   ]ha ha .hhh*
06 S             [>ó:mægod ómægod<]
07 S   náði ég honum
08 K   °nei° ((brosandi))
09     (1,2)((bíll springur))
→  10 K   >gaur þú ert dauður þú ert dauður þú ert dauður<
11     (1,4)
12  S  >hann er meir dauður< (.) >hann er meira dauður<
```

Siggi er ekki viss um hvort hann hafi náð að drepa óvininn en Kalli telur svo ekki vera (í línu 8). Eftir langa pásu staðhæfir Kalli að Siggi sé dauður (lína 10). Hann endurtekur staðhæfinguna hratt þrisvar sinnum sem gefur til kynna að um mikilvægan vendipunkt sé að ræða. Mikilvægt er að taka fram að Kalli og Siggi sitja hlið við hlið og horfa því á sama skjáinn. Staðhæfing Kalla felur því ekki í sér miðlun upplýsinga á milli vinanna heldur bendir hann á atriði sem báðir geta séð á skjánum. Með því að færa stöðu mála í orð sýnir hann að um mikilvægan atburð sé að ræða sem hefur afgerandi áhrif á gang leiksins. Í forfasa lotunnar notar Kalli orðið *gaur* sem borið er fram mjög hratt. Engin augljós skil eru á milli forfasa og kjarna heldur rennur segðin saman í eina heild. Ávarpið *gaur* er þannig notað til að leggja áherslu á lotuna sem á eftir kemur.

Í sumum dæmum koma staðhæfingarnar fyrir í eins konar rökræðum þar sem viðmælendur eru ekki á sama máli. Brotið sem kemur fyrir í dæmi (8) sýnir slíkt dæmi. Áður en við komum inn í

samtalið hefur Svenni beðið Boga vin sinn að setja ákveðna mynd inn á Instagram. Bogi vill ekki verða við ósk vinarins því að hann óttast að birtingin muni leiða til þess að hann missi fylgjendur. Svenni er ósáttur við þessi rök og andmælir þeim með því að biðja Boga um að útskýra mál sitt (lína 1).

(8) Followers: IU-töl-GTA
(B=Bogi, S=Svenni)

```
01 S   missa flEIRrri hvað meina[rðu  ]
02 B                  [ég er] kominn í fjögur hundruð
03     og níu follower
04     (0,5)
→ 05 S   >já' gau'< ég er með tvö:hundruð °o:g° (0,5) ég er með tvö
06     hundruð og þrjátíu↑
07     (0,4)
08 S   ég er stöðugt að missa followers↑
09 B   *he he he .hhh ég var með fjögur hundruð tuttugu og tvo::
10     einhvern tímann*
11     (1,1)
```

Bogi útskýrir að fylgjendum hans sé að fækka og að hann sé kominn niður í fjögur hundruð og níu (línur 2–3). Eftir stutta pásu andmælir Svenni þessum rökum með því að segja að hann hafi sjálfur misst mun fleiri fylgjendur (línur 5–6) og að hann sé stöðugt að missa fleiri (lína 8). Svenni hefur lotuna, þ.e. í forfasa, á orðræðuögninni >*já'*< en strax á eftir notar hann orðið *gaur* sem er borið fram >*gau'*<, þ.e. hratt og með raddbandalokhljóði. Greinileg skil eru á milli forfasa og kjarna lotunnar sem gefin eru til kynna með upphafstóni og áherslu á fyrsta atkvæði persónufornafnsins *ég*. Hér er því *gaur* notað sem eins konar áhersla þar sem hnykkt er á rökum. Orðið gefur lotunni aukið vægi og þyngd og beinir skilaboðunum ákveðið að viðmælanda.

Lýsingar á stöðu mála geta einnig varðað aðstæður í raunheimum. Í dæmi (9) eru Bogi og Svenni að undirbúa sig fyrir næsta leiðangur sem er á efsta erfiðleikastigi (sjá spurningu í línu 1). Áður en þeir fara af stað tilkynnir Bogi að hann þurfi að bregða sér frá (lína 5).

(9) Pása: IU-töl-GTA
(B=Bogi, S=Svenni)

```
01 B   eh er þetta ekki erfiðasta eða→
02     (1,0)
03 S   >jú<
04     (0,5)
```

```
→     05 B   ((ropar)) >gaur↓ ég ætla að< pissa↓
      06     (1,5) ((heyrist leggja frá sér heyrnartól))
      07 S   (allt)lagi
      08     (38 sek)((Svenni spilar áfram))
```

Til að Bogi geti skroppið frá í nokkrar mínútur þarf Svenni að bíða með að setja leiðangurinn af stað í leiknum. Það er því undir Svenna komið að gefa leyfi, sem hann og gerir (lína 7). Tilkynning Boga hefst á ávarpinu *gaur* í forfasa. Orðið er borið fram hratt og ekki eru áberandi skil á milli forfasa og kjarna eins og sjá má á *Mynd 2*.



Mynd 2: Hljómfall í lotu í dæmi 9, línu 5. Myndin sýnir tónhæð (pitch) og tíma (time).

Með því að hefja lotuna á *gaur* sýnir Bogi að hún feli í sér upplýsingar sem mikilvægt er að komist til skila.

Í þessum kafla var kastljósi beint að lotum sem innihalda staðhæfingar varðandi gang leiksins, ýmist atvik í sjálfum leiknum (dæmi 7–8) eða atriði í raunheimum sem báðir þátttakendur þurfa að taka tillit til (dæmi 9). Loturnar eru því liður í eins konar samvinnu eða samhæfingu á milli drengjanna þar sem þeir koma sér saman um næstu skref. Oft er mikil tímapressa í leiknum og í slíkum tilvikum eru engin skil á milli forfasa og kjarna. Með því að nota *gaur* sýna mælendur mikilvægi þess að viðmælandi taki eftir og bregðist rétt við. Orðið er því notað sem eins konar áhersla til að beina athygli að mikilvægum atriðum.

5.3 Bryddað upp á nýju umfjöllunarefni

Orðið *gaur* kemur stundum fyrir í lotum þar sem bryddað er upp á nýjum umræðuefnum. Í dæmi (10) snýr Bogi aftur að tölvunni eftir að hafa brugðið sér frá. Áður en hann setur á sig heyrnartólin kallar hann nafn vinar síns (lína 1) sem svarar (lína 2) og gefur honum þar með leyfi til að halda áfram með samtalið og velja næsta umræðuefni (sbr. umfjöllun um *kallorð* í kafla 3).

(10) Playstation: IU-töl-GTA
(B=Bogi, S=Svenni)

```
      01 B   Svenni ((heyrist úr fjarlægð))
      02     yo:↓ ((Bogi setur á sig heyrnartól))
→     03 B   gaur↓ ég var að fatta eitt (1,4) [ég get-] ég get
      04 S                                    [hvað þá]
      05 B   þarna keypt þúst Pés- eða þúst þarna .mt Playstation o:g hh
      06     (1,5) fokking mo:nitor↓ ((frásögnin heldur áfram))
```

Bogi hefur lotuna á *gaur*¯ í forfasa og boðar svo að hann ætli að segja Svenna frá nýrri uppgötvun (lína 3) sem hann samþykkir (lína 4). Þar næst bryddar Bogi upp á nýju efni sem varðar fyrirhuguð kaup á leikjatölvu (lína 3, 5–6). Orðið *gaur* er borið fram með stuttum tvíhljóða og fallandi tóni (mælt með PRAAT). Skil eru á milli forfasa og kjarna og hefst kjarninn á greinilegum byrjunartóni, þ.e. með léttri áherslu. Hér er orðið *gaur* notað sem eins konar upphaf. Með því að beina orðum að viðmælanda áður en komið er að kjarna skilaboðanna kallar mælandi á athygli. Ef til vill mætti bera þessa notkun saman við notkun orðræðuagnarinnar *heyrðu* en ekki verður fjallað nánar um það hér.

Mælendur geta einnig bryddað upp á nýju umræðuefni með beinum spurningum. Dæmi (11) hefst þegar fyrra umræðuefni er að tæmast (línur 1–2). Bogi hefur svo næstu lotu á ávarpinu *gaur* sem borið er fram með fallandi tóni. Hann á þó erfitt með að orða hugsanir sínar og sýnir það með því að nota orðræðuögnina *þarna* þar sem hann dregur seiminn á síðasta sérhljóðanum (lína 3).

(11) Hvað kostar nightclub: IU-töl-GTA
(B=Bogi, S=Svenni)

```
      01     (1,8)
      02 B   .mt ég veit ekki ((kæruleysislegt))
→     03 B   gaur↓ (1,0) þarna::::[::→]
```

```
04 S                          [já¯ ]
05     (1,8)
06 B   hvar get ég fen[gið þarna fokkin-      ]
07 S                  [hvað er gaurinn að gera]
08     (0,8)
09 B   ég veit ekki
10     ((þremur lotum sleppt þar sem Bogi leitar að
orði))
11 B   hvar getur maður fengi:::ð (0,6) er ég heimskur
eða bíddu:::
12     (1,0)
13     já hvað kostar nIghtclub hvað kostar nightclub↓
```

Svenni bregst við með orðræðuögninni *já* og gefur Boga þar með leyfi til að halda áfram (lína 4). Eftir mjög langa pásu sem nær yfir 1,8 sekúndur heldur Bogi svo áfram og varpar fram spurningu. Hann nær þó ekki að klára hana þar sem Svenni vekur athygli á öðru sem er að gerast í leiknum (lína 7). Bogi virðist einnig eiga erfitt með að muna orðið sem hann ætlaði að nota sem sést m.a. á því hvernig hann dregur seiminn, gerir hlé á máli sínu og notar frasa og orðræðuagnir sem sýna vandræðin sem hann er kominn í (lína 11). Loks man hann orðið sem hann leitaði að og nær að varpa fram spurningunni (lína 13).

Í dæmum (10) og (11) kemur *gaur* fyrir í lotum þar sem mælandi bryddar upp á nýju umræðuefni. Orðið er því notað til að sýna skil í samtalinu, þ.e. það er notað sem eins konar merki um innra skipulag orðræðunnar (sbr. Kiesling 2004:292 um *dude*).

5.4 Keppst um orðið

Í efniviðnum eru dæmi um að *gaur* sé notað þegar viðmælendur keppast um orðið. Í eftirfarandi broti, í dæmi (12), eru Bogi og Svenni að láta sig dreyma um belti sem þá langar að kaupa sér. Eins og Bogi bendir á þyrftu þeir þó að greiða fyrir það háar fjárhæðir (línur 1–2) sem Svenni tekur undir að sé bjánalegt eða „stupedo“ eins og hann orðar það (lína 4). Eftir stutta þögn tekur Bogi svo aftur til máls þar sem hann virðist ætla að segja frá áætlunum sínum næsta sumar (lína 6). Áður en hann nær að klára byrjar Svenni nýja lotu og segir frá því sem hann ætlar að gera (lína 7). Með öðrum orðum eru vinirnir að keppast um orðið. Bogi er þó ekki alveg á því að gefast upp.

(12) Sumarvinna: IU-töl-GTA
(B=Bogi, S=Svenni)

```
01  B   það er svona tveggja mánaða laun sko ef ég er að vinna
02      mi:kið sko
03      (1,3)
04  S   já þetta er alveg (0,4) stupedo °sko°
05      (0,8)
06  B   en ég vil [frekar-  ]
07  S              [já ég ver]ð heima: (0,3) allt
                                       [næsta  ] sumar °sko°
→   08  B                                  [>gaur↓<]
09      (0,4)
10  S   ég ætla að vinna↓
11      (0,5)
12  B   ég ætla að vera að vinna: (.) bara næsta sumar er ég að hugsa
13      um að- (.) reyna að fá vinnu svona í að vera mú:rari eða eitthvað
14      þannig svið
```

Bogi reynir að ná athygli Svenna með því að nota ávarpið *gaur* (lína 8). Orðið er borið fram hratt og með fallandi tóni. Þetta dugir þó ekki til að fá orðið aftur. Hann bíður þar til Svenni hefur lokið við lotuna sína og nær þá að segja frá eigin áætlunum fyrir næsta sumar (lína 12).

Í dæmi (12) kemur *gaur* fyrir sem sjálfstæð lota. Þrátt fyrir það er framburður orðsins ekki ósvipaður framburði í fyrri dæmum, þ.e. það er borið fram með stuttum tvíhljóða og snörpum fallandi tóni. Orðið er notað til að gefa til kynna ósk um athygli og tengsl við viðmælanda, ef til vill á svipaðan hátt og hægt er að nota augnráð, innöndun eða ræskingar til að sýna að viðkomandi vill gjarnan komast að í samtalinu.

5.5 Viðbrögð við upplýsingum

Í dæmunum fram að þessu höfum við séð hvernig orðið *gaur* er notað í lotum þar sem mælandi tekur frumkvæði, t.d. með því að biðja viðmælanda að bregðast við á ákveðinn hátt eða brydda upp á nýju umræðuefni. Í síðasta kaflanum er röðin komin að tilvikum sem koma fyrir í viðbrögðum[3] við nýjum upplýsingum (sjá Thompson,

[3] Gerður er greinarmunur á viðbrögðum (e. *responses*) og svörunum (e. *reactions*). Svaranirnar geta verið óyrtar (t.d. augnráð) og komið fyrir sem samhliða tal (t.d. endurgjöf á borð við *mhm*). Viðbrögð eru hins vegar alltaf munnleg og koma aðeins fyrir við lotuskiptastöðvar eða þegar viðmælandi er við það að klára lotuna (Thompson, Fox og Couper-Kuhlen 2015:3).

Fox og Couper-Kuhlen 2015:2–3). Í dæmi (13) eru Bogi og Svenni að velja sér næsta verkefni og leikurinn ekki hafinn. Þagnir eru langar og drengirnir drepa tímann t.d. með því að söngla (lína 1) og ræða mál sem ekki snerta sjálfan leikinn, svo sem hvað þeir eru að borða á meðan leik stendur. Svenni talar um sjálfan sig í þriðju persónu og vísar til sín sem *kallinn* (lína 3).

(13) Subway: IU-töl-GTA
(B=Bogi, S=Svenni)

```
      01 S   hm hm hm ((sönglar))
      02     (6,3)
      03 S   kallinn er að fá /Subwa:y→
      04     (0,6)
→     05 B   <sh:i:::t> gauh↓
      06     (0,5)
      07 S   eða [(xx)]
      08 B       [fá  ] Subvæe:
      09     ((löng þögn áður en skipt er um umræðuefni))
```

Bogi bregst við með blótsyrðinu *shit* sem hann ber fram hægt með löngum hljóðum. Lotan endar svo á *gauh* (lína 5). Orðið er borið fram með fallandi tóni og r-hljóðið heyrist ekki. Eftir stutta þögn koma örstuttar athugasemdir frá bæði Svenna og Boga um Subway og þar með lýkur umræðuefninu. Lotan þar sem *gauh* kemur fyrir gegnir því fyrst og fremst hlutverki viðbragðs og beinist aftur á bak í samtalinu og sker sig því verulega úr í samanburði við fyrri dæmi. Með því að enda lotuna á *gauh* leggur mælandi einhvers konar áherslu á viðbrögð sín og gefur þeim aukið vægi. Ef til vill má einnig segja að mælandi noti orðið til að skapa sterkari tengsl við viðmælanda. Þetta sést ef til vill betur í dæmi (13) þar sem Bogi og Svenni eru á leið í ránsferð í leiknum. Svenni situr við stýrið og Bogi ætlar að fara inn og ræna. Hann kemst þó ekki út úr bílnum því að Svenni heldur áfram að keyra þótt þeir séu komnir á áfangastað. Bogi biður hann þá að stoppa (lína 1).

(14) Búðarferð: IU-töl-GTA
(B=Bogi, S=Svenni; T=tölvurödd)

```
01  B   HÆTTU AÐ FOKKING KEYRA:: ((pirraður))
02      (1,0)
03  S   en ég er að fara frá búðinni↓
04      (1,3)
```

```
→      05 B   æi já:↓ (.) >sorrí gauh<
       06     (1,3)
       07 T   oh I'm about to change shifts but (.) I can help you
```

Svenni vísar beiðninni frá með því að útskýra ástæðu þess að hann stoppar ekki bílinn (lína 3). Eftir 1,3 sekúndna þögn kvittar Bogi fyrir móttöku upplýsinganna (lína 5). Fyrst notar hann orðræðuögnina *æi* sem gefur til kynna að upplýsingarnar stangist á við fyrri væntingar. Á eftir henni kemur *já* sem sýnir að hann viðurkennir að þetta sé rétt. Á eftir örstutt hlé biðst hann svo afsökunar með tökuorðinu *sorrí* og endar lotuna á ávarpinu *gauh*. Tvö síðustu orðin eru borin fram mjög hratt og lotan endar á fallandi tóni. Eins og í mörgum fyrri dæmum fellur r-hljóðið brott.

6 Samantekt og umræða

Meginmarkmið þessarar greinar er að varpa ljósi á notkun ávarpsins *gaur* í óformlegum samtölum íslenskra unglinga. Efniviðurinn sem var til skoðunar samanstóð af samtölum fimm fimmtán ára drengja á höfuðborgarsvæðinu sem eru að spila tölvuleiki, samtals fjórar klukkustundir og tuttugu og ein mínúta af töluðu máli. Samtölin voru greind með aðferðum samtalsgreiningar og samskiptamálfræði sem eru eigindlegar rannsóknaraðferðir þar sem lögð er áhersla á að finna endurtekin mynstur í samskiptum og túlka þau út frá því sem á sér stað í samtalinu, þ.e. í hvaða samhengi atriðið sem er til rannsóknar kemur fyrir og hvernig viðmælandi bregst við í næstu lotu.

Í gögnunum voru 137 dæmi um notkun orðsins *gaur* sem ávarp. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að notkunin sé mismikil bæði milli samtala og einstaklinga. Notkunin var mest í leikjum þar sem hraðinn var mikill. Flest dæmin komu fyrir í máli Boga, eða 114, en engin dæmi komu fyrir hjá Sigga.

Hvað varðar formleg einkenni orðins má nefna tvenns konar breytileika, annars vegar stöðu orðsins í lotunni og hins vegar hljóðfræðileg einkenni á borð við áherslu, hljómfall og lengd sérhljóða. Hvað varðar fyrri liðinn kemur *gaur* fyrir á þremur stöðum í lotunni: í forfasa, eftirfasa og sem sjálfstæð lota. Flest dæmin um *gaur* koma fyrir í forfasa eða um 95%. Að því leyti hagar ávarpið *gaur* sér á annan hátt en *dude* í ensku þar sem aðeins 59,5% tilvika komu fyrir í byrjun lotna og 27% í lokin (sjá tölur hjá Kielsing 2004:291). Í um helmingi slíkra

tilvika, það er í forfasa, kom *gaur* strax á eftir annarri orðræðuögn eins og t.d. *já*, *nei*, *æi já*, *en* og *ah*.

Þegar litið er til hljóðfræðilegra atriða má segja að helsta einkennið á *gaur* sé að orðið er yfirleitt borið fram með fremur stuttu tvíhljóði og með fallandi tóni. Stundum hverfur r-hljóðið í lokin. Oft eru skýr skil á milli orðsins *gaur* í forfasa og kjarna lotunnar með örstuttri pásu á milli eða jafnvel raddbandalokhljóði (sjá *Mynd 1* í kafla 5). Skilin eru svo merkt með hækkuðum tóni í upphafi kjarnans. Stundum eru skilin þó ógreinileg og forfasi og kjarni geta jafnvel runnið saman, sér í lagi í tilvikum þar sem mælendur tala mjög hratt (sjá *Mynd 2* í kafla 5).

Flest dæmi um *gaur* eru í lotum þar sem mælandi tekur frumkvæði, t.d. í beiðnum, staðhæfingum er varða stöðu mála (í leiknum eða í raunheimum), í upphafi nýs umræðuefnis og í lotum þar sem mælendur keppast um að fá orðið. Hlutverk orðsins *gaur* í þessu samhengi er að vera eins konar áhersla eða beiðni um athygli. Nokkur dæmi voru um notkun orðsins *gaur* í viðbrögðum við nýjum upplýsingum og kom *gaur* þá fyrir í eftirfasa. Í þeim tilvikum virðist orðið fyrst og fremst vera eins konar tákn eða merki um samkennd, heiðarleika og einlægni eins og t.d. þegar verið er að fagna því sem er gleðilegt eða biðjast afsökunar á eigin misgjörðum (t.d. eins og í *sorrí gaur*). Ekki er ólíkleg að *gaur* gegni í slíku samhengi svipuðu hlutverki og *maður* eða *mar*.

Að lokum má svo velta fyrir sér hvort telja megi orðið *gaur* eins og það er notað í nútímanum til orðræðuagna. Spyrja má hvort orðið sé við það að kerfisvæðast og missa merkingarlegt innihald (sjá t.d. Erman 2001:1338). Er *gaur* hætt að gegna hlutverki ávarps með því að vísa til karlmanna, þ.e. 'gaura'? Og hefur orðið jafnframt öðlast nýtt hlutverk sem snýr að sjálfum lotuskiptunum? Orðið sýnir mörg einkenni þess að það sé notað sem orðræðuögn. Í fyrsta lagi er notkunarsvið orðsins orðið mun víðara en það var áður og ekki er óalgengt að heyra unga karla og ungar konur nota orðið *gaur* í lotum sem beinast að konum (sbr. kafla 3). Í öðru lagi er tíðni orðsins mjög há í sumum samtölunum eins og í samtölum Boga og Svenna sem eru að spila GTA. Mikil notkun orða getur bent til þess að orðið sé að ganga í gegnum eins konar breytingarferli (sjá t.d. Kotsinas 2004 um *ba* í sænsku). Í þriðja lagi má benda á framburð orðsins en *gaur* er oft borið fram án r-hljóðs, með óvenju stuttum tvíhljóða og jafnvel með raddbandalokhljóði. Einföldun og stytting á framburði er einmitt eitt einkenna kerfisvæðingar orðræðuagna (sbr. *þú veist* > *þúst*).

Eitt er þó ljóst að þótt notkun ávarpsins *gaur* í unglingamáli hafi ef til vill mótast af sambærilegu orði úr ensku, *dude*, er ekki um algjöra nýjung að ræða í íslensku. Notkunin er gömul og ný í senn og áhugavert verður að fylgjast með hvernig hún þróast á næstu árum.

Heimildir

Andersen, Gisle. 2014. Pragmatic borrowing. *Journal of Pragmatics* 67:17–33.

Auer, Peter. 2010. The pre-front field in spoken German and its relevance as grammaticalization position. *Pragmatics* 6(3):295–322.

Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.

Bolden, Galina B. 2024. Analysing particles. Í: Jeffrey D. Robinson, Rebecca Clift, Kobin H. Kendrick og Chase Wesley Raymond (ritstj.). *The Cambridge handbook of research methods in conversation analysis*, bls. 611–640. Cambridge: Cambridge University Press.

Clift, Rebecca, Kobin H. Kendrick, Chase Wesley Raymond og Jeffrey D. Robinson. 2024. Appendix I: Jeffersonian transcription conventions. Í: Rebecca Clift, Kobin H. Kendrick, Chase Wesley Raymond og Jeffrey D. Robinson (ritstj.). *The Cambridge handbook of research methods in conversation analysis*, bls. 974–989. Cambridge: Cambridge University Press.

Couper-Kuhlen, Elizabeth, og Margret Selting. 2018. *Interactional Linguistics*: *Studying language in social interaction*. Cambridge: Cambridge University Press.

Deppermann, Arnold & Lorenza Mondada. 2021. Data and methods in the study of OKAY accross languages. Í: Emma Betz, Arnulf Deppermann, Lorenza Mondada & Marja-Leena Sorjonen (ritstj.). *OKAY across languages. Toward a comparative approach to its use in talk-in-interaction*, bls. 29–51. Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins Publishing Company.

Dictionnaire du Moyen Français. CNRS og Université de Lorraine. http://zeus.atilfr.fr/dmf (sótt í apríl 2025).

Drew, Paul og Elizabeth Couper-Kuhlen. 2014. Requesting – from speech act to recruitment. Í: Paul Drew og Elizabeth Couper-Kuhlen (ritstj.): *Requesting in social interaction*, bls. 1–34. Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins Publishing Company.

Erman, Britt. 2001. Pragmatic markers revisited with a focus on *you know* in adult and adolescent talk. *Journal of Pragmatics* 33(9):1337–1359.

Helga Hilmisdóttir. 2001. Partiklarna þúveist og *skiluru* – ett isländskt ungdomssamtal under lupp. Í: Kerstin Nordenstam og Kerstin Norén. *Språk, kön och kultur*. Rapport från fjärde nordiska konferensen om språk och kön i Göteborg den 6–7 oktober 2000, bls. 124–131. Göteborg: Göteborgs universitet.

Helga Hilmisdóttir. 2007. *A sequential analysis of* nú *and* núna *in Icelandic conversation.* Nordica Helsingiensia 7. Helsinki: University of Helsinki.

Helga Hilmisdóttir. 2019–2020. Agnir í forfasa lota: *líka* í samtölum íslenskra unglinga. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 41–42:213–224.

Helga Hilmisdóttir. 2023. Språkkontakt och grammatik – en empirisk undersökning av pragmatiska lån isländska tonårspojkars samtal. Í: Matteo Tarsi, Lasse Mårtensson och Henrik Williams (ritstj.). *Från Island till Sverige och tillbaka. Festskrift till Veturliði G. Óskarsson på 65-årsdagen*, bls. 49–68. Uppsala: Institutionen för Nordiska språk.

Kiesling, Scott F. 2004. Dude. *American Dialect Society* 79:281–305.

Kotsinas, Ulla-Britt. 2004. *Ungdomsspråk.* Uppsala: Hallgren & Fallgren.

Íslensk nútímamálsorðabók. Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir (ritstj.). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. http://islenskordabok.arnastofnun.is (sótt í apríl 2025).

Íslenzk orðabók handa skólum og almenningi. 1963. Árni Böðvarsson (ritstj.). Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

Íslensk orðabók. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. 2002. Mörður Árnason (ritstj.). Reykjavík: Edda.

Lerner, Gene. 2004. Selecting next speaker: the context-sensitiveoperation of a context-free organisation. *Language in Society* 32:177–201.

Mondada, Lorenza. 2017. Precision timing and timed embeddedness of imperatives in embodied courses of action: Examples from French. Í: Marja-Leena Sorjonen, Liisa Raevaara og Elizabeth Couper-Kuhlen (ritstj.). *Imperative turns at talk: The design of directives in action*, bls. 65–101. Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins Publishing Company.

ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog / A Dictionary of Old Norse Prose*. Københavns Universitet. http://onp.ku.dk (sótt í október 2024).

Rendle-Short, Johanna. 2009. The address term mate in Australian English: is it still a masculine term? *Australian Journal of Linguistics* 29(2):245–268.

Rendle-Short, Johanna. 2010. 'Mate' as a term of address in ordinary interaction. *Journal of Pragmatics* 42(5):1201–1218.

Risamálheildin. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. http://malheildir.arnastofnun.is (sótt í október 2024).

Ritmálssafn Orðabókar Háskólans. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. http://ritmalssafn.arnastofnun.is (sótt í október 2024).

Sacks, Harvey, Emanuel A. Schegloff og Gail Jefferson. 1974. A simplest systematics for the organization of turn-taking for conversation. *Language* 50:696–735.

Schegloff, Emanuel. A. 1968. Sequencing in conversational openings. *American Anthropologist* 70(6):1075–1095.

Schegloff, Emanuel A. 1996. Turn organization: one intersection of grammar and interaction. Í Elinor Ochs, Emanuel A. Schegloff og Sandra A. Thompson (ritstj.), *Interaction and grammar*, bls. 52–133. Cambridge: Cambridge University Press.

Sidnell, Jack. 2010. *Conversation analysis: An introduction.* Chichister: Wiley-Blacwell.
Sigfús Blöndal. 1920–1924. *Íslensk-dönsk orðabók* / *Islandsk-dansk ordbog*. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg.
Sorjonen, Marja-Leena, Liisa Raevaara og Elizabeth Couper-Kuhlen. 2017. Imperative turns at talk: An introduction. Í: Marja-Leena Sorjonen, Liisa Raevaara og Elizabeth Couper-Kuhlen (ritstj.). *Imperative turns at talk: The design of directives in action,* bls. 1–26. Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins Publishing Company.
Thompson, Sandra A., Barbara A. Fox og Elizabeth Couper-Kuhlen. 2015. *Grammar in Everyday Talk: Building Responsive Actions.* Studies in Interactional Sociolinguistics 31. Cambridge: Cambridge University Press.
Zwicky, Arnold M. 1974. Hey, Whatsyourname!. Í: La Galy, Michael W., Robert A. Fox, Anthony Bruck (ritstj.). *Papers from the tenth regional meeting of the Chicago Linguistic Society* 10(1), bls 787–801. Chicago: University of Chicago.
Þóra Björk Hjartardóttir. 2020. Allur er varinn góður. Orðið *hvað* sem orðræðuögn. *Orð og tunga* 22:1–18. https://doi.org/10.33112/ordogtunga.22.2.
Þórunn Blöndal. 2005. *Lifandi mál. Inngangur að orðræðu- og samtalsgreiningu*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Lykilorð

gaur, ávörp, orðræðuagnir, samskiptamálfræði, beiðnir

Keywords

gaur, address terms, discourse particles, interactional linguistics, requests

Abstract

The paper focuses on the address term *gaur* in Icelandic conversation. The aim of the study is to outline its patterns of use and functions in interaction. The data comprises four hours and twenty-one minutes of recorded conversation between five fifteen-year-old boys that are playing videogames. The methods applied are Conversation Analysis and Interactional Linguistics.

The results show that *gaur* occurs 137 times in the dataset. The majority of cases (95%) appear in the pre-front field, while only a few instances occur in the post-end field (5 occurrences, 3.6%) and as an independent turn (2 occurrences, 1.4%).

Functionally, *gaur* is most frequently found in turns that serve as initiatives, such as requests, statements about upcoming actions, topic shifts, and competition for the floor. In these contexts, *gaur* primarily functions as an attention-getter and a signal that an important message is about to follow, requiring an immediate response. In

responsive turns, by contrast, i.e. turns reacting to new information, *gaur* appears to convey empathy, honesty, and engagement.

Helga Hilmisdóttir rannsóknarprófessor
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Arngrímsgötu 5
IS-107 Reykjavík
helga.hilmisdottir@arnastofnun.is

Ágústa Þorbergsdóttir
og Kristín Ingibjörg Hlynsdóttir

Ættmæði og peysuperrar – athugun á innsendum orðum á Nýyrðavefnum

1 Inngangur

Nýyrðavefurinn var opnaður 16. nóvember 2018 á degi íslenskrar tungu og er einn af mörgum vefjum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Markmiðið með vefnum er að gera upplýsingar um nýyrði aðgengilegar og gefa almenningi kost á að koma nýyrðum á framfæri með því að senda inn tillögur og þannig stuðla að þróun tungumálsins í takt við samfélagslegar breytingar. Innsend orð geta annaðhvort verið orð sem notendur hafa heyrt eða lesið eða sem þeir hafa sjálfir búið til. Stjórnendur vefsins geta einnig skráð nýyrði sem þeir hafa tekið eftir. Nýyrðavefurinn er því vettvangur fyrir almenning til að senda inn nýyrði eða tillögur að þeim. Öll orðin eru skráð í gagnagrunn og úrval þeirra birtist á vefnum.

Í þessari grein er athugað hvernig Nýyrðavefurinn hefur reynst síðan hann var opnaður og hvers konar orð hafa verið send inn. Rannsóknarspurningar eru eftirfarandi:

- Hvers vegna eru íslensk nýyrði mynduð og send inn á vefinn?
- Á hvaða merkingarsviðum eru nýyrði send inn?
- Hvað einkennir helst þau orð sem almenningur sendir inn?
- Hverjir eru kostir og áskoranir þess að hafa nýyrðavef sem er byggður upp með hópvirkjun, þ.e. þátttöku almennings?

Orð og tunga 27 (2025), 61–86, https://doi.org/10.33112/ordogtunga.27.4
© höfundar CC BY-NC-SA 4.0.

Í næsta kafla er fjallað um forsögu Nýyrðavefsins og opinbert nýyrðastarf, auk þess sem rakin er saga svokallaðrar nýyrðadagbókar. Í 3. kafla er fjallað um innsendingu og birtingu nýyrða auk flokkunar helstu gerða þeirra. Í 4. kafla er greint frá orðmyndun innsendu nýyrðanna og í 5. kafla er fjallað um erlend áhrif. Í lokakafla verða niðurstöður dregnar saman.

2 Forsaga Nýyrðavefsins og opinbert nýyrðastarf

Þótt Nýyrðavefurinn hafi ekki verið opnaður fyrr en árið 2018 á hann sér langa forsögu sem tengist þróun nýyrðastarfs á Íslandi. Í reglum um starfsemi Íslenskrar málnefndar, sem var stofnuð árið 1964, er kveðið á um að nefndin skuli annast söfnun og útgáfu nýyrða, auk þess að veita aðstoð við val og smíði þeirra.[1] Þá er einnig tekið fram að nefndin skuli fylgjast með nýyrðum sem festast í málinu. Árið 1984 voru samþykkt lög um Íslenska málnefnd þar sem tilgreint er að nefndin skuli halda áfram að annast söfnun og útgáfu nýyrða, aðstoða við val og smíði nýrra orða og fylgjast með því hvaða nýyrði ná að festa sig í sessi. Einnig skuli nefndin vinna að skipulagðri nýyrðastarfsemi í landinu, hafa samvinnu við orðanefndir sem félög eða stofnanir hafa komið á fót og vera þeim til aðstoðar.[2] Árið 1985 hóf Íslensk málstöð starfsemi sem skrifstofa og framkvæmdastofnun Íslenskrar málnefndar og sinnti meðal annars málfarsráðgjöf og nýyrðastarfi. Árið 2006 var Íslensk málstöð sameinuð öðrum stofnunum á sviði íslenskra fræða undir nafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Hin nýja stofnun tók við verkefnum og skyldum fyrri stofnana, þar á meðal leiðbeiningum um málfarsleg efni og nýyrðastarfsemi.

Nýyrðasöfnun á vegum Íslenskrar málnefndar og Íslenskrar málstöðvar beindist aðallega að fræðilegum eða starfsbundnum heitum á afmörkuðum sviðum (sbr. Halldór Halldórsson og Baldur Jónsson 1993:94). Á níunda áratug síðustu aldar var ákveðið að greina á milli fræðiheita og nýyrða og þá var tekið upp orðið *íðorð* fyrir það sem á erlendum málum kallast *term*, þ.e. fræðilegt eða starfsbundið heiti, hvort sem það er eitt orð eða fleiri, nýtt eða gamalt. Jafnframt var

[1] Sjá 1. tölul. 1. gr. reglna um starfsemi Íslenzkrar málnefndar nr. 49/1965.
[2] Sjá 6. mgr. 2. gr. laga nr. 80/1984 um Íslenska málnefnd.

ákveðið að aðgreina íðorðastarfsemi frá almennri nýyrðasmíð þótt þessi svið tvinnist stundum saman.[3]

2.1 Frá nýyrðadagbók til nýyrðavefs

Íslensk málnefnd og síðar Íslensk málstöð héldu til haga nýyrðum og hugmyndum um ný orð og voru þau skráð í svokallaða nýyrðadagbók. Flest þessara orða komu fram í tengslum við málfarsráðgjöf í síma og erindi til stofnunarinnar. Einnig voru skráð nýyrði sem fólk hafði látið vita um, hvort sem það hafði sjálft myndað orðin eða rekist á þau. Nýyrðadagbókin var því ekki afrakstur skipulegrar orðtöku úr nútímamáli og ekki var beinlínis fylgst með því hvaða nýyrði náðu fótfestu í málinu (Ágústa Þorbergsdóttir 2011:334). Fyrstu árin var þetta efni skráð í sérstaka lausblaðabók en síðar var það tölvuskráð (Halldór Halldórsson og Baldur Jónsson 1993:136–137). Árið 2002 var lokið við að gera nýyrðadagbókina aðgengilega sem sérstakt safn innan Orðabanka Íslenskrar málstöðvar sem síðar varð Íðorðabanki Árnastofnunar. Jafnframt var bætt við töluverðu nýju efni og í lok árs hafði dagbókin að geyma fjölda flettna (Árbók Háskóla Íslands 2002:140–141).

Nýleg nýyrði

Hér fer á eftir svolítið sýnishorn úr nýyrðadagbók Íslenskrar málstöðvar á árinu 1998. Ath. að orðin gætu hæglega átt lengri notkunarsögu. (Í sviga er sýnd skýring, eldra orð (oftast sletta) eða erlent orð ef það er þekkt við skráningu.)

bassabót (bass boost)
dreifbær - um búskap („extensívur")
ferbaggi (stór ferkantaður heybaggi)
fróðgjafi („upplýsingaaðili")
geislaklukk (lazer tag)
grunnkerfi (infrastructure)
innviðir (infrastructure)
kertaslökkvari (ljósabani, ljóskæfa, ljóskæfir, skarhjálmur)
kynhneigðarhroki („hómófóbía")
kynhneigðarremba („hómófóbía")
kynþáttahroki („rasismi")
netfíkill
netheimar (cyberspace)
skanni (scanner)
sviðsgrínari (stand-up comedian)
veglykill (køfri brikk)
vermikerti (sprittkerti)
vinnuhollur („ergónómískur")
þéttbær - um búskap („intensívur")

Mynd 1. Dæmi um nýyrði í nýyrðadagbókinni (Málfregnir 1998 16(2):31).

[3] Orðið *íðorð* hafði áður verið notað í bókartitlinum *Íðorðasafn* sem Orðanefnd Verkfræðingafélagsins tók saman 1928 en það náði ekki að festa sig í sessi í málinu. Guðmundur Finnbogason myndaði orðið og fyrri liðurinn *íð* merkir 'verk, iðn, starf' (Sigrún Helgadóttir 2010:56–59).

Meginhlutverk Orðabanka Íslenskrar málstöðvar var að safna saman hvers kyns íðorðum, þ.e. orðum sem tengdust tilteknum fræðigreinum og starfsgreinum. Orðabankinn var þó ekki vel til þess fallinn að birta nýyrðadagbókina þar sem leitarkerfið leyfði ekki opna leit. Þetta þýddi að notendur gátu ekki fengið yfirsýn yfir öll innsend nýyrði og gátu aðeins fundið orð sem þeir vissu fyrir fram að væru skráð.[4]

Mynd 2. Forsíða Orðabanka Íslenskrar málstöðvar 2002–2018.

Um hundrað orð úr nýyrðadagbókinni voru birt um leið og nýi vefurinn var opnaður en eru ekki merkt sérstaklega. Nýyrðavefurinn fékk um leið eigin vefsíðu (nyyrdi.arnastofnun.is) sem gerði kleift að aðgreina nýyrði frá íðorðum. Með þessari nýju vefsíðu varð mun auðveldara en áður að fá yfirsýn yfir innsend nýyrði.

3 Orðabók á vegum stofnunar en með þátttöku almennings

Á Nýyrðavefnum fá notendur tækifæri til þess að koma nýjum orðum á framfæri, bæði orðum sem þeir hafa tekið eftir og orðum sem þeir hafa sjálfir myndað. Ritstjórn fer yfir innsendar tillögur og birtir

[4] Leitarkerfið krafðist þess að a.m.k. tveir stafir væru í leitarstrengnum auk algildisstafsins *. Því var ekki hægt að leita að skráðum orðum nema með því að slá inn að minnsta kosti tvo stafi ásamt * í leitarstrenginn.

án efnislegra breytinga. Aðrir notendur geta skrifað athugasemdir og kosið með eða á móti færslu en ekki eytt eða breytt henni. Hér á eftir er fjallað um hvernig innsendingu og birtingu er háttað, fjölda innsendra orða, skýringar þeirra sem senda inn nýyrði og flokkun og greiningu á innsendum orðum.

3.1 Innsending og birting nýyrða

Innsendingar á Nýyrðavefinn fara þannig fram að notendur eru beðnir um að fylla inn í ákveðna reiti á sérstakri innsendingarsíðu. Óskað er eftir upplýsingum um merkingu nýyrðis, orðflokk og kyn og uppruna þess. Unnt er að velja úr eftirfarandi valkostum: *ég sá orðið á prenti*, *ég heyrði orðið*, *ég bjó orðið til*, *þýðing úr öðru tungumáli eða annað*. Ef orðið kemur úr öðru máli er óskað eftir upplýsingum um hvaða tungumál og orð liggur að baki því.



Mynd 3. Hluti af innsendingarsíðu.

Auk þess er beðið um heimildir, dæmi og hvar og hvenær innsendandi sá eða heyrði nýyrðið fyrst. Ef um trausta heimild er að ræða, t.d. prentmiðil eða annan fjölmiðil, er óskað eftir því að nafn miðilsins sé skráð, blaðsíðutal ef við á, eða vefslóð ef hana er að finna. Mikill meirihluti innsendra orða er þó búinn til eða myndaður af þeim sem senda orðin inn.

Þeir sem senda inn nýyrði eru beðnir um að skrá upplýsingar um sig, þ.e. nafn, fæðingarár, netfang og heimilisfang, og þeir geta valið hvort nafn þeirra er birt með flettunni á vefnum.[5] Óskað er eftir þessum upplýsingum til að auka trúverðugleika innsendra nýyrða og auðvelda staðfestingu á því að nýyrðin komi frá raunverulegum sendanda.

[5] Upplýsingar um fæðingarár, heimilisfang og netfang eru aldrei birtar á vefnum.

Við hönnun vefsins var ákveðið að hafa notendaviðmótið líflegt og í líkingu við samfélagsmiðla. Notendur geta skrifað athugasemdir um innsend nýyrði, t.d. rætt mismunandi skýringar eða gefið dæmi um notkun þeirra og auk þess metið orðin með því að „gefa þeim þumla“ upp eða niður. Orðin birtast á vefnum sem spjöld og notendur geta valið í hvaða röð þau birtast, hvort sem það er eftir nýjustu innsendingum, stafrófsröð, vinsældum, mesta umtali eða af handahófi. Einnig er hægt að leita að einstökum orðum

Mynd 4. Dæmi um birt nýyrði sem vakið hefur athygli notenda.

Ekki eru öll innsend orð sjálfkrafa birt á Nýyrðavefnum. Ritstjórnir orðabóka hafa yfirleitt stefnu um hvenær orð eru tekin inn í orðabækur, sérstaklega þegar um ný orð er að ræða (sbr. Diamond 2015:533–539). Í hefðbundnum orðabókum skiptir tíðni orðs máli; því algengara sem orð er, því líklegra er að það verði tekið inn. Ef orð er auðkennt með gæsalöppum eða öðrum greinarmerkjum bendir það til þess að það hafi ekki enn náð að festa sig í sessi í málinu. Ef athuganir sýna að orð sé að verða algengara er það vísbending um að það sé að festa sig í sessi og ætti því að vera tekið inn í orðabók. Með því að fylgjast með orði yfir lengri tíma er hægt að meta hvort það hafi náð fótfestu í málinu eða sé dægurorð sem hverfur fljótt. Einnig er horft til þess hversu víða orðið er notað í samfélaginu, t.d. af mismunandi hópum eða í ólíkum landshlutum. Ef orð er mjög útbreitt vegur það þungt við val í orðabók.

Viðmið við birtingu nýyrða á Nýyrðavefnum eru önnur en þau sem gilda um hefðbundnar orðabækur. Þar er þess ekki krafist að orð hafi verið til í málinu í marga áratugi eða að þau komi fyrir í fjölmörgum heimildum. Slíkt viðmið myndi fara gegn markmiði Nýyrðavefsins sem er að veita notendum vettvang til að kynna

ný orð og stuðla að þróun tungumálsins í takt við samfélagslegar breytingar.

Helsta viðmið ritstjórnar við birtingu innsendra orða er að klámfengin eða ruddaleg orð eru ekki birt. Einnig er hafnað tillögum um ný íðorð ef almennt viðurkennt íðorð er þegar til, svo sem ný heiti fyrir frumefni í lotukerfinu eða plöntur og dýr, s.s. *kísdís* sem nýtt orð yfir frumefnið selen eða *langhálsi* sem nýtt orð yfir gíraffa. Breytingar á viðteknum íðorðum geta valdið ruglingi í samskiptum. Gömul tökuorð sem hafa þegar fest sig í sessi í málinu eru heldur ekki birt. Dæmi um þetta er orðið *kombakk*, sem hefur verið sent inn á Nýyrðavefinn. Það orð hefur verið þekkt í íslensku máli í marga áratugi og er skráð í *Orðabók um slangur, slettur, bannorð og annað utangarðsmál* sem kom út 1982 (með rithættinum *kommbakk*) (Mörður Árnason, Svavar Sigmundsson og Örnólfur Thorsson 1982:67). Þá eru bullorð ekki birt þó að erfitt geti verið að draga nákvæm mörk á milli þeirra og annarra orða.

3.2 Fjöldi innsendra orða

Hér verða orðin sem send hafa verið inn athuguð nánar með tilliti til þess hverjir senda þau og hvers vegna. Skoðaðar voru innsendingar frá tímabilinu 16. nóvember 2018 til 5. janúar 2024, samtals 1.442 nýyrði. Þeir sem senda inn orð eru beðnir um að skrá ýmiss konar upplýsingar um orðin og sig sjálfa. Átján orð voru án nokkurra skýringa eða upplýsinga og voru tekin út úr gögnunum. Tekin var ákvörðun um að undanskilja öll orð sem einn tiltekinn aðili sendi inn. Hann hafði sent inn samtals 104 orð og var myndun þeirra alls ódæmigerð fyrir safnið í heild og nær engin þeirra birt á vefnum. Öll þessi orð voru hans eigin smíð, búin til á óhefðbundinn hátt og eina leiðin til þess að flokka þau hefði verið að setja þau í sérstakan flokk. Ekki þótti ástæða til þess að greina þann flokk sérstaklega að þessu sinni og því eru þau undanskilin í þessari athugun.

Einnig voru tekin út orð ef ljóst var að sami sendandi hafði sent þau inn tvisvar með stuttu millibili. Hugsanlega hefur fólk ekki lesið allar upplýsingar á síðunni og heldur að orð birtist strax eftir innsendingu en áttar sig ekki á því að ritstjóri þarf að fara yfir og samþykkja orð til birtingar. Þegar sami aðili sendir sama orðið aftur með nokkurra mánaða eða ára millibili hafa þau dæmi fengið að vera með í athuguninni en slík tilvik eru ekki mörg. Þá voru 1.298 orð eftir til þess að skoða nánar. Þar af hafa 762 þeirra verið birt á vefnum en hér eru þó ekki aðeins birt orð tekin til athugunar.

Til þess að sjá hversu mörg orð hver notandi hefur sent var athugað hversu mörg orð væru skráð á sama netfang. Flest orð eru skráð á netfang ritstjóra, samtals 42, en þau orð eru ýmist frá opnum viðburðum eins og Vísindavöku þar sem gestir og gangandi hafa fengið að senda inn orð á staðnum eða orð sem ritstjóri hefur rekist á og viljað setja inn. Fimm netföng eru skráð fyrir 11–19 orðum, 20 netföng fyrir fimm til átta orðum, 156 netföng skráð fyrir tveimur til fjórum orðum og 685 netföng fyrir einu orði. Langflestir virðast því aðeins senda inn eitt orð en einnig senda nokkuð margir inn tvö til fjögur orð.

Langoftast segist sendandi sjálfur hafa búið orðið til, eða í 872 tilvikum. Í 88 innsendingum segist sendandi hafa séð orðið á prenti, 138 sinnum segist sendandi hafa heyrt orðið og 118 orð eru sögð vera þýðingar úr öðru tungumáli. Í 82 innsendingum er uppruni sagður *annað*.

3.3 Af hverju eru nýyrði send inn á vefinn?

Nýyrðavefurinn er samvinnuverkefni milli stofnunar og notenda þar sem notendur taka beinan þátt (e. *collaborative-institutional dictionaries*, sjá Meyer og Abel 2018:737). Framlög notenda eru heilar orðabókarfærslur sem ritstjórn fer yfir og samþykkir til birtingar án þess að gera efnislegar breytingar. Þær mynda þannig safn orðabókarskýringa sem aðrir notendur geta skoðað en ekki breytt eða eytt. Einn helsti kostur beinnar þátttöku notenda er sá að margbreytilegur bakgrunnur þeirra stuðlar að fjölbreyttari orðaforða en finna má í hefðbundnum orðabókum.

Hvati notenda til þess að senda inn færslur getur verið margvíslegur. Þegar þeir senda inn tillögur hafa þeir tækifæri til að skrifa athugasemd til ritstjórnar um orðið þar sem oft má finna skýringar á tilurð þess eða ástæðu innsendingar. Hér fyrir neðan eru valin dæmi úr þessum athugasemdum sem sýna mismunandi ástæður þess að fólk sendi inn eða bjó til orð.

(1) Sumir sjá sér persónulegan hag í því að búa til eða senda inn orð sem þeir telja sig þurfa að fá birt eða ætla sér sjálfir að nota.

   a. Þarf að fá kvenkynsorðið samþykkt, er að nefna merfolald og þar sem þeir finna þetta orð ekki í orðabók þá synja þeir því.

b. Þetta orð ætla ég að nota við hin ýmsu spunaspil sem ég tek þátt í því það hljómar bæði vel og getur verið fallbeygt.

(2) Aðrir vilja hafa áhrif á það hvaða orð aðrir nota og breiða út „betri orð“ í stað erlendra orða, tökuorða eða íslenskra orða sem þeim þykja ekki nógu góð.

a. Það er tímabært að Árnastofnun noti sína menningarlegu vigt til að skera úr um hringlið í kringum ‘Black Friday’. Svartur fössari eða álíka útgáfur eru afleitar. Svörtudagur er eitthvað sem mætti koma á framfæri og var í umræðunni þegar fyrirbærið var að ná fótfestu í verslun hér á landi.

b. Mér er ekki kunnugt um að íslenskt heiti sé til á þetta grænmeti. Það er erfitt að kynna fyrir fólki. Það hváir margoft ef það heyrir orðið butternut squash súpa, til dæmis. Kerbítur er auðvelt að skýra. […] Kúrbítur sem er svipaður graskeri á bragðið.

(3) Sumir senda inn orð sem þeir vilja að séu skráð eða „viðurkennd“.

a. Ég bjó þetta orð til þegar ég var barn, í kringum 1970. Ættingjar og vinir hafa notað það æ síðan. Þjált og þarft orð sem nú hefur verið notað af okkur áratugum saman.

b. Það segja þetta allir en ég vil að þetta verði viðurkennt.

(4) Sumir nefna að þeim finnist gaman að búa til orð, sum orð eru send inn meira í gamni en alvöru.

a. Okkur fjölskyldunni finnst gaman að smíða ný orð.

b. Nýyrðið varð til í yfirstandandi jarðskjálftahrinu.

(5) Nokkuð er um að innsendingar komi frá grunnskólanemum í íslenskutímum[6] eða að fólk sendi inn orð af því að þeim var sett fyrir að búa til orð.

a. Beðið um orð sem fangar merkingu orðsins *gaslighting* í þættinum Kappsmál 27. nóv 2020.

[6] Notendur láta ýmsar bakgrunnsupplýsingar fylgja innsendingum, t.d. aldur, heimilisfang og netfang, og skýra oft sérstaklega frá því af hverju þeir senda orð inn. Það kemur fyrir að margar innsendingar berast á sama tíma (skólatíma) frá krökkum á sama aldri búsettum í sama hverfi þar sem svo virðist sem þeir séu staddir í kennslustund og hafi fengið það verkefni að smíða nýyrði og senda inn á vefinn.

b. Ég og vinkonur mínar, [...] bjuggum orðið til fyrir íslenskuverkefni :)

(6) Sumir notendur vilja „bjarga íslensku“ með því að senda inn orð til þess að nota í stað erlendra orða eða vegna þess að orð „vantar í tungumálið“.

a. Þetta er gott orð til að stoppa enskuna.

b. Endilega íhugaðu að bæta nýyrðinu í íslensku orðabókina. Björgum íslenskunni okkar!

c. Þetta er orð sem mér finnst vanta í tungumálið okkar og þess vegna bjó ég það til.

Ekki er alltaf víst að öll orð sem notendur senda inn séu raunverulega gagnleg eða nauðsynleg. Sumir senda inn orð sem þeim finnst einfaldlega fyndin eða áhugaverð þótt ekki verði séð að sérstök þörf sé á þeim í tungumálinu.

3.4 Flokkun og greining nýyrðanna

Oft er talað um nýyrði í tengslum við nýja hluti og ný fyrirbæri. Í *Handbók um málfræði* (Höskuldur Þráinsson 2021:113) er nýyrði skilgreint sem nýtt orð sem oftast er myndað til að tákna nýtt hugtak eða koma í staðinn fyrir erlent orð um nýjung. Tekin eru dæmi um orðið *þota* sem kom fram þegar flugvélar af þeirri tegund urðu algengar og *tölva* sem varð til þegar tölvur fóru að verða algengar hér á landi. Í ljósi þessarar skilgreiningar er áhugavert að skoða hvers konar orð eru send inn á Nýyrðavefinn og hvort þau tengjast nýjungum og ef svo er hvaða nýjungar það eru. Farið var yfir innsendu orðin með það að markmiði að greina hvort ný orð væru búin til um eiginlegar nýjungar eða ekki og hvaða nýjungar það væru. Orðunum var því skipt í þrjá meginflokka: *nýjungar*, *ekki ný fyrirbæri* og *annað*. Í flokkinn *nýjungar* falla orð sem lýsa nýjungum í menningu eða samfélagi, nýrri tækni o.fl., samtals 583 orð. Í flokkinn *ekki ný fyrirbæri* falla orð sem lýsa ekki nýjum fyrirbærum í samfélaginu heldur eru samheiti við orð sem þegar eru þekkt í málinu eða lýsa fyrirbærum sem hafa verið til án þess að hafa áður fengið heiti, samtals 621 orð. Ýmislegt var erfitt að flokka, s.s. innsend orð með óljósum skýringum, óviðeigandi orð, slangur og annað, samtals 94 orð.

3.4.1 Nýjungar

Hugtakið nýjung er hér notað um nýja tækni og fyrirbæri. Dæmi um nýyrði í þessum flokki eru orð sem hafa verið mynduð til að þýða erlend hugtök, eins og *snjallbjalla* (e. *smart doorbell*), *hlaðbanki* (e. *power bank*) og *þyrilsnælda* (e. *fidget spinner*). Einnig eru dæmi um íslenskar nýjungar án erlendra fyrirmynda, eins og *flothetta* sem er höfuðfat sem veitir flotstuðning í vatni og er íslensk hönnun. Í þessum flokki eru einnig orð sem eru send inn á vefinn til að þýða vinsæl ensk hugtök eða vegna áhrifa frá enskri menningu sem er ríkjandi í kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, tónlist og á netinu. Sem dæmi má nefna erlendar fyrirmyndir eins og *baby shower* (*bumbubuna*, *barnafögnuður*, *burðargjöld*, *steypiboð*, *barnasturta*), *bucket list* (*laupalisti*, *skjóluskrá*, *lífsóskir*, *golulisti*) og *starstruck* (*sjörnustjarfur*, *stjörnustrokinn*).

Meðal algengra innsendinga eru nýyrði sem hafa sprottið fram á sviði umhverfismála, s.s. *plokka*, *flugskömm*, *sorpari* og *vistbyggð*. Einnig hafa mörg nýyrði verið sett fram til að þýða erlend orð tengd matvælum, s.s. *hakkkaka* (e. *lasagna*), *hringloka* (e. *burrito*), *súðlur* (e. *zoodles)* 'núðlur úr kúrbít' og *fölöl* (e. *pale ale*). Meðan á COVID-19 faraldrinum stóð bárust fjölmörg nýyrði sem í fyrstu tengdust einkum samkomutakmörkunum, s.s. *nálægðartakmörkun*, *nálægðarbann*, *smitvarnarbil*, en endurspegluðu einnig þróun mála í samfélaginu á þessum tíma, s.s. *bóluefnahik*, *mótefnaöfund*, *kvillakvíði*, *kóviti* og *fjarsamvera*.

Þá má einnig nefna íslenskar þýðingar á sérnöfnum og vörumerkjum, sérstaklega á sviði samfélagsmiðla og tækni. Dæmi um slíkar þýðingar eru orð eins og *Fjasbók* og *Fésbók* fyrir Facebook, *Skyndimyndin*, *Skyndi*, *Grammið* fyrir Instagram, *Víxla* fyrir Nintendo Switch og *Fortarinn* fyrir leikinn Fortnite: Battle Royale.

3.4.2 Ekki ný fyrirbæri

Allnokkuð er um að send séu inn nýyrði um hluti og fyrirbæri sem þegar eru til orð yfir. Stundum eru þetta orð sem notendur telja betri en þau sem eru almennt notuð. Sem dæmi má nefna orðið *fagræði* sem er sent inn sem íslensk þýðing enska orðsins *meritocracy*[7].

Fleiri dæmi um orð sem notandi sendir líklega inn til þess að koma í staðinn fyrir önnur rótgrónari eru *þeytikvörn* í stað *blandari*

[7] Innsendandi lætur eftirfarandi athugasemd fylgja: „Eldri nýyrði fyrir þetta hugtak eru óþjál, kjánaleg eða sækja í orðaforða sem er að einhverju leyti úreltur, sbr. gáfumannaveldi og verðleikaræði."

og *hermilyf* í stað *samheitalyf* og ný orð yfir litaheiti, s.s. *glógulur* og *roðagulur* fyrir *appelsínugulur*.

Í öðrum tilvikum virðast orðin vera send inn í hálfkæringi, t.d. *haushaldur* 'ytri háls', (e. *neck*) og *hvítvökvi* 'mjólk'. Í sumum tilvikum virðist sem notendur þekki ekki eða muni ekki eftir orðum sem fyrir eru. Sem dæmi má nefna nýyrðið *mönnunargat* sem var sent inn með skýringunni 'ónógur mannafli á vinnustað' og ensku samsvöruninni 'manning gap'. Ekki er getið um íslensku orðin *mannekla* eða *undirmönnun* sem almennt eru notuð um þetta fyrirbæri.

Hér eru einnig flokkuð nýyrði sem lýsa fyrirbærum sem hafa verið til en ekki haft íslenskt heiti og eru án erlendra fyrirmynda. Dæmi um þetta eru *ættmæði* fyrir 'andlega lýju sökum fjölskylduerja eða langvarandi ósættis við skyldmenni', *torfýlda* um 'það þegar grasflöt liggur undir klaka í langan tíma og mikil og stæk ýldulykt myndast' og *peysuperri* um 'konu sem glápir á karlmenn til að sjá í hvernig lopapeysu þeir eru'.

Einnig eru tillögur að nýjum frændsemisorðum eins og *afgin* ('afi og dótturdóttir eða sonardóttir'), *afgar* ('afi og dóttursonur eða sonarsonur') *ömmgin* ('amma og dóttursonur eða sonarsonur'), *ömmgur* ('amma og dótturdóttir eða sonardóttir') og *örlagasystkin* ('börn sem eiga sama hálfsystkinið en úr sitthvorri áttinni og tengjast þannig vissum fjölskylduböndum').

Mörg orð eru send inn sem þýðingar á erlendum (aðallega enskum) orðum. Oftast er ekki um eiginlegar nýjungar að ræða heldur orð sem eru algeng í ensku en eiga sér ekki beina samsvörun í íslensku. Innsendum nýyrðum er ætlað að endurspegla nákvæmar ensku orðin, s.s. *orkulúr* eða *kraftkría* fyrir e. *power nap*, enda þótt til séu orð í íslensku sem ná að fanga merkinguna, t.d. *blundur* eða *leggja sig*. Þessi nýyrði eru oft tökuþýðingar eða hráar þýðingar eins og *föstubrjótur* fyrir e. *breakfast*, *tengdabróðir* fyrir e. *brother-in-law*, *afmiginn* fyrir e. *pissed off*, *yfirmorgunn* fyrir þ. *Übermorgen* og *kviðfinning* fyrir e. *gut feeling*.

4 Orðmyndun á Nýyrðavef

Í þessum kafla verður orðmyndun á Nýyrðavefnum skoðuð og orðin flokkuð með hliðsjón af hefðbundnum orðmyndunaraðferðum. Við flokkunina er stuðst við þær skýringar og athugasemdir sem notendur sjálfir senda með orðunum og reynt að flokka þau út frá því hvernig

notandinn bjó orðið til. Margt er erfitt að flokka og flokkunin getur verið matskennd þar sem mörg orðanna eru allóvenjuleg en tölurnar gefa vísbendingu um hvaða leiðir notendur fara helst.

Á Nýyrðavefnum er fróðleikur um hvernig búa má til ný orð (Ari Páll Kristinsson og Ágústa Þorbergsdóttir [án ártals]). Þar eru orðmyndunaraðferðir sem helst eru sagðar koma til greina *afleiðsla*, *samsetning* og *orð fær nýja merkingu*. Þó að ekki sé búist við að notendur fylgi þessu sem leiðbeiningum eru þetta þær leiðir sem hefðbundið er að líta á sem helstu aðferðir til að búa til ný orð í íslensku og fyrir fram hefði verið búist við að fólk notaðist við. Upplýsingar um þetta á síðunni byggjast að mestu á Smáriti Íslenskrar málnefndar *Orðmyndun: Um leiðir til að auka íslenskan orðaforða* (Ari Páll Kristinsson 2004) en í því er að auki fjallað um þá leið að aðlaga erlent orð.

Baldur Jónsson (1987) fjallar um íslenska orðmyndun og mismunandi leiðir sem hægt er að fara við að búa til ný orð. Hann talar um *innlend lán*, *nýmyndanir* (og þar undir *afleidd orð*, *samsett orð* og *nýstofna*) og *erlend lán*. Eitt af því sem hann talar um sem nýstofna eru eins konar hljóðlíkingar sem minna á erlend orð en eru samt ólíkari en svo að þau teljist sem erlend lán en þarna getur verið erfitt að greina á milli (Baldur Jónsson 1987:99). Innlend lán segir hann vera það þegar orði er gefin ný merking til viðbótar við þá merkingu sem það ber fyrir eða þegar gamalt orð sem ekki er lengur í notkun er tekið upp í nýrri merkingu. Þetta hefur verið gert þegar þörf hefur verið á orði yfir ný fyrirbæri eða hugtök, t.d. eru orðin *hæð* og *lægð* notuð um landslag en voru síðar tekin upp í veðurfræði (Baldur Jónsson 1987:89).

Notendur Nýyrðavefsins beita þó fleiri orðmyndunaraðferðum en þeim sem eru nefndar hér að framan. Nýyrðatillögunum sem hér eru til skoðunar hefur verið skipt í níu flokka (sjá *Töflu 1*): **afleiðsla**, **blöndun**, **innlend lán**, **nýstofnar**, **samsetning**, **stytting**, **tökuorð**, **tökuþýðingar** og **annað/óflokkað**. Ekki verður greint sérstaklega frá orðum í síðastnefnda flokknum þar sem erfitt er að greina þau með nákvæmni en þar er m.a. að finna ýmiss konar bullorð, skammstafanir og tvíyrtar flettur.



Tafla 1. Tegund orðmyndunar á Nýyrðavefnum, flokkuð eftir tíðni.

4.1 Afleiðsla

Samtals er 121 orð á Nýyrðavefnum myndað með **afleiðslu**, þ.e. nýtt orð er leitt af öðru (íslensku) orði með aðskeyti. Nokkur dæmi eru um forskeytin *ó-* (t.d. *óínáanlegur*) og *ör-* (*örflæði*) en fyrst og fremst er um að ræða orð mynduð með viðskeytum. Dæmi um algengustu viðskeytin á Nýyrðavefnum eru sýnd í *Töflu 2*. Merking nýyrða er fengin úr tillögunum en stafsetning og greinarmerkjasetning samræmd.

Viðskeyti	**Dæmi**	**Upplýsingar um merkingu frá notendum**
Sagnir leiddar af nafnorðum með viðskeytinu *-a-*	ofbelda	Beita ofbeldi.
	þumla	Það að líka við eitthvað á samfélagsmiðlum.
	súlda	Reykja rafsígarettur.
Nafnorð mynduð með viðskeytinu *-ari*	sankari	Einhver sem getur með engu móti losað sig við óþarfa drasl (e. *hoarder*).
	hlaðvarpari	Sá sem stjórnar og sér um hlaðvarp.
	sorpari	Sóði, sá sem hendir miklu óflokkuðu rusli.

Viðskeyti	Dæmi	Upplýsingar um merkingu frá notendum
Nafnorð mynduð með viðskeytinu *-lingur*	venjulingur	Þýðing á enska orðinu *normie*. Einstaklingur sem gerir bara venjulega hluti eins og að horfa á fótbolta eða hlusta á FM 957.
	raflingur	Rafretta, vape.
	apalingur	Orð yfir afkvæmi apa, sbr. kettlingur.
Nafnorð mynduð með viðskeytinu *-ingur*	giftingur	Stjúppabbi/stjúpmamma.
	birningur	Gælunafn fyrir bjarnarunga eða bangsa.
	skúringur	Eins og kústur nema þú skúrar með því.
Nafnorð mynduð með viðskeytinu *-un*	strjálun	*Physical distancing*.
	samtvennun	Íslenska orðið sem kemur í stað Morphing á ensku eða það er þegar myndir af tveimur aðilum eru teknar og breytt í eina ('sem líkist báðum aðilum').
	íhrynjun	Íhrynjun er orð sem er notað sem stytting um að hrynja í það, þ.e.a.s. drekka mikið áfengi í góðum félagsskap.
Lýsingarorð mynduð með viðskeytinu *-legur*	sænsklegur	Manneskja sem lítur út fyrir að vera sænsk en er það ekki.
	viðtengjanlegur	Beinþýðing á enska orðinu *relatable*. Nafnorð yfir sögnina að tengja við eitthvað.
	kremjulegt	Það merkir þröngt.

Tafla 2. Algengustu orðmyndunarviðskeyti á Nýyrðavefnum og dæmi um orð mynduð með þeim.

4.2 Blöndun

Blöndun tveggja stofna er nokkuð áberandi orðmyndunaraðferð á Nýyrðavefnum, sú algengasta á eftir samsetningu þó að hún sé ekki ein þeirra aðferða sem lýst er í hefðbundnum leiðbeiningum um nýyrðasmíði eða lýsingum á íslenskri orðmyndun (sbr. umfjöllun hér að framan). Blöndun er það þegar tvö orð eru sett saman á þann hátt að hluti annars eða beggja orða fellur brott í samsetningu. Notkun blöndunar sem orðmyndunaraðferðar virðist þó vera að aukast jafnt og þétt víða um heim (sbr. Gao 2023:163). Orð sem eru mynduð á

þann hátt eru nefnd hér blendingar[8]. Ekki hefur mikið verið fjallað um blöndun sem orðmyndunaraðferð í íslensku fram að þessu en dæmi um þekkt orð sem er myndað á þennan hátt er *tölva* úr orðunum *tala* og *völva* (Sigrún Helgadóttir 1993:28–29).

Algengt er að nota blendinga í auglýsingum og til þess að vekja athygli á vöru eða málefni (sbr. Lehrer 2007:115–116) og eru orðin *appsláttur*, sett saman úr orðunum *app* og *afsláttur* (*Samkaup.is* 2024), og *skjáhætta*, úr *skjár* og *áhætta* (*Skjáhætta.is* 2024), dæmi um þetta. Stundum eru erlendir blendingar teknir inn sem tökuorð í íslensku, t.d. *bröns* úr ensku *brunch* (*breakfast* og *lunch*), og stundum eru nýir blendingar myndaðir sem íslenskun á erlendum blendingum, t.d. *hrútskýring* (*hrútur* og *útskýring*) fyrir enska hugtakið *mansplaining* (*man* og *explaining*) og *frí(s)skápur* (*frí(r)* og *ísskápur*) fyrir enska orðið *freedge* (*free* og *fridge*). Flestir blendingar á Nýyrðavefnum virðast þó vera nýjungar án beinnar erlendrar fyrirmyndar en aðeins þriðjungi blendinga fylgdi erlend samsvörun, 64 af 196 (sjá *Töflu 3*). Blendingar skera sig þar úr í niðurstöðunum þar sem hlutföllin eru annars nokkuð jöfn, sjá nánar í kafla 5.

Nýyrði	**Grunn-orð**	**Upplýsingar um merkingu frá notendum**	**Erlend samsvörun**
árskrift	*ár* og *áskrift*	Árs áskrift.	nei
blaðrænt	*blað* og *rafrænt*	Eitthvað sem til er á blaði, svo sem bók, t.d. er rafbók rafræn en bundin bók með blaðsíðum blaðræn.	nei
dvergilkál	*dverg-* og *spergilkál*	Broccolini.	*broccolini* (enska)
fjartí	*fjar-* og *partí*	Partí haldið í gegnum fjarfundabúnað. Algengt á tímum samkomubanns í kófinu.	nei
skjáningur	*skjár* og *táningur*	Táningur sem eyðir miklum tíma við skjái, tölvu, snjalltæki.	*screenager* (enska)
flugviskubit	*flug* og *samviskubit*	Samviskubit sem þeir sem ferðast með flugvél fá vegna slæmra umhverfisáhrifa frá flugferðum.	*flygskam* (sænska)

[8] Heitið *samrunaorð* hefur einnig verið notað um orð sem hafa verið mynduð á þennan hátt (Íðorðabankinn, https://idord.arnastofnun.is/faersla/398559).

Nýyrði	**Grunn-orð**	**Upplýsingar um merkingu frá notendum**	**Erlend samsvörun**
hrunkvöð-ull	*hrun* og *frum-kvöðull*	Einstaklingur eða fleiri sem með frumkvöðlastarfsemi sinni orsaka eða leiða að á einhvern hátt efnahagshrun.	nei

Tafla 3. Dæmi um blendinga á Nýyrðavefnum.[9]

Innsendir blendingar eru oftast myndaðir úr tveimur orðum sem eiga einhver sameiginleg hljóð í stofni og merking nýja orðsins sækir í bæði grunnorðin.

Önnur tegund blendinga á Nýyrðavefnum er eins konar útúrsnúningur á þekktu orði sem er breytt lítið, t.d. einum staf skipt út, þannig að nýtt orð verður til. Orðið *gamanmenni* líkist óneitanlega orðinu *gamalmenni* en gæti þó líka verið samsett orð úr *gaman* og *menni.* Það er sett fram sem samheiti orðsins *uppistandari* án frekari skýringa og enska orðið *stand-up comedian* sagt vera erlend samsvörun þess. Það getur verið vandasamt að rýna í hvernig orð er hugsað ef notandinn segir ekki frá því í athugasemd eða skýringu.

4.3 Innlend lán

Innlent lán er það þegar gömlu orði er gefin ný viðbótarmerking eða orð sem ekki er lengur í notkun en er tekið upp aftur með nýrri merkingu. Orðið *skjár* er oft tekið sem dæmi um innlent lán en í eldra máli var það notað í merkingunni ‘gegnsæ himna í glugga, notuð í stað rúðu’ (Guðrún Kvaran 2005:106). Á Nýyrðavefnum eru dæmi um þetta. Stundum fær íslenskt orð nýja merkingu fyrir erlend áhrif. Dæmi um þetta eru orðin *tangi* fyrir enska orðið *tangent* í merkingunni ‘útúrdúr í texta’, *efnisstúlka* fyrir enska orðið *material girl* í merkingunni ‘stúlka sem hugsar bara um að eiga fína og flotta hluti’. Annað dæmi er orðið *kaka* (*vefkaka*, *vafrakaka*) fyrir enska orðið *cookies* í tölvumáli, önnur orð eins og *mús*, *gluggi* og fleiri hafa einnig verið notuð í tölvumáli eftir enskri fyrirmynd. Í raun ætti að kalla það tökumerkingu þar sem gamalt orð fær nýja merkingu vegna áhrifa frá erlendu máli (sbr. Guðrúnu Kvaran 2005:369). Innlend lán

[9] Upplýsingar eru sóttar óbreyttar í gögn. Í öðrum dálki töflunnar eru hins vegar ágiskanir höfunda um orð sem notuð eru, til að mynda orð sem ekki kemur fram í innsendri færslu.

á Nýyrðavefnum eru líka oft eins konar orðaleikir eða grín þar sem samsett orð hafa verið endurtúlkuð sem verður til þess að merking þeirra verður einhver allt önnur en sú sem þau eru venjulega notuð um. Dæmi um slíkt eru orð eins og *sárabót* fyrir 'plástur' og *gufugleypir* í merkingunni 'sá sem notar rafrettur'.

4.4 Nýstofnar

Baldur Jónsson (1987:99) segir að stundum séu myndaðir svokallaðir **nýstofnar**, þ.e. orð sem eru hvorki afleidd né samsett og ekki beinlínis gerð úr neinum innlendum stofni. Hann nefnir að yfirleitt eigi þessi orð sér fyrirmynd í erlendum málum. Það getur verið erfitt að draga skýr mörk á milli þeirra og erlendra lána. Nýstofnar eru ekki margir á Nýyrðavefnum en nokkur orð mætti flokka á þennan hátt þar sem þau líkjast erlendum fyrirmyndum samkvæmt upplýsingum frá innsendendum. Dæmi þar um eru orðin *kampás*, *rípl* og *póða* í *Töflu 4*. Í sömu töflu eru einnig tilgreind innsendu orðin *þjaraður*, *lokkill* og *skrunka* sem eiga sér ekki erlendar fyrirmyndir. Það getur verið erfitt að skilja og greina þessi orð miðað við þær upplýsingar sem gefnar eru, þ.e. hvort líta megi á þau sem nýstofna eða einfaldlega bullorð.

Nýyrði	**Erlend samsvörun**	**Upplýsingar um merkingu frá notendum**
kampás	campaign (enska)	Hættuför þar sem einstaklingar eru undir stjórn einstaklings í skemmtilegu spunaspili sem heitir dýflissur og drekar eða Dungeons and Dragons.
rípl	reply (enska)	Svar á samskiptamiðlum, eða í spjallforritum.
póða	pod (enska)	Air-pods.
þjaraður	nei	Að vera ekki þyrstur. Andstæðan við þyrstur.
lokkill	nei	Löng bók.
skrunka	nei	Myndarlegur.

Tafla 4. Dæmi um nýstofna á Nýyrðavefnum.

4.5 Samsetning

Langalgengasta tegund orðmyndunar á Nýyrðavefnum eru **samsetningar** sem er í takt við það sem búast má við þar sem þær eru algeng-

asta gerð orðmyndunar í íslensku (sjá t.d. Guðrúnu Kvaran 2005:151). Stundum byggjast samsetningar á erlendum fyrirmyndum. Orðið *lýðvistun* í *Töflu 5* er til að mynda íslensk þýðing á enska orðinu *crowd sourcing*. Samsetningar og tökuþýðingar geta skarast og í þessari grein eru samsetningar sem jafnframt eru tökuþýðingar flokkaðar sem tökuþýðingar í talningunni. Samsetningar voru ekki flokkaðar nánar eftir myndun.

Nýyrði	**Upplýsingar um merkingu frá notendum**
hæglætisofríki	Aðferð til að ná sínu fram með stöðugri ýtni.
ellinaðra	Rafdrifið fjórhjól fyrir hreyfihamlaða, aldraða.
rafskutla	Fjórhjól – rafdrifið fyrir hreyfihamlaða, eldri borgara.
lýðvistun	Lýðvistun snýst um að fá almenning til að aðstoða við stór verkefni. Þetta er til dæmis sú leið sem Wikipedia fer til að skrifa sína alfræði.
vörufleygur	Áhaldið sem notað er til að aðgreina vörur viðskiptavina á færiböndum við búðarkassa í verslunum.
skelligjöll	Tambúrína.
fjórkross	*Hashtag* eða myllumerkið er einfaldlega fjórfaldur kross eða fjórkross.
loðloka	Franskur rennilás.

Tafla 5. Dæmi um samsetningar á Nýyrðavefnum.

4.6 Stytting

Nokkur dæmi á Nýyrðavefnum eru mynduð á þann hátt að þau eru leidd af öðrum orðum með því að grunnorðið er stytt eða stýft (sbr. Guðrúnu Kvaran 2005:119–120). Slíkt nefnist **stytting**. Dæmi um slíkt er t.d. *fjölla* sem er leitt af *fjölskylda* og *stullur* fyrir *stuttbuxur*. Orðmyndunin er lík myndun gælunafna, eins og *Ella* af nafninu *Elín* og *Stebbi* af nafninu *Stefán*. Stundum eru notuð viðskeyti, s.s. *-ó* og *-ari* til að stytta orð sbr. dæmin *babbari* og *handó* í *Töflu 6*, en þó eru ekki mjög mörg dæmi um þetta á Nýyrðavefnum. Einnig eru dæmi um styttingu með því að klipptur er orðhluti út úr orði, sbr. *snugt* af *sniðugt*.

Nýyrði	Upplýsingar um merkingu frá notendum
fjölla	Þetta er stytting af fjölskylda.
stullur	Þetta er nýyrði fyrir stuttbuxur.
babbari	BBQ sósa.
snugt	Þegar eitthvað er sniðugt þá er það snugt. Þetta orð er stytting af lýsingarorðinu sniðugt. Það nennir engin að segja orðið [sniðugt], þetta orð er svo langdregið, en [snugt] er svo þægilegt stutt orð.
handó	Stytting á handahófskenndur.

Tafla 6. Dæmi um styttingar á Nýyrðavefnum.

4.7 Tökuorð

Mjög lítið er um að aðlöguð **tökuorð** hafi verið send inn á Nýyrðavefinn og er það í samræmi við þann algenga skilning að íslenskt nýyrði sé myndað úr innlendu eða arfteknu efni fremur en orðstofnum sem fengnir eru úr erlendum málum (sbr. Ara Pál Kristinsson 2017:154). Þau tökuorð sem hafa verið send inn eru yfirleitt löguð að íslenskri stafsetningu, beygingu og framburði og með svipaða merkingu og erlenda orðið (sjá *Töflu 7*). Orð innan hornklofa í töflunni fylgdu ekki innsendu orðunum.

Nýyrði	Erlend fyrirmynd	Upplýsingar um merkingu frá notendum
þerapisti	therapist	
túníka	[da. tunika, e. tunic]	Stuttur kyrtill eða kjóll með ermum.
bröns	brunch	Fyrsta máltíð dagsins en tímasett á milli vanalegra morgunmatar og hádegistíma. Yfirleitt frá 10.30–12.00.
mím	[meme]	Grín á netinu.
tjekka	check	Að kanna eitthvað.
beisiklý	[basically]	eiginlega; í grundvallaratriðum; í undirstöðuatriðum; í grunninn.

Tafla 7. Dæmi um tökuorð á Nýyrðavefnum.

4.8 Tökuþýðing

Tökuþýðingar eru orð þar sem erlent orð hefur verið þýtt beint lið fyrir lið, þ.e. hliðstætt að gerð og merkingu og erlent orð (Ágústa Þorbergsdóttir 2011:335). Sumar innsendingar í þessum flokki eru þýðingar á erlendum hugtökum eða nýjungum, s.s. *heilabylur*, sumar eru gamansamar beinar þýðingar, s.s. *venslaskip* og *lófatré* fyrir ensku orðin *relationship* og *palm tree*, sbr. *Töflu 8*.

Nýyrði	Ensk samsvörun	Upplýsingar um merkingu frá notendum
heilabylur	brainstorming	Að hópur fólks kasti á milli sín hugmyndum til að fá sem besta niðurstöðu.
sleppikassi	Dropbox	Íslenska heitið yfir Dropbox.
plokksvín	pulled pork	Íslensk þýðing á réttinum *pulled pork*.
götugáfa	street smarts	Íslenskt orð yfir *street smart*.
venslaskip	relationship	Að vera í sambandi.
álínis	online	Að vera nettengdur (e. *online*).
lófatré	palm tree	Nýyrði yfir pálmatré (e. *palm tree*).

Tafla 8. Dæmi um tökuþýðingar á Nýyrðavefnum.

5 Erlend fyrirmynd

Notendum gefst tækifæri á að láta erlenda samsvörun nýyrðis fylgja með innsendum orðum. Stundum virðast þessar erlendu samsvaranir vera fyrirmyndir nýyrðisins sem sent er inn. Aðeins fleiri orð voru send inn án erlendrar samsvörunar, eða 664 (51%) á móti 634 (49%). Hlutföllin voru yfirleitt mjög jöfn í öllum orðmyndunarflokkum nema þegar kom að annars vegar tökuorðum og tökuþýðingum (sem áttu sér nær alltaf erlenda samsvörun í gögnunum) og hins vegar blöndun þar sem aðeins um þriðjungi orðanna fylgdi erlend samsvörun.

Þó að erlend samsvörun fylgi orði þýðir það þó ekki að alltaf sé erlend fyrirmynd að því og hugsanlega halda sumir að þeir *verði* að setja inn erlent orð sem samsvarar nýyrði til þess að fylla inn í alla reiti á innsendingarsíðu. Sem dæmi má nefna að erlend samsvörun orðsins *haushaldur* er sögð vera enska orðið *neck*. Aðrir setja ekki inn erlenda samsvörun í réttan reit á innsendingarsíðu en taka þó fram

annars staðar í lýsingu á orði að það merki það sama og tiltekið erlent orð. Greining á erlendum samsvörunum orða hér á eftir byggist þó á því sem notendur fylla sjálfir inn í réttan reit. Algengt er að fleiri en ein nýyrðatillaga sé send inn fyrir erlent orð en 54 erlend orð eru tilgreind sem erlend samsvörun nýyrðis oftar en einu sinni og tíu þeirra fimm sinnum eða oftar. Þessi tíu orð má sjá í *Töflu 9*.

Enskt orð	**Nýyrðatillögur**
hangry	hungreiður, hunglyndur, hungramur, svangraður, svargur
power nap	brjóstblundur, kraftakría, kraftkría, ofurlúr, orkulúr
baby shower	barnafögnuður, bumbubuna, burðargjöld, frjósemisfögnuður, frumburðarveisla, steypiboð
grandparent(s)[10]	amfi, foreldraforeldrar, forforeldrar, forforeldri, heldri foreldrar
vape (so.)	dampa, eima, feykja, gufa, súlda
clickbait	aðdráttaraflsklókun, smellfölsun, smellibrella, smelliskellur, smellufenginn, smellugildra, smellsuga
playlist	blandplata, lagaruna, lagaspotti, lagfæridæla, lagrenna, tónlisti
drone	dóni[11] (svo!), dreki, flugljón, flygildi, flögri, kvikflaug, rafn, smáþyrlingur
bucket list	draumalisti, golulisti, laupalisti, líflisti, lífslanganir, lífsóskir, nálisti, skjóðuskrá, skjóluskrá, stykkli
physical (social) distancing	andrými, fjargætni, frástaða, líkamsbil/líkamsfjarlægð, nálægðarbann, nálægðartakmörkun, nándarbann, nándarbil/nándarfjarlægð, smitvarnarbil/smitvarnarfjarlægð, öryggisbil/öryggisfjarlægð

Tafla 9. Erlendu orðin sem hafa fengið flestar nýyrðatillögur.

[10] Einnig barst tillaga um orðið *bestuforeldrar* í merkingunni ‘amma og afi’ þar sem vísað var til norska orðsins *besteforeldre*.

[11] Innsend skýring er ‘dróni með myndavél’ og erlend samsvörun er sögð vera enska orðið *drone*. Orðið *dróni* er að finna á Nýyrðavefnum en það var ekki sent inn af notanda heldur var það eitt af þeim orðum sem voru flutt úr gömlu nýyrðadagbókinni yfir á Nýyrðavefinn þegar hann var opnaður 2018.

6 Niðurstöður

Í greininni hefur verið fjallað um tilurð og virkni Nýyrðavefs Árnastofnunar og þau orð sem notendur senda inn á vefinn. Í ljós kom að hvatinn til þess að leggja til nýyrði er breytilegur meðal notenda og það má sjá í athugasemdum sem fylgja nýyrðatillögunum. Meðal tilgreindra ástæðna er löngun til þess að hafa áhrif á það hvaða orð aðrir nota og stuðla að því að tungumálið þróist á þann hátt sem innsendendum þykir æskilegt. Einnig ber á því að notendur telji sig þurfa að fá orð birt opinberlega svo að þeir geti notað það í ákveðnum tilgangi eða vilji fá orð birt sem þeir telja að sé almennt viðurkennt af opinberum aðila. Margar innsendingar eru þó eins konar orðaleikir og oft kemur fram að orð hafi verið send inn til gamans. Nokkuð er um að innsendingar komi frá grunnskólanemendum í íslenskutímum. Flest innsend orð hafa notendur sjálfir búið til og ekki er mikið um að fólk sendi inn ábendingar um nýyrði sem það hefur heyrt eða séð aðra nota en hafa ekki enn verið skráð í orðabækur.

Orðin voru flokkuð eftir því hvort þau væru notuð um nýjungar eða gömul fyrirbæri. Niðurstöður sýndu að fjöldi orða í hvorum flokki var áþekkur, 583 orð tengjast nýjungum og 621 orð gömlum fyrirbærum. Með *nýjungum* er átt við nýja tækni og fyrirbæri og algeng merkingarsvið í þeim flokki eru tækni, matur, umhverfismál (loftslagsmál og endurvinnsla) og erlend menning. Einnig bárust mörg orð tengd dægurmálum eða tímabundnu samfélagsástandi, t.d. voru fjölmörg nýyrði tilkomin í tengslum við COVID-19-faraldurinn. Varðandi flokkinn *gömul fyrirbæri* voru áberandi tillögur að betri heitum fyrir orð sem þegar eru til en einnig yfir fyrirbæri sem hafa ekki haft sérstakt íslenskt heiti, s.s. *ættmæði*.

Orðmyndun á Nýyrðavefnum reyndist vera mjög fjölbreytt og hér var henni skipt í níu flokka: afleiðsla, blöndun, innlend lán, nýstofnar, samsetning, stytting, tökuorð, tökuþýðingar og annað/óflokkað. Samsetning var algengasta orðmyndunaraðferðin en þar á eftir kom blöndun. Nýyrðin eru að mestu mynduð út frá íslenskum stofnum. Lítið er um tökuorð og er það í samræmi við þann viðtekna skilning að íslensk nýyrði séu mynduð af íslenskum stofnum.

Nýyrðavefurinn hefur ýmsa kosti. Þar geta einstaklingar lagt til nýyrði sem oft finnast ekki í hefðbundnum orðabókum og stuðlað þannig að því að orðaforði málsins auðgist þótt ekki sé tryggt að öll nýyrðin nái almennri viðurkenningu eða útbreiðslu í daglegu máli. Innsend orð eru fjölbreytt og spanna allt frá alvarlegum og gagnlegum

orðum sem mæta nýjum þörfum samfélagsins til annarra sem hafa frekar skemmtigildi en raunverulegt notagildi. Þessi fjölbreytni gefur vefnum sérstakt og lifandi yfirbragð sem fangar orð úr nýjum menningarstraumum. Útkoman er lifandi orðasafn sem endurspeglar samfélagið og þróun þess.

Ýmsar áskoranir fylgja því að halda úti vef sem byggist á þátttöku almennings. Gæðamál eru ein helsta áskorunin þar sem tillögur að nýjum orðum geta leitt til ósamræmis og ruglings. Jafnframt er hætta á því að notendur leggi til óviðeigandi eða óþörf orð og þar sem unnt er að skrifa umsagnir við orðin þarf ritstjórn að fylgjast með því sem er skrifað og grípa inn í þegar við á.

Almenningur hefur ekki alltaf þá þekkingu sem þarf til að skrifa skýringar við innsend nýyrði og stundum eru þær ekki réttar. Í sumum tilvikum er ekki um nýyrði að ræða heldur gömul orð í málinu. Ýmislegt má gera til að leysa slíka vankanta þegar vefurinn verður uppfærður einhvern tímann í framtíðinni.

Nýyrðavefurinn var settur á laggirnar til að mæta þörf fyrir vettvang þar sem almenningur getur lagt sitt af mörkum og kynnt sér nýyrði og viðtökurnar hafa verið góðar. Vefútgáfa auðveldar aðgengi og miðlun nýyrða en til framtíðar mætti íhuga hvort önnur leið væri árangursríkari fyrir söfnun þeirra. Þó að vefurinn gefi góða innsýn í viðhorf almennings væri gagnlegt að leggja meiri áherslu á söfnun og birtingu nýrra orða sem hafa fest sig í sessi í daglegu tali.

Heimildir

Ari Páll Kristinsson. 2004. *Orðmyndun. Um leiðir til að auka íslenskan orðaforða*. Reykjavík: Íslensk málnefnd.

Ari Páll Kristinsson. 2017. *Málheimar. Sitthvað um málstefnu og málnotkun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ari Páll Kristinsson og Ágústa Þorbergsdóttir. [Án ártals.] Um nýyrði. Nýyrðavefur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. https://nyyrdi.arnastofnun.is/s/2 (sótt í október 2024).

Ágústa Þorbergsdóttir. 2011. Nýyrði. Í: Jóhannes B. Sigtryggsson (ritstj.). *Handbók um íslensku*, bls. 333–339. Reykjavík: JPV.

Árbók Háskóla Íslands. 2002. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Baldur Jónsson. 1987. Íslensk orðmyndun. *Andvari. Nýr flokkur* 29:88–102.

Diamond, Graeme. 2015. Making Decisions about Inclusion and Exclusion. Í: Philip Durkin (ritstj.): *The Oxford Handbook of Lexicography*, bls. 532–545. Oxford: Oxford University Press.

Gao, Y. 2023. A lexicographical approach to neologisms created through blending. *Lexicography* 10(2):161–172. https://doi.org/10.1558/lexi.26356.
Guðrún Kvaran. 2005. *Orð. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði*. Íslensk tunga II. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
Halldór Halldórsson og Baldur Jónsson. 1993. *Íslensk málnefnd 1964–1989. Afmælisrit*. Rit Íslenskrar málnefndar 8. Reykjavík: Íslensk málnefnd.
Höskuldur Þráinsson. 2021. *Handbók um málfræði* (2. útg.). Reykjavík: Mál og menning.
Íðorðabankinn. Ágústa Þorbergsdóttir (ritstj.). Úr orðasafninu [Málfræði]. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. https://idord.arnastofnun.is (sótt í október 2024).
Lehrer, Adrienne. 2007. Blendalicious. Í: Judith Munath (ritstj.). *Lexical creativity, texts and contexts*, bls. 115–136. Amsterdam: John Benjamins Publishing Company.
Lög um Íslenska málnefnd nr. 80/1984.
Málfregnir 1998 16(2):31.
Meyer, Christian M. & Andrea Abel. 2018. User participation in the Internet era. Í: Fuertes Olivera (ritstj.): *The Routledge Handbook of Lexicography* (= Routledge Handbooks in Linguistics), bls. 735–753. Abingdon / New York: Routledge.
Mörður Árnason, Svavar Sigmundsson og Örnólfur Thorsson. 1982. *Orðabók um slangur, slettur, bannorð og annað utangarðsmál*. Reykjavík: Svart á hvítu.
Nýleg nýyrði. 1998. *Málfregnir* 16 (2):31.
Nýyrðavefur Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. https://nyyrdi.arnastofnun.is (sótt í október 2024).
Reglur um starfsemi Íslenzkrar málnefndar nr. 49/1965.
Samkaup í símann. https://www.samkaup.is/skoda-appid (sótt í október 2024).
Sigrún Helgadóttir. 1993. Um uppruna orðsins tölva. *Tölvumál* 18, 4:28–29.
Sigrún Helgadóttir. 2010. Um íðorðið *íðorð*. Í: *Aravísur sungnar Ara Páli Kristinssyni fimmtugum 28. september 2010*, bls. 56–59. Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen.
Skjáhætta. https://skjahaetta.is (sótt í október 2024).

Lykilorð

nýyrði, íslenska, veforðabók, orðabókarfræði

Keywords

neologisms, Icelandic, online dictionary, lexicography

Abstract

This paper discusses The Icelandic Neologism Website [Nýyrðavefur], a website for neologisms created and maintained by the Árni Magnússon Institute for Icelandic Studies. The site allows users to submit new words they have either encountered or coined themselves. The paper examines users' motivations for contributing to the collection, the semantic fields to which the new words belong, and the characteristics of the submitted neologisms. It also discusses the benefits and challenges of operating a neologism platform with crowdsourcing elements. The analysis shows that the vast majority of submitted words were coined by the users themselves. Neologisms are created not only to describe new concepts that lack an existing term, but also for familiar phenomena, whether or not they already have a name. Many of the newly coined words relate to developments in culture, technology, or the environment. Wordplay is common, and entries referring to existing concepts often take the form of synonyms for established terms, though they are not always likely to gain traction in everyday use. Most of the neologisms are formed through compounding, followed by blending.

Ágústa Þorbergsdóttir
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Arngrímsgötu 5
IS-107 Reykjavík
agusta.thorbergsdottir@arnastofnun.is

Kristín Ingibjörg Hlynsdóttir
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Arngrímsgötu 5
IS-107 Reykjavík
kristin.ingibjorg.hlynsdottir@arnastofnun.is

Emily Lethbridge

The Devil's in the Detail:

Diabolical names in the Icelandic place-name record

1 Introduction

Toponyms have long been recognised as a rich and important source for the history of religious belief and practice in societies around the world. Together with the study of written sources and results from archaeological excavations, theophoric names (place-names with religious origins or associations) can shed light on questions such as which deities were worshipped in past times, and where religious ritual or practice took place. More broadly, these place-names bear witness to the part played by religious ideologies or spiritual beliefs in the formation of social and cultural identity, helping us to understand the mental worlds of past communities (see e.g. Reeves and Otterstrom 2018:84). As Kay Muhr writes in the introduction to her chapter on place-names and religion in *The Oxford Handbook of Names and Naming*, "Religion is a human construct of pattern and structure, a way of understanding the world and the place of human beings in it" (Muhr 2016:585): place-names with religious connotations are part of this pattern and structure.

The relationship between place-names and religion (in particular, pre-Christian religion) in Scandinavia has been the concern of toponomists and historians for over a century. This article takes a rather dif-

Orð og tunga 27 (2025), 87–122, https://doi.org/10.33112/ordogtunga.27.5
© höfundar CC BY-NC-SA 4.0.

ferent approach, however, drawing inspiration on the one hand from socio-toponomastic theory and research, and on the other, by focusing on Icelandic place-names that incorporate or invoke the devil or demons in some way – a corpus that has not been examined analytically in any comprehensive way.[1] The general lack of interest hitherto in the place-names under consideration here might be explained by them being viewed as more peripheral to academic understandings of ideological and practical aspects of religion in past times and societies. Insights and advances gained from the still-emerging field of socio-toponomastics, however, make the corpus an interesting prospect and case-study with which to explore what these names might communicate about Icelandic attitudes towards the devil and demons in an everyday landscape context, rather than in more formal religious frameworks. In addition to this, the article hopes to illustrate in a practical sense how the digitisation of the Icelandic place-name archive and the development of the *nafnið.is* database have laid the foundations for new research on Icelandic place-names in the 21st century.

In section 2, a brief outline of research on the subject of Scandinavian and Icelandic theophoric place-names will be presented by way of an introduction to the topic. Following this, in section 3, the methodology for identifying and surveying the corpus of Icelandic toponyms under investigation will be outlined. In section 4, results from the survey itself will be presented, organised according to thematic categories that emerged as the data were examined. Discussion of these results follows in Section 5, along with a final summary and conclusion in section 6.

2 Background to the present study

2.1 Place-name research and pre-Christian religion in Scandinavia and Iceland

Norway, Denmark and Sweden have a long tradition of place-name research with a focus on religion (especially pagan religion). Place-

[1] This article has its origins in a conference paper, "Heilagatún og önnur helg og vanhelg örnefni", delivered in August 2022 at the conference *Heilagir menn og helgidómar á Norðurlöndum á miðöldum: Málþing til heiðurs Margaret Cormack 70*, University of Iceland. Thank you to those who engaged with the topic then, and also to the peer-reviewers for their helpful comments and suggestions.

Við hlið sagnarinnar *vökva* stóðu nafnorðin *vökvi* kk. og *vökva* kvk. Í sumum handbókum er gert ráð fyrir að þau hafi verið *vǫkvi* og *vǫkva*,[7] þ.e. haft sérhljóðið *ǫ* en ekki *ø* fyrir samfall þessara hljóða um og upp úr 1200. Handrit sýna þó svo ekki verður um villst að í elstu fornískenslu voru myndirnar *vøkvi* og *vøkva*. Sbr.

vøkvi*, *vekvi (með afkringingu rótarsérhljóðs):

vekve Holm perg 6 fol. (um 1275) [Barlaams saga],

vekkua (þf. et.) Holm perg 6 fol. (um 1275) [Barlaams saga]: með lengingu *k* á undan [w],

vækva (þgf. et.) AM 675 4to (um 1290–1334) [Elucidarius],

vokva (þf. et.) AM 675 4to (um 1290–1334) [Elucidarius],

vokua (þgf. et.) AM 544 4to (um 1290–1334) [Alfróði],[8]
vokua (ef. et.) GKS 1005 fol. (um 1387–1395) [Annálar], o.fl.

---

[7] Sjá t.d. Torp og Falk (1909:381) og Alexander Jóhannesson (1956:125), einnig Hellquist (1891:12).

[8] Í ONP er þessi mynd „vokua“ ranglega greind sem nafnháttarmynd sagnarinnar *vøkva* í stað þágufalls eintölu af nafnorðinu *vøkvi*. Setningin sem hún kemur fyrir í hljóðar svo: „Þar næst e*r* rauðbrúnt bloð líkt lóptínv at vokua *oc* verma“. Hér er *at vøkva ok verma* forsetningarliður sem merkir ‘að því er varðar raka og hita’.

vøkva, vekva (með afkringingu rótarsérhljóðs):

vøqua AM 677 4to (um 1200–1225) [Hómilíur],

vavkvo (ef. et.) AM 415 4to (um 1310) [Alfróði] o.fl.

veco (þgf. et.) AM 674 a 4to (um 1150–1200) [Elucidarius]: með hljóðréttu brottfalli [w] ('v, u') á undan [ʊ] (sem ritað var 'o', seinna 'u').

vǫka AM 580 4to (um 1300–1325) [Bærings saga fagra]: fyrir 'vǫkva' (*vøkva*) vegna áhrifa frá aukafallsmyndinni *vöku* með hljóðréttu brottfalli [w] (sjá hér að ofan).

vǫ́ku (þgf. et.) AM 351 fol. (um 1360–1400) [Statuta Eilífs erkibyskups]

Orðmyndunarfræðilegt samband lýsingarorðsins *vǫkr* 'rakur, blautur' (þf. et. kk. *vǫkvan*) (< **wakwa-*), sagnarinnar *vøkva* 'vatna, bleyta o.fl' (< **wakwijan*) og nafnorðsins *vøkva* 'raki, væta' (< **wakwijōn-*) á sér samsvörun í sambandi lýsingarorðsins *vátr* 'blautur, rakur', sagnarinnar *væta* 'bleyta' og nafnorðsins *væta* 'raki, bleyta'; sbr. einnig lo. *blautr*, so. *bleyta* og no. *bleyta*, enn fremur lo. *móðr,* so. *móða* og no. *móða*. Að því er varðar myndun *ijan*-stofna nafnorðsins *vøkvi* (< **wakwijan-*) af lýsingarorðinu *vǫkr* má benda á nafnorðið *vermi* kk. 'varmi' (< **warmijan-*) sem leitt er af *varmr*.

4 Orðasamböndin *vekja/vökva e-m blóð/dreyra* og *vekja ís*

Í lokin skal vikið stuttlega að orðasamböndunum *vekja/vökva e-m blóð/dreyra* 'blóðga e-n, láta blóð/dreyra renna úr æð e-s' og *vekja ís* 'gera op á ís'. Í frumheimildum íslensks fornmáls og miðíslensku hefur hið fyrrnefnda aðeins sögnina *vekja (vakta, vakit*), þ.e. *vekja e-m blóð/dreyra*. Á hinn bóginn er í síðari alda máli einnig notuð sögnin *vökva*. Í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans eru átta dæmi um *vekja* frá 16. öld og fram á 20. öld (ef með eru talin tvö dæmi þar sem andlagið er annars vegar *benjar* og hins vegar *und*) og níu dæmi um *vökva* frá seinni hluta 18. aldar til 20. aldar.

Mikilvægt er að árétta að í forn- og miðíslenskum handritum er orðasambandið aðeins varðveitt í myndinni *vekja e-m blóð/dreyra*. Í yngri uppskriftum fornmálstexta birtist hins vegar stundum sögnin *vökva* í stað *vekja*. Til dæmis geymir AM 556 a 4to, aðalhandrit

Gísla sögu Súrssonar (frá um 1450–1500), eftirfarandi dæmi (55v): „oc nu uekia þeir sier blod. oc lata renna saman dreyra sinn“. Í uppskrift Ásgeirs Jónssonar (AM 149 fol. [14v] frá um 1690–1697) af skinnhandriti sem tilheyrði Konungsbókhlöðunni í Kaupmannahöfn og innihélt yngri gerð Gísla sögu stendur hins vegar myndin ‘vokva’ (þ.e. *vökva*) á sama textastað.[9] Skinnhandritið, sem glataðist einhvern tíma á árunum 1780–1786,[10] er talið hafa verið frá 14. öld.[11] Er ekki mögulegt að það hafi haft myndina ‘vokva’ (eða sambærilega ritháttarmynd) eins og uppskrift Ásgeirs? Það má reyndar draga í efa því að í uppskrift Jóns Jónssonar (Johnsoniusar) (NKS 1181 fol. frá 1780) af sama skinnhandriti stendur ‘vekia’ og samanburður uppskrifta Ásgeirs og Jóns leiðir í ljós að hin síðarnefnda varðveitir upprunalegan texta sums staðar betur þótt stafsetning hennar sé að nokkru leyti samræmd.[12]

Svipaða sögu er að segja af orðasambandinu í Egils sögu einhenda og Ásmundar berserkjabana. Í elsta handriti sögunnar (AM 343 a 4to frá um 1450–1475) er sögnin *vekja* notuð: „vauktu sier sidan blod oc lietu renna saman“ (16r). En í yngri uppskriftum sögunnar kemur sögnin *vökva* (*vökvaða*, *vökvat*) fyrir, sbr. „þeir vokvodu sier blod oc lietu renna saman“ (Lbs 980 4to (74v) frá 1686–1687).

Fornnorska hefur einnig sögnina *væk(k)ia* í umræddu orðasambandi, í nútíð ýmist *væcr* eða *væckir*, þt. *vacte*.[13]

Eins og fram hefur komið bendir vitnisburður heimilda til þess að sögnin *vökva* sé ekki upprunaleg í þessu orðasambandi heldur aðeins sögnin *vekja*. Að *vekja e-m blóð* hefur því í öndverðu merkt ‘valda því að blóð e-s renni’. Ef litið er á frummerkingu sagnarinnar *vökva*, þ.e. ‘gera rakan, blautan’ sést samstundis hve undarlegt orðalagið *vökva e-m blóð* í raun er. Strangt til tekið ætti það að merkja ‘gera blóð e-s rakt eða blautt’ en það er auðvitað merkingarleysa.

Notkun sagnarinnar *vökva* í umræddu orðasambandi er eðlilegast að skýra á þá lund að hún sé til komin vegna ruglings sagnanna *vekja* og *vökva* sem stafaði af því að í máli sumra féllu þær saman í ákveðnum myndum. Sem hliðarmynd af *vøkva* hafði *vekja* sömu

[9] Til er önnur uppskrift Ásgeirs frá sama tíma (AM 482 4to) en hún virðist fremur afrit af AM 149 fol. en eftirrit hins glataða skinnhandrits (sbr. Loth 1960:xviii–xix). Þessi uppskrift hefur einnig myndina ‘vokva’.

[10] Sjá Loth (1960:lxxxii).

[11] Sbr. Finn Jónsson (1903:xxii), Björn K. Þórólfsson (1943:xlviii) og Loth (1960:lxxix–lxxx).

[12] Sjá Loth (1960:xxvii).

[13] Sjá ONP undir „[2]vekja *vb.*“.

myndir viðtengingarháttar og sögnin *vekja* (*vakða*/*vakta*, *vakit*) og eftir samfall *ø* og *ǫ* í *ö* um og upp úr 1200 féllu fleirtölumyndir þátíðar sagnanna *vökva* og *vekja* saman; báðar höfðu *vökðum*, *vökðuð*, *vökðu* (seinna *vöktum*, *vöktuð*, *vöktu*).

Um orðasambandið *vekja ís* skal ekki fjölyrt. Hér merkir sögnin *vekja* 'gera op eða vök á ís' (einnig 'brjóta leið fyrir skip í gegnum ís'). Í þessari merkingu kemur sögnin fyrir í nýnorsku og austurnorrænu, einkum fornsænsku. Sem dæmi úr austurnorrænu má nefna eftirfarandi orðskvið á forndönsku: *Han væcker ijss, som tørsther* (: *Duritiem frangit glacialem, qvem sitis angit*);[14] fsæ.: *Han vækker iis ther thyrstogher ær*;[15] – í íslensku hljóðar samsvarandi málsháttur hins vegar: *Sá vakar ís, sem þyrstr er*.[16]

Í íslensku virðist hins vegar ekkert dæmi vera til um sögnina *vekja* í þessari merkingu.

Samkvæmt vitnisburði fornsænsku (*vækia*, þt. *vækte*, lh. þt. *vækt(er)*) er hér um sögn að ræða sem að öllum líkindum hefur haft samsvörunina *vøkva*, *vekja* í fornvesturnorrænu. Dæmi úr fornsænsku: *fförst fek Oleff Hemingsson iiij mark for pramen han lot byggie at vekke meth vm kring staden*[17] (1464–1465); *Jtem fik jak dragaromon j tunno öl, tha som the väkto vakena, fore vj öre*[18] (1472).[19]

Það liggur beint við að álykta að þessi sögn sé leidd af nafnorðinu *vǫk* og hafi því upprunalega merkt 'gera vök á ís'. Og þar sem hún virðist hafa haft langt stofnatkvæði og þar með beygingarmyndir eins og 3. p. et. nt. fh. *vekir*, þt. *vekti*, bendir hún til þess að orðið *vǫk* sé komið af frumnorræna stofninum **wakwō-* (en ekki **wakō-*) og sé leitt af lýsingarorðinu *vǫkr* en tengist ekki sögninni *vaka* 'vera vakandi, halda vöku' og skyldum orðum.[20] Að vísu verður að gera ráð fyrir að umrædd sögn sé sömu ættar og sögnin *vøkva* 'vatna, væta' með hliðarmyndinni *vekja* og hafi fallið formlega saman við hana en hér hafi verið um tvær orðmyndunar- og merkingarlega aðskildar sagnir að ræða.[21]

---

[14] PL nr. 264.
[15] GO nr. 228.
[16] Guðmundur Jónsson (1830:300).
[17] 'Fyrst fékk OH fjórar merkur fyrir prammann sem hann lét byggja (smíða) til að *vekja með umhverfis staðinn'; (þýðing höfundar).
[18] 'Sömuleiðis fékk ég drögurunum (hafnarverkamönnunum) eina tunnu öls, þá er þeir *vektu vökina fyrir sex aura'; (þýðing höfundar).
[19] Sjá Söderwall (1925–1973:1087).
[20] Sbr. de Vries (1962:673) og Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:1158).
[21] Andstætt því sem t.d. Hellquist (1922:1157) og de Vries (1962:652) halda fram.

5 Samantekt

Söguleg athugun á orðmyndun og beygingarþróun íslensku sagnarinnar *vökva* ásamt fornnorrænu tilbrigðunum *vøkva*, *vøkja* og *vekja* rennir stoðum undir þá ætlun að hún hafi upphaflega fylgt beygingu *ija*-sagna en seinna orðið fyrir áhrifum frá hinum frjóa flokki *ō*-sagna. Þá leiðir rannsókn á skyldu nafnorðunum *vökva* og *vökvi* í ljós að þau höfðu myndirnar *vøkva* og *vøkvi* (en ekki *vǫkva* og *vǫkvi*) í eldri fornískensku (fyrir samfall sérhljóðanna *ǫ* og *ø* í *ö* um og upp úr 1200). Í umræðu um orðasambandið *vekja/vökva e-m blóð/dreyra* eru rök leidd að því að þar sé fornnorræna sögnin *vekja* (*vakða*, *vakit*) upprunaleg en notkun sagnarinnar *vökva* til komin vegna formlegs samfalls sagnanna *vekja* ‘láta vakna, örva, kveikja, koma af stað’ og *vekja*, hliðarmyndar sagnarinnar *vökva*, í vissum beygingarmyndum. Loks er veittur frekari rökstuðningur fyrir þeirri skoðun að í fornnorræna orðasambandinu *vekja ís* ‘gera op eða vök á ís’ sé sögnin *vekja* leidd af nafnorðinu *vǫk* ‘op á ís’ en tengist ekki sögninni *vaka* ‘vera vakandi, halda vöku’ og orðsift hennar.

Heimildir

Alexander Jóhannesson. 1956. *Isländisches etymologisches Wörterbuch*. Bern: Francke.

Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.

Björn K. Þórólfsson (útg.). 1943. *Gísla saga Súrssonar.* Íslenzk fornrit VI: Vestfirðinga sǫgur. Björn K. Þórólfsson og Guðni Jónsson (útg.). Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

Finnur Jónsson (útg.). 1903. *Gísla saga Súrssonar*. Altnordische Saga-Bibliothek, Heft 10. Halle (a. d. Saale): Niemeyer.

GO = *Gamla ordspråk på latin och swenska: efter en Upsala-handskrift utgifne och med glossarier för sedde af H. Reuterdahl*. Lund: Gleerup, 1840.

Guðmundur Jónsson. 1830. *Safn af íslenskum orðskviðum* […]. Útgefið að tilhlutan Hins íslenzka bókmenntafélags. Kaupmannahöfn: S. L. Møller.

Heidermanns, Frank. 1993. *Etymologisches Wörterbuch der germanischen Primäradjektive*. Berlin/New York: de Gruyter.

Hellquist, Elof. 1891. Bidrag till läran om den nordiska nominalbildningen. *Arkiv för nordisk filologi* 7:1–62, 142–174.

Hellquist, Elof. 1922. *Svensk etymologisk ordbok*. Lund: Gleerup.

Jón Axel Harðarson. 2017. The prehistory and development of Old Norse

verbs of the type *þrøngva* / *þręngia* ‘to make narrow, press’’. Í: Bjarne S. S. Hansen o.fl. (ritstj.), *Usque ad Radices. Indo-European Studies in Honour of Birgit Anette Olsen*, bls. 221–231. København: Museum Tusculanum.

Loth, Agnete (útg.). 1960. *Membrana regia deperdita*. Editiones Arnamagnæanæ. Series A, vol. 5. København: Ejnar Munksgaard.

ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog* / *A Dictionary of Old Norse Prose*. https://onp.ku.dk (sótt í júní 2025).

PL = [Peder Låle] *Peder Lolles Samling af danske og latinske ordsprog: optrykt efter den ældste udgave af aar 1506 og med anmærkninger oplyst af R. Nyerup*. Kjöbenhavn: A. Soldin, 1828.

Söderwall, K. F. 1925–1973. *Ordbok öfver svenska medeltids-språket*. Supplement av K. F. Söderwall, W. Åkerlund, K. G. Ljunggren, E. Wessén. Lund: Berlingska boktryckeriet.

Torp, Alf og Hjalmar Falk. 1909. *Wortschatz der germanischen Spracheinheit*. Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht.

de Vries, Jan. 1962. *Altnordisches etymologisches Wörterbuch*. Leiden: Brill.

Lykilorð

orðsifjafræði, orðmyndun, orðhlutafræðileg tilbrigði, beyging

Keywords

etymology, word formation, morphological variation, inflection

Abstract

This article examines the word formation and inflectional development of the Icelandic verb *vökva* (‘to water’), along with its Old Norse variants *vøkva*, *vøkja*, and *vekja*. It argues that the verb originally followed the *ija*-conjugation pattern, deriving from the adjective *vǫkr* (‘wet’ < **wakwa*-), and was later influenced by the more productive *ō*-class. The study also considers the related nouns *vökvi* and *vökva*, as well as the idiomatic expressions *vekja*/*vökva e-m blóð*/*dreyra* (‘to draw blood’) and *vekja ís* (‘to break ice’). The findings suggest that in the former expression, *vekja* (‘to waken, stir, rouse, make to flow’) is the original verb, while *vökva*, particularly through its by-form *vekja*, later merged with it, giving rise to the attested morphological variation. In the latter phrase, *vekja*—conjugated according to the *ija*-pattern—is argued to derive from the noun *vǫk* (‘opening in the ice’ < **wakwō*- ← **wakwa*- ‘wet’), rather than being related to *vaka* (‘to be awake, keep awake, watch’) and its cognates.

Jón Axel Harðarson
Hugvísindasvið Háskóla Íslands
IS-101 Reykjavík, ÍSLAND
jah@hi.is

Svavar Sigmundsson

Örnefni í Álfasögunni miklu

I

Það er hlutverk nafna að auðkenna einstakling eða einstakan stað hvort sem er í raunveruleikanum eða í bókmenntum. Bókmenntaleg nafnfræði á sér ekki langa sögu en hún hefur verið stunduð í ýmsum löndum síðustu áratugina. Sérstakt tímarit, *Literary onomastics studies*, kom út á árunum 1974–1989 og upp úr 1980 voru skráðar greinar um efnið í alþjóðlegri skrá yfir 3000 (Nicolaisen 1995:560). John Svedjedal skilgreindi fræðigreinina svo með tilvísun til Leonard R. N. Ashley, *Names in Literature* (2003) (þýðing mín):

> Bókmenntaleg nafnfræði gengur venjulega út frá því að maður reyni að endurgera og skilja ætlun höfundar með það að markmiði að skýra hvers vegna ákveðið nafn hefur verið valið. […] Það þýðir að hin raunverulega merking og uppruni nafns skiptir oft minna máli en það sem höfundurinn áleit eða hélt að nafnið merkti, þar með talið hvaða aukamerkingu það hafði. Þetta form bókmenntalegrar nafnfræði kallar því á sögulega innlifun.“ (Svedjedal 2004:54–55).[1]

Bókmenntaleg nafnfræði er verkefni bókmenntafræðinga og málfræðinga. Túlkendur bókmennta leggja áherslu á táknræna merkingu

[1] „Litterär onomastik förutsätter i regel att man försöker rekonstruera och förstå författarens avsikter, detta med syftet att förklara varför ett visst namn har valts. […] Det betyder att namnens faktiska semantik och etymologi ofta är av mindre intresse än vad författaren ansåg eller trodde att de betydde – då inräknat vilka konnotationer de hade. Denna form av litterär onomastik kräver med andra ord historisk inlevelse.“

Orð og tunga 27 (2025), 135–143, https://doi.org/10.33112/ordogtunga.27.7
© höfundar CC BY-NC-SA 4.0.

nafna en málfræðingar leggja fremur áherslu á formleg einkenni eða hvort nöfnin eigi sér einhverja stoð í raunveruleikanum. Til fróðleiks má geta þess að uppflettibækur um skálduð örnefni í bókmenntum, staðleysunöfn, hafa verið til a.m.k. frá 1980, t.d. Anna Ferrari, *Dizionario dei luoghi letterari immaginari* frá 2007. Það væri fróðlegt að sjá þannig samantekt um íslensk nöfn sem ekki eru til nema í skáldskap.

II

Ég ætla hér að fjalla dálítið um örnefni í íslenskri skáldsögu frá fyrri tíð, huga að hvernig farið er með örnefnin í henni. *Saga Ólafs Þórhallasonar* eftir Eirík Laxdal hefur verið talin fyrsta íslenska skáldsagan. Hún var skrifuð litlu fyrir eða um aldamótin 1800 og er varðveitt í eiginhandarriti höfundar í Lbs. 151 fol. og einnig í afriti í Lbs. 152 fol. Sagan var ekki gefin út fyrr en 1987. Útgefendurnir, Þorsteinn Antonsson og María Anna Þorsteinsdóttir, segja um söguna að hún sé „um álfa og tröll, sæmenn og þá menn aðra, sem eru algengara skáldsagnaefni, og um örlög manns sem ofin voru af vættum“. (1987:vii). Þau kalla hana móderníska skáldverk. Hannes Þorsteinsson þjóðskjalavörður skrifaði á sínum tíma að hún væri „hinn herfilegasti samsetningur“ (Steingrímur J. Þorsteinsson. 1943:184). Sagan hefur verið nefnd Álfasagan mikla og hún gerist líka að miklu leyti í öðrum heimi. Söguhetjan fer á milli mannheima og álfheima eins og ekkert sé.

Eiríkur Laxdal var prestssonur, fæddur í Hvammi í Laxárdal á Skaga sem hann kenndi sig síðan við en ólst upp á Hofi á Skagaströnd þar sem faðir hans var prestur. Hann bjó í Neðra-Nesi á Skaga á árunum 1795 til 1803 og er talið að hann hafi samið Ólafssögu sína á þeim árum. Persónan Eiríkur hefur ekki fengið alls kostar jákvæð eftirmæli; hann var nefndur „auðnulítill amlóði og sérvitringur“ í Rithöfundatali Hallgríms Jónssonar djákna (Þorsteinn Antonsson og María Anna Þorsteinsdóttir 1987:385). Jón Ólafsson úr Grunnavík kallaði Eiríks „afskum“ á dönsku eða ‘úrhrak, úrþvætti’ (Hannes Þorsteinsson í *Ævum lærðra manna*, 14. bindi, sbr. Þorstein Antonsson og Maríu Önnu Þorsteinsdóttur 1987:391).

Sögusvið Ólafssögu er að miklum hluta Skaginn og Skagaströnd og eru fjölmörg örnefni í sögunni sem koma heim og saman við

örnefnalýsingar frá síðustu öld. Auk þeirra hefur Sigurjón Björnsson prófessor ýmis þessara örnefna í bók sinni *Skaginn og Skagaheiði* frá 2005. Við getum samt ekki tekið söguna sem gilda örnefnalýsingu Skagans því að mörg örnefni sögunnar finnast hvorki í fyrrnefndum lýsingum né á kortum. Það eru væntanlega skálduð nöfn þó að einhver örnefni sögunnar kunni að hafa verið til á dögum höfundar en ekki ratað í örnefnalýsingar seinni tíma. Sagan fer annars víða um land og má finna flestum örnefnum sem nefnd eru utan Skagans stað í heimildum.

Þegar höfundur velur nöfn í sögur sínar leitar hann í það sem kalla má nafnaforða málsins. Á fræðimáli nefnist það *onomastikon*, sbr. *lexikon* um orðaforða máls. Höfundur kann svo og svo mikið af örnefnum sem hann notar, þ.e. óskálduð nöfn, en eins og menn búa til orð býr hann til örnefni úr nafnliðum sem hann þekkir og skálduð örnefni verða til.

III

Hér fara á eftir 26 örnefni sem ekki hafa fundist annars staðar en í Ólafssögu (blaðsíðutal tilfært í svigum):

Þórhildartangi á Skagaheiði (16). Í sögunni segir frá samtali Þórhildar og Ólafs: „Taldi hún þá fyrir honum auknefni [þ.e. örnefni] þau er hann hafði um farið hver öll að eru á Skagaheiði enn í dag. „En sá langi tangi er þú komst til, lækurinn og dalurinn, hefir af mínu nafni nafn hlotið og heitir Þórhildardalur, Þórhildarlækur og Þórhildartangi, en ég heiti Þórhildur og hefi ég búið hér um nítján ára tíma og er minn aldur.““ *Þórhildardalur* og *-lækur* eru til samkvæmt örnefnalýsingum (*nafnið.is*) og á korti sem fylgir bók Sigurjóns Björnssonar (2005) er nefndur Þórhildardalur sunnan við Langavatn. Eftir honum rennur lækur og í framhaldi af honum er tangi út í vatnið, nafnlaus á korti en gæti verið Þórhildartangi.

Skipahóll í Skagafirði (44). Dóttir Eindriða prests var frá Skipahóli svo að þar hefur verið prestssetur. Örnefnið Skiphóll er í Skagafirði norður frá Vindheimamelum (*Sýslu- og sóknalýsingar* 1954:70).

Álfamýri, þar sem Álfhildur bjó (54). Örnefnið er til á Ingunnarstöðum í Austur-Barðastrandarsýslu.

Tyrkjaholt, sagt nærri Krísuvík (70). Sagan nefnir þar líka *Tyrkjagötu*. Ekkert Tyrkja-örnefni er skráð í Krísuvík í örnefnaskrá (*nafnið.is*) en hins vegar eru þar bæði Ræningjahóll og Ræningjastígur. Þau eru ekki kennd við Tyrki í örnefnaskránni en Ræningja-örnefni eru oft tengd sögnum um Tyrki og ránskap þeirra.

Þeley (94). Þeley er væntanlega umritun á Thule en Álfbjörg segir hana liggja í hafinu fyrir norðan Færeyjar. Örnefnið Þeley er hvergi nefnt í heimildum nema í frétt í *Tímanum* 20. september 1961 þar sem sagt er frá því að bátnum Sæfara hvolfdi nærri Þeley kippkorn út af Eskifirði (*tímarit.is*). Líklega er það misritun fyrir Seley sem er út af Reyðarfirði.

Norðurhóp, norðurhluti Hóps samkvæmt sögunni þar sem segir að Þingeyrar liggi milli Húnavatns og Norðurhóps (144). Líklega hefur nafnið verið til, haft um núverandi Hóp til aðgreiningar frá Vesturhópi.

Næstu níu örnefni eru öll í ávarpi til Álfhildar Brandsdóttur rituð á spjöld með alfaraletri (= álfaraletri?, sbr. álfaraskapur ‚flónsháttur' (*Íslensk orðabók*)). Ávarpið er eftirfarandi: „Háttvirta […] jómfrú Álfhildur Brandsdóttir […] einnin lögsögufrú yfir öllum norður- og vesturkynkvíslahéruðum, herrafrú yfir öllum Fákænsbyggðum og Gynnungsgörðum, meðdómsfrú Sandheimssveitunga, ráðandi Rafsvinnsvalla, Heilgustar (?), Hróamýrar, Hrauðungstaða, Vatnsbóls- og Veturbólshóla og hjálpsöm hústrú að Holtaásum." (166).

Fákænsbyggðir. Orðið *fákænn* merkir 'fávís, einfaldur'.

Ginnungsgarðar (Gynnungsgarðar). Orðið *ginnungr* merkti flón í eldra máli.

Sandheimur (Sandheimssveit?). Í textanum eru nefndir Sandheimssveitungar.

Rafsvinnsvellir. Fyrri hluti nafnsins gefur ekki augljósa merkingu.

Heilgust? – í ef. *Heilgustar*. Nafnið gefur ekki augljósa merkingu.

Hróamýri. Það er eina örnefnið í þessu ávarpi sem til er í skrám. Það

er á Víkingavatni í Kelduhverfi. Orðið hró merkir 'smáhæð, holt' á þessum slóðum og er í fleiri örnefnum í landareigninni.

Hrauðungsstaðir. Hrauðungr var nafn á konungi og er getið í lausamáli framan við Grímnismál í Snorra-Eddu. (*Eddukvæði* 1949:83).

Vatnsbólshólar og *Veturbólshólar*. Hvorugt örnefnið er þekkt. Vatnsbólsbrekkur er örnefni á Steinum í Stafholtstungum.

Holtaásar. Holtsás er örnefni í Fljótum í Skagafirði (*Sýslu- og sóknalýsingar* 1954:170).

Sum þessara níu örnefna eru ekki auðskilin og myndun þeirra óvenjuleg en önnur gætu verið úr íslenskum örnefnaforða.

Stólsfjall á Skagaströnd (201). Stólshögg er örnefni í Skagastrandarfjöllum (Hans H. Hansen 2015).

Hjálmarsklettur við Ketu (246). Þar bjó Hjálmar samkvæmt sögunni en áður hét jörðin Klettur.

Gjögursnes við Ketu á Skaga (246). Sagan lýsir því þannig: „Svo er háttað við sjóinn í Ketu að nes eitt liggur fram í sjóinn sem heitir Gjögursnes af því að Gjögur liggur fram af því."

Flávík við Ketu á Skaga (246). Staðháttum er þannig lýst í sögunni: „[…] fyrir norðan nesið er vík ein sem heitir Flávík og hefir hún sitt nafn af skapnaði sínum; en fyrir innan nesið eru klettar og björg há. Og því hærri eru björgin sem inn lengra kemur." Örnefnið gæti hafa verið til, er annars ekki þekkt á Íslandi en er til í Færeyjum.

Ljúflingsbás við Flávík (256). Ljúflingurinn sem þar fannst á flaka (þ.e. fleka) var Hjálmar Þórisson í Hjálmarskletti. Að minnsta kosti tíu Ljúflings-örnefni eru skráð í *nafnið.is*. Orðið merkir 'huldumaður, álfur' (*Íslensk orðabók*).

Sæborgarhamar, bær og fjall (259). Þar bjó Álfrekur bóndi. Sæborg var nýbýli (einnig nefnt Nýibær) undir Grafargerði á Höfðaströnd í Skagafirði en ekki þekkt í heimildum fyrr en 1851 (*Sýslu- og sóknalýsingar* 1954:155).

Orustuás milli bæjanna Hafna og Rifs á Skaga (280). Í sögunni segir frá samtali Geirmundar og biskups: „Biskup spyr, hvar af að ás þessi tæki sitt nafn sem hann segði að væri landamerki á millum Hafna og Rifs. „„Ágreiningur varð hér, herra," segir hann, „á millum Ófeigs bónda að Höfnum og Þorgríms búanda að Rifi um landamerki hvar af gjörðist stríð og styrjöld." […] Eftir öllum örnefnum spurði biskup og leysti Geirmundur vel úr." (280–281). Ófeigur varðist á bríkeinni og segir sagan að hún kallist því Ófeigsbrík. Hún er nefnd í bók Sigurjóns Björnssonar (2005:73).

Gaukshóll og *Gauksstaðavöllur*, nærri Gauksstöðum en sá bær er á Skaga (330).

Álfhildarhörgar, nærri Álfamýri (330). Ólafur býr sig til að fara vestur að Álfamýri að hitta dóttur sína Álfhildi. „Heldur hann fram leiðar sinnar og allt til þess hann kemur norður á Álfhildarhörga; þaðan ríður hann uns hann kemur að Grásteini. Var Álfhildur dóttir hans þar úti og fagnar vel föður sínum." (330). Álfhildarborg er til á Skútustöðum við Mývatn.

Prestslón í Lónafirði, Norður-Ísafjarðarsýslu (349). Sagan segir frá tildrögum nafnsins: „Jökull liggur með firðinum þegar fram eftir kemur og reið hann [presturinn] framarlega við sjóinn á jöklinum. Sprakk þá jökullinn fram með prest, og heitir þar síðan Prestslón. Drukknaði prestur þar og hefir ekki síðan sést."

Nú kann einhver að segja að þessi örnefni hafi verið til en ekki ratað í lýsingar af jörðum á Skaga og víðar. En mér þykir líklegt að Eiríkur hafi að minnsta kosti búið þau til sem vísa til álfa eins og Álfamýri og Álfhildarhörgar og Ljúflingsbás auk nafnanna í ávarpinu til Álfhildar Brandsdóttur sem skera sig úr öðrum örnefnum að myndun og merkingu sum hver, eins og Fákænsbyggðir og Rafsvinnsvellir.

Ástæða er til að gera athugasemdir við eftirfarandi örnefni sögunnar:

Eiríkur nefnir *Eilífsfell* sem annað nafn á Tindastól (1) en það er ekki tilbúningur hans því að sú nafngift er í Þorvalds þætti víðförla. (*Biskupa sögu*r I:81–82).

Gullkinn er nefndur bær í *Ólafssögu* (3) en það er nú örnefni samkvæmt

örnefnaskrá Sævarlands (*nafnið.is*) og Sigurjón Björnsson nefnir Gullkinnahæðir í bók sinni. Þar á Þorgrímur gullkinni að hafa fólgið fé sitt (2005:143).

Álfahóll á Skaga (43). Sigurjón Björnsson nefnir Álfhól (eða Álfhólshól) í bók sinni (49).

Steinarsstaðafjall (58). Fjallið sem líklega er átt við er Steinnýjarstaðafjall við Skagaströnd. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (1926:460) um Húnavatnssýslu nefnir bæinn sem fjallið er kennt við, Steinastaði, „almennilega kallaðir Steinastader, undir Breckum" (460).

Bjarnarhöttur er bær samkvæmt sögunni (259) en nú er það örnefni fyrir ofan Reynistað í Skagafirði.

Sauðavík í Seyðisfirði, Norður-Ísafjarðarsýslu (354). Í munnmælum um landnámskonuna Álft í Álftafirði í Norður-Ísafjarðarsýslu er sagt að hún hafi haft sauði sína í útigöngu í Súðavík sem þá á að hafa heitið Sauðavík (Jóhann Hjaltason 1949:69). Ekki er ólíklegt að Eiríkur Laxdal hafi þekkt þessi munnmæli en hafi þótt álitlegra að setja örnefnið niður í Seyðisfjörð.

Líklega hefur Eiríkur skapað persónuna Eyvind mal sem getið er í sögunni. Áni nokkur og Brandur að Húnsnesi áttu í deilum en sættust og lét Áni í bætur stekkjarstöð sína á nesinu fyrir utan Flávík. Lét Brandur byggja þar bæ og setti þangað leysingja sinn, Eyvind mal, og hlaut bærinn nafn af hans nafni og heitir að Mallandi (271). Þetta minnir óneitanlega á örnefnasögur í Landnámabók, t.d. „Ármóðr enn rauði Þorbjarnarson […] nam Rauðasand." (*Íslendingabók. Landnámabók* 1968:175). En nú þykir augljóst að Malland sé kennt við möl eða malir.

Eiríkur Laxdal hefur haft áhuga á örnefnum sem kemur fram í því að hann skýrir tilkomu þeirra hér og þar í ritinu. Áðurnefndur biskup spyr Ara bónda á Hrauni á Skaga „af hverju bær þessi taki sitt nafn þar sléttlendi væri mikið umhverfis hann. Bóndi kvað hann hafa sitt nafn af klettahrauni því er þar væri fyrir vestan bæinn." (253).

Eins og áður segir er hugsanlegt að sum örnefni í Ólafssögu sem ekki eru annars staðar þekkt hafi verið til á tíma Eiríks Laxdals en ekki verið skráð í örnefnalýsingum eða öðrum heimildum. Í sumum tilvikum getur Eiríkur einnig hafa búið til örnefni með því að umorða

önnur þekktari, sbr. Tyrkjagötu fyrir Ræningjastíg í Krísuvík. Þannig gæti Vatnsbólshólar verið umorðun fyrir Brunnhóla sem eru tæplega tíu til í landinu.

Ólafssaga úir og grúir af örnefnum. Þar eru a.m.k. 125 örnefni og a.m.k. 26 þeirra þekkjast ekki í öðrum heimildum hvort sem þau eru skálduð af höfundi eða ekki. Við munum seint komast að því. Sagan er ekki söguleg skáldsaga í venjulegum skilningi en hún er rækilega staðsett í raunverulegu umhverfi þar sem örnefni eru vissulega til staðar. Sem kunnugt er hafa verið uppi skiptar skoðanir um það hvaða bókmenntategund Ólafssaga tilheyri. Jón Karl Helgason hefur rakið það mál í grein í *Griplu* 2023. Eitt sjónarhornið á söguna er að hún tilheyri sígildri sagnahefð sem staðsetja megi mitt á milli þjóðsögunnar og skáldsögunnar (2023:372). Það er einkenni íslenskra þjóðsagna að örnefni eru þar allajafna þekkt. Að því leyti sver *Ólafssaga* sig í ætt við þær með mikinn fjölda þekktra örnefna en að hinu leytinu benda skálduðu örnefnin til skyldleika hennar við skáldsöguna.

Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1926. *Jarðabók*. Áttunda bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

Eddukvæði (Sæmundar-Edda). Fyrri hluti. 1949. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík: Íslendingasagnaútgáfan.

Eiríkur Laxdal. 1987. *Saga Ólafs Þórhallasonar. Álfasagan mikla. Skáldsaga frá 18. öld*. Þorsteinn Antonsson og María Anna Þorsteinsdóttir sáu um útgáfuna. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.

Hans H. Hansen. 2015. *Íslandsatlas (1:100.000)*. 5. útg. Reykjavík: Mál og menning.

Íslendingabók. Landnámabók. 1968. Jakob Benediktsson gaf út. Íslenzk fornrit I. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

Íslensk orðabók. 2002. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Mörður Árnason (ritstj.). Reykjavík: Edda.

Jóhann Hjaltason. 1949. *Norður-Ísafjarðarsýsla. Árbók*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Jón Karl Helgason. 2023. „Should she tell a story …“. In Quest of Eiríkur Laxdal's Poetics. *Gripla* 34:347–373.

Nafnið.is. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. https://nafnid.is/ (sótt í nóvember 2024).

Nicolaisen, Wilhelm F. H. 1995. Names in English Literature. Í: Ernst Eichler, Gerold Ungeheuer, Hugo Steger, Herbert Ernst Wiegand, Armin Burkhardt (ritstj.) *Namenforschung. Ein internationales Handbuch zur Onomastik = Name Studies. An International Handbook of Onomastics =*

Manuel international d'onomastique. Bind 1, bls. 560–568. Berlin & New York: De Gruyter.
Sigurjón Björnsson. 2005. *Skaginn og Skagaheiði*. Reykjavík: Skrudda.
Steingrímur J. Þorsteinsson. 1943. *Jón Thoroddsen og skáldsögur hans.* I. Reykjavík: Helgafell.
Svedjedal, John. 2004. Almqvist och namnen. En studie i litterär onomastik. *Samlaren. Tidskrift för svensk litteraturvetenskaplig forskning* 125:52–77.
Sýslu- og sóknalýsingar 1839–1873. Skagafjarðarsýsla. 1954. Pálmi Hannesson og Jakob Benediktsson bjuggu til prentunar. Akureyri: Bókaútgáfan Norðri.
Tímarit.is. https://timarit.is/ (sótt í nóvember 2024).
Þorsteinn Antonsson og María Anna Þorsteinsdóttir. 1987. Höfundurinn og sagan. Í: *Saga Ólafs Þórhallasonar. Álfasagan mikla. Skáldsaga frá 18. öld*, bls. 375–427. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.
Þorvalds þáttr víðfǫrla. 2003. *Biskupa sögur I. Síðari hluti – Sögutextar.* Sigurgeir Steingrímsson, Ólafur Halldórsson og Peter Foote gáfu út. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

Lykilorð

örnefni, bókmenntaleg nafnfræði, þjóðsögur

Keywords

place names, literary onomastics, folktales

Abstract

The article discusses place names in *The Story of Ólafur Þórhallason* by Eiríkur Laxdal, written around the year 1800 and considered by many to be the earliest Icelandic novel in the modern sense. An examination of the place names in the story suggests a connection to the author's home region, the Skagi Peninsula in North Iceland. Many of the place names—about four fifths—are known from written sources, while roughly one fifth are not currently known, whether because they once existed and have been lost or were invented by the author.

Svavar Sigmundsson
prófessor emeritus
svavar.sigmundsson@arnastofnun.is

Aðalsteinn Hákonarson

Urriðakotsvatn og *Urriðavatn* – *Þormóðarhnúta* – *Eystrilækur* eða *Eystri-Lækur*

1 Inngangur

Í síðasta (26.) hefti *Orðs og tungu* birti höfundur þrjár smágreinar um örnefni í opinberum örnefnagrunni (Aðalsteinn Hákonarson 2024a) og var ætlunin að þaðan í frá birtist slíkt efni í tímaritinu flest ár. Greinarnar þrjár sem hér fara á eftir eru af sama toga og byggjast á athugunum sem gerðar voru til að svara fyrirspurnum um vafamál við skráningu í opinberan örnefnagrunn. Náttúrufræðistofnun viðheldur grunninum í samráði við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og er nánar fjallað um hann í sérstakri grein í síðasta hefti *Orðs og tungu* (Aðalsteinn Hákonarson 2024b).[1] Í þessum smágreinum er komið á framfæri þekkingu sem verður til við rannsóknir á málum tengdum örnefnagrunninum. Einnig standa vonir til að skrifin veki athygli á grunninum og þeim sjónarmiðum sem vega þarf og meta við úrlausn mála. Málin snúast jafnan um vafaatriði í sambandi við skráningu í grunninn, en þau geta verið fjölbreytileg, sbr. dæmi sem nefnd voru í inngangi greinar höfundar í 26. hefti *Orðs og tungu* (Aðalsteinn Hákonarson 2024a:161). Í málum þeim sem fjallað er um hér á eftir þurfti í einu tilviki að skera úr um hvor tveggja nafnmynda væri skráð sem aðalnafn og hvor sem hliðarmynd (*Urriðakotsvatn* og

[1] Hægt er að skoða örnefnagrunninn í *Örnefnasjá* Náttúrufræðistofnunar (*Örnefnasjá*).

Orð og tunga 27 (2025), 145–165, https://doi.org/10.33112/ordogtunga.27.8
© höfundar CC BY-NC-SA 4.0.

Urriðavatn), í öðru að ákvarða staðsetningu örnefnis (*Þormóðarhnúta*) og í því þriðja að ákvarða rétta stafsetningu (*Eystrilækur* eða *Eystri-Lækur*).

2 *Urriðakotsvatn* og *Urriðavatn*

Í september 2020 barst Árnastofnun fyrirspurn um heiti stöðuvatnsins neðan við Urriðakotsholt í Garðabæ. Fyrirspyrjandi benti á að í sínu ungdæmi, í Hafnarfirði á sjöunda áratug síðustu aldar, hefði vatnið ávallt verið nefnt *Urriðakotsvatn*. Nú virtist honum hins vegar ný kort yfirleitt hafa styttri mynd, *Urriðavatn*. Við athugun kom í ljós að síðarnefnda nafnið hafði verið skráð sem aðalnafn í opinberan örnefnagrunn árið 2004 en *Urriðakotsvatn* skráð sem hliðarmynd. Jafnframt kom í ljós að þar á undan hafði lengri myndin *Urriðakotsvatn* um tíma verið aðalnafn í örnefnagrunninum.

Þegar skoðuð eru nýleg og eldri landakort af þessu svæði sést talsverður breytileiki í tilteknum örnefnum. Um er að ræða nöfn sem kennd eru við bæ sem stóð við vatnið og nefndist – a.m.k. á síðari öldum – *Urriðakot*. Um miðja 20. öld var nafninu á jörðinni breytt í *Urriðavatn* með opinberu leyfi og var þá afleiddum nöfnum einnig breytt á kortum. Sem dæmi má nefna að holtið austan við býlið heitir ýmist *Urriðakotsholt* eða *Urriðavatnsholt* á kortum. Enn flækir svo málið að á síðustu árum er farið að fella niður miðliðinn úr sumum afleiddu nafnanna. Hverfið sem nú hefur risið á áðurnefndu holti er til að mynda nefnt *Urriðaholt*. Hér á eftir er reynt að skýra sögu þessara nafnbreytinga og jafnframt gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum sem réðu því að ákveðið var að opinbert nafn vatnsins skyldi vera skráð *Urriðakotsvatn*.

Á kortum frá fyrri hluta 20. aldar eru nokkur nöfn leidd af nafninu *Urriðakot*. Í fyrstu útgáfu korts danska herforingjaráðsins frá 1910 eru nöfnin *Urriðakotsholt* og *Urriðakotsvatn* auk bæjarnafnsins (Generalst. 27 SA, 1910). Í útgáfu frá 1935 hafa bæst við nöfnin *Urriðakotshraun* og *-dalir*, sjá *Mynd 1*. Önnur nöfn sem kunn eru úr yngri örnefnaskrám eru *Urriðakotsháls*, *-gata*, *-stígur* og *-tún*.



Mynd 1. Hluti af herforingjaráðskorti frá 1935 (*UÍ* (1:50.000) 27 SA, 1935).

Í næstu útgáfu frá 1954 hefur nafni bæjarins verið breytt í *Urriðavatn* og afleiddum nöfnum einnig verið breytt í *Urriðavatnsholt*, *-dalir* og *-hraun*. Nafnið á sjálfu vatninu hefur hins vegar verið fellt niður (*UÍ* (1:50.000) 27 SA, 1954), líklega vegna þess að gert var ráð fyrir að það héti *Urriðavatn* eins og bærinn og talið óþarft að tvítaka nafnið. Þetta er sýnt á *Mynd 2* sem sýnir útgáfu sama korts frá 1955.



Mynd 2. Hluti af herforingjaráðskorti frá 1955 (*UÍ* (1:50.000) 27 SA, 1955).

Býlið Urriðakot er fyrst nefnt, svo að vitað sé, í jarðaskiptabréfi frá 1563, þá nefnt *Aurriðakot* (*DI* 14:156) og metið á átta hundruð. Þá varð jörðin konungseign og er skráð þannig árið 1703 í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þar er það sagt vera hálfbýli „so kallað, því það hefur ekki fyrirsvar nema til helmings á móts við lögbýlisjarðir“ (*Jarðabók* 3:223).[2] Í *Jarðatali á Íslandi* frá 1847 eftir J. Johnsen kemur fram að Urriðakot sé meðal jarða sem seldar hafi verið úr konungseign síðan 1760 (Johnsen 1847:x, 92).

Á fyrri hluta 20. aldar bjó Guðmundur Jónsson (1866–1942) í Urriðakoti. Hann var fæddur þar en faðir hans hafði flutt þangað 1846. Guðmundur lét af búskap 1941 og um það leyti fór jörðin í eyði, en mun hafa verið nytjuð áfram frá Setbergi (Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner 2005:9, 2022:17). Árið 1944 breyttu sonarsynir Guðmundar, Alfreð og Kári Guðmundssynir, nafni býlisins í *Urriðavatn* að fengnu leyfi til þess frá örnefnanefnd (Skjalasafn örnefnanefndar). Um mitt ár 1946 var *Urriðavatn* síðan boðið til sölu[3] og keypt af félögum í Oddfellow-reglunni sem síðar gáfu reglunni jörðina (Oddfellowar eignuðust Urriðavatn).

Viðbúið var að útgáfur opinberra korta frá því eftir miðja 20. öld sýndu nýja bæjarnafnið en óvæntara er að afleiddum nöfnum skuli hafa verið breytt til samræmis. Ef til vill hefur þeim sem annaðist nafnasetningu á herforingjaráðskortinu frá 1954 þótt ankannalegt að í nágrenni bæjarins *Urriðavatns* væri fjöldi nafna með fyrri liðinn *Urriðakots-*. Böndin berast að formanni örnefnanefndar á þessum tíma, Geir G. Zoëga (1885–1959), sem frá 1930 var einnig umboðsmaður ríkisstjórnarinnar í landmælingum gagnvart Dönum og hafði umsjón með útgáfu dönsku landmælingastofnunarinnar (d. *Geodætisk Institut*) á uppdráttum af Íslandi. Hann varð síðan fyrsti forstöðumaður Landmælinga Íslands er þær urðu að sjálfstæðri stofnun 1956 (Sigurður Jóhannsson 1959, Ágúst Böðvarsson 1996:251).

Þessi nýja nafnaskipan var einnig tekin upp á svonefndum atlaskortum, fyrst á kortablaði frá árinu 1958 og síðan í næstu fimm útgáfum þess til 1984 (*UÍ* (1:100.000) 27 Reykjavík). Í útgáfu frá árinu 1986 ber hins vegar svo við að aftur er tekið upp eldra nafn býlisins, þ.e. *Urriðakot*, en önnur nöfn haldast óbreytt: *Urriðavatnsholt*, *-hraun* og *-dalir*. Á kortinu er ekki sýnt nafn vatnsins sem líkt og áður sagði

[2] Með *fyrirsvari* er átt við skyldur sem hvíldu á lögbýlum, svo sem boðburður og ómagaflutningar auk greiðslu tíundar og annarra gjalda (Guðmundur Jónsson og Óskar Guðlaugsson 2024:171).

[3] Auglýsing þess efnis birtist á bls. 7 í *Morgunblaðinu* 22. maí 1946.

hafði verið fellt niður þegar heiti býlisins var breytt í *Urriðavatn* á kortum. Sömu nöfn eru í síðustu útgáfum kortablaðsins frá 1995 og 2001.



Mynd 3. Hluti af staðfræðikorti frá 1988 (Staðfræðikort).

Árið 1988 gáfu Landmælingar Íslands út staðfræðikort í mælikvarðanum 1:25.000 með þessu svæði, sbr. *Mynd 3*. Þar er býlið nefnt *Urriðakot*, líkt og á atlaskortinu frá 1986, en einnig hafa afleidd nöfn verið færð í eldra horf: *Urriðakotsvatn*, *-holt* og *-hraun*. Árið 1992 barst LMÍ athugasemd við nöfnin á þessu korti þar sem lagt var til að breyta þeim í samræmi við atlaskort frá 1984 og fyrr þar sem bæjarnafnið er *Urriðavatn* og afleidd nöfn kennd við það. Leitað var til þáverandi formanns örnefnanefndar og forstöðumanns Örnefnastofnunar Þjóðminjasafns, Þórhalls Vilmundarsonar, sem áleit að ekki væri rétt að breyta öðrum nöfnum til samræmis við breytt bæjarnöfn. Árið 1994 ákváðu Landmælingar Íslands því að hafna tillögunni frá 1992. Afleiddu nöfnin skyldu vera eins og þau voru á elstu kortum: *Urriðakotsvatn*, *-holt* o.s.frv. (Skjalasafn Náttúrufræðistofnunar).[4] En þrátt fyrir að LMÍ hafi þarna komist að þeirri niðurstöðu að opinbert heiti

[4] Þrátt fyrir það voru reyndar nöfnin *Urriðavatnsholt*, *-hraun* og *-dalir* á atlaskortum sem gefin voru út 1996 og 2001 líkt og áður kom fram.

vatnsins skyldi vera *Urriðakotsvatn* var aðalnafninu af ókunnum ástæðum breytt í *Urriðavatn* árið 2004 og *Urriðakotsvatn* þá skráð sem hliðarmynd.

Á síðustu árum virðist *Urriðavatn* hafa fengið talsverða útbreiðslu og er til dæmis sú nafnmynd sem oftast birtist á vefsíðu sveitarfélagsins Garðabæjar (Garðabær). Þrátt fyrir það taldi höfundur réttast að fylgja áliti fyrrverandi formanns örnefnanefndar og niðurstöðu LMÍ frá 1994. Ekki virðast heimildir um annað en að fram á miðja 20. öld hafi vatnið verið kennt við *Urriðakot* og er til að mynda nefnt *Urriðakotsvatn* 1842 í lýsingu Garðaprestakalls eftir Árna Helgason stiftprófast (1777–1869) (Sýslu- og sókn. Gull., 123–127). Eins og fram hefur komið er þetta nafn einnig í fyrstu útgáfu korts herforingjaráðsins frá 1910. Í örnefnasafni Árnastofnunar eru þrjár örnefnaskrár um Urriðakot, allar skráðar eftir 1950, og er nafnið *Urriðakotsvatn* í þeim öllum. Í tveimur er það eina nafnið en í einni skrá eru einnig nöfnin *Urriðakotstjörn*, *Aurriðakotstjörn* og *Urriðavatn*. Aðeins ein skrá tilgreinir heimildarmann. Svanur Pálsson ritaði hana árið 1988 eftir frásögn móður sinnar, Guðbjargar Guðmundsdóttur, sem fæddist í Urriðakoti 1906 og bjó þar til 1939. Þar er einungis nafnið *Urriðakotsvatn* (örnefnaskrár Urriðakots).[5]

Að mati höfundar er rétt að hvetja til þess að gamla nafnið *Urriðakotsvatn* verði notað áfram, meðal annars til að halda á lofti minningunni um bæjarnafnið *Urriðakot* sem heimildir eru um frá 16. öld, en er þó að líkindum eldra. En varla miklu eldra því að *kota*-nöfn munu einungis vera þekkt frá 14. öld og síðar (Ólafur Lárusson 1960:644). Fyrir fram mætti ætla að skráning á nafninu *Urriðakotsvatn* í opinberan örnefnagrunn yrði til að styrkja stöðu þess, en raunar er óljóst hvort áhrif þess verði mikil þar sem tiltölulega fáir virðast þekkja örnefnagrunninn. Að vísu eru á Íslandi lög um að Náttúrufræðistofnun starfræki opinberan örnefnagrunn í samráði við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (sjá nánar Aðalstein Hákonarson 2024b) og mætti því búast við að stjórnvöld reyndu að stuðla að því að sem víðast væru notuð þau örnefni sem þar eru skráð. En í raun er þetta undir hælinn lagt. Áberandi er að sumar ríkisstofnanir og flest sveitarfélög veita á heimasíðum sínum aðgang að kortasjá Loftmynda ehf. þar sem örnefni eru í mörgum tilvikum frábrugðin opinberum nöfnum. Þannig er til að mynda nafnið *Urriðavatn* í kortasjám Garðabæjar (kortavefur Garðabæjar) og Orkustofnunar (kortasjá Orkustofnunar).

[5] Í örnefnaskrám Setbergs koma fyrir nöfnin *Urriðakotsvatn* og *Urriðakotstjörn* (örnefnaskrár Setbergs).

Ástæða þess að nafninu *Urriðakot* var breytt í *Urriðavatn* á sínum tíma er vafalítið sú að merking orðsins *kot* þótti niðrandi. Fram eftir 20. öld var algengt að óskað væri eftir að breyta bæjarnöfnum sem þóttu óvirðuleg og eru *kota*-nöfn þar áberandi (sjá Þórhall Vilmundarson 1980:25–26). Í fundargerðabók örnefnanefndar má sjá að umrædd breyting var samþykkt á fundi 18. desember 1944.[6] Í skjalasafni örnefnanefndar er ekki varðveitt umsókn Alfreðs og Kára Guðmundssona um breytinguna.[7] Á bréf frá Stjórnarráðinu sem tengist henni hefur verið skrifað til minnis að breytingin hafi verið samþykkt og að *Urriðavatn* sé upphaflegt heiti býlisins (Skjalasafn örnefnanefndar). Það kann að vera rétt en verður þó ekki fullyrt með vissu.

Reyndar verður að teljast mjög líklegt að vatnið hafi í öndverðu verið nefnt *Urriðavatn* (Jón Jónsson 1994:46) og að sama skapi er ólíklegt að bærinn hafi frá byrjun heitið *Urriðakot*. Einkennilegt virðist að kenna bæ við fisktegund og má telja sennilegra að bæjarnafnið sé orðið til sem stytting úr heitinu *Urriðavatnskot*. Vera kann að bærinn hafi í fyrstu borið sama nafn og vatnið, *Urriðavatn*, en liðnum *-kot* síðan verið bætt við. Miðliðurinn (*-vatns-*) hafi síðan fallið brott svo að úr varð *Urriðakot*. Loks hafa menn farið að kenna vatnið við býlið: *Urriðakotsvatn* (sjá fleiri dæmi um sams konar breytingar á örnefnum hjá Aðalsteini Hákonarsyni 2020). Nýlega hafa rannsóknir á bæjarstæði Urriðakots leitt í ljós að þar hefur verið bær frá landnámsöld (Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner 2022:17). Af því má ráða að ósennilegt er að bærinn hafi frá upphafi heitið *Urriðavatnskot* því að ekki eru heimildir um liðinn *-kot* í örnefnum fyrr en á 14. öld (Ólafur Lárusson 1960:644). Því má telja líklegra – en þó ekki fullvíst – að bærinn hafi í öndverðu heitið *Urriðavatn*.

Opinber breyting bæjarnafnsins um miðja 20. öld hefur, líkt og greint var frá að framan, valdið óreglu í örnefnum í nágrenninu. Á kortum var býlið fyrst nefnt *Urriðakot*, síðar *Urriðavatn* og loks var aftur farið að nefna það *Urriðakot* þegar það hafði lengi verið í eyði.[8]

---

[6] Ekki er rétt sem haldið er fram í *Örnefnum og leiðum í landi Garðabæjar* að Urriðavatn hafi verið „samþykkt sem heiti fyrir Urriðakotsvatn á fundi Örnefnanefndar 18. desember 1944“ (Guðlaugur R. Guðmundsson 2001:148). Einungis var um að ræða breytingu á nafni býlisins.

[7] Í stöðluðum bréfum frá ráðuneyti til örnefnanefndar var á þessum tíma farið fram á að fylgigögnum með umsóknum um nafnbreytingar væri skilað aftur til ráðuneytisins að lokinni afgreiðslu (Skjalasafn örnefnanefndar).

[8] Nafnbreytingin gerðist eftir að jörðin var farin í eyði. *Urriðavatn* var því aldrei (a.m.k. ekki á síðari öldum) heiti á eiginlegu býli og væri einkennilegt að vísa til eyðibýlisins með því nafni.

Afleidd nöfn eru ýmist í samræmi við eldra eða yngra heitið. Við þetta hefur síðan bæst að nýtt hverfi sem risið hefur á Urriðakotsholti er nefnt *Urriðaholt*. Er það einnig til marks um flótta frá *kota*-nöfnum? Ekki endilega því að ef meginmáli hefði skipt að forðast orðið *kot* hefði mátt velja nafnið *Urriðavatnsholt* sem var ráðandi á kortum á síðari hluta 20. aldar. Vera kann að þrísamsettu nöfnin *Urriðavatnsholt* og *Urriðakotsholt* hafi einfaldlega ekki þótt nógu þjál og því hafi niðurstaðan hjá sveitarfélaginu orðið að fella niður einn lið og nefna hverfið *Urriðaholt*.[9] Á sama hátt hefur verið kosið að kenna golfvöll Oddfellow-reglunnar hvorki við *Urriðavatn* né *Urriðakot* heldur heitir hann þess í stað *Urriðavöllur*.

3 Þormóðarhnúta

Árin 2018 og 2022 bárust Árnastofnun og Landmælingum Íslands (LMÍ) athugasemdir við staðsetningu örnefnisins *Þormóðarhnúta* inn af Staðardal í Suðursveit. Á þessum tíma var – og er ef til vill enn þá – tekist á fyrir dómstólum um landamerki jarðanna Kálfafellsstaðar og Borgarhafnar (Héraðsdómur Austurlands felldi dóm í málinu, nr. E-36/2017, hinn 4. desember 2023). Þegar fyrri athugasemdin barst árið 2018 vissi höfundur ekki að nafnið kæmi fyrir í landamerkjabréfum og var ókunnugt um deilurnar en hafði frétt af þeim þegar síðari athugasemdin barst í byrjun árs 2022.

Ekki er ætlunin hér að fjalla sérstaklega um landamerkjamálið. Þó er rétt að tæpa lauslega á því hvers vegna staðsetning Þormóðarhnútu skiptir máli. Í heimildum um landamerkin segir að Staðará ráði mörkum jarðanna. Í lýsingu Kálfafellsstaðarsóknar frá 1855 segir að áin renni á takmörkum Borgarhafnar og Kálfafellsstaðar; hún komi í tveimur kvíslum undan Staðarhálsum sem renni saman þar skammt frá og síðan út í sjó þar sem heitir Þrándarós (Sýslu- og sókn. Skaft., 130). Í tveimur landamerkjabréfum frá 1922 og 1923 eru upptök árinnar sögð vera á milli Þormóðarhnútu og Hálsatinds. Ekki virðist deilt um staðsetningu Hálsatinds en öðru máli gegnir um Þormóðarhnútu.

Það er ekki hlutverk þeirra sem starfa við opinberan örnefnagrunn að leysa landamerkjadeilur. Í þessu máli hafði annar deiluaðila í

[9] Elsta dæmið um nafnið *Urriðaholt*, sem höfundi er kunnugt um, er í aðalskipulagi Garðabæjar 1995–2015, samkvæmt frétt í *Morgunblaðinu* í júní 1998. Nafnið er á korti sem fylgir fréttinni. Á kortinu er einnig nafnið *Urriðavatn* (Nýtt aðalskipulag Garðabæjar fyrir árin 1995–2015).

tvígang frumkvæði að því að gera athugasemdir við staðsetningu Þormóðarhnútu í örnefnagrunninum og mæltist í síðara skiptið til þess að hún yrði færð á ákveðinn stað. Í hvorugu tilfellinu lét hann þess getið að deilt væri um örnefnið. Höfundur leit svo á að í ljósi athugasemdanna bæri honum að rannsaka örnefnin og veita síðan LMÍ álit um staðsetningu þess, sbr. ákvæði 4. gr. þágildandi laga um landmælingar og kortagerð, nr. 103/2006, þar sem segir að LMÍ hafi það hlutverk að skrá, viðhalda og miðla örnefnagrunni í samráði við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Ekki er gert ráð fyrir að skráning örnefna í grunninum hafi beina þýðingu fyrir landamerkjamál. Jafnframt má benda á að samkvæmt 4. gr. laga um örnefni, nr. 22/2015, er hægt að skjóta ágreiningi um birtingu örnefnis í opinberum örnefnagrunni til örnefnanefndar sem skal þá veita rökstutt álit. Örnefnanefnd sker þó ekki úr um landamerkjadeilur, heldur verða deiluaðilar að leita til dómstóla ef þeir eru ósammála um staðsetningu örnefnis (Athugasemdir við lagafrumvarp þetta 2014. Sjá kafla 2: *Tilefni og nauðsyn lagasetningar*).



Mynd 4. Hluti af loftmynd sem Sigurgeir Skúlason skráði á örnefni 1994.

Árið 2018, þegar fyrri athugasemdin barst, var staðsetning Þormóðarhnútu miðuð við örnefnaskráningu Sigurgeirs Skúlasonar frá 1994. Hann hafði þá skráð örnefni víða í Austur-Skaftafellssýslu á

loftmyndir eftir vitnisburði heimildarmanna af svæðinu.[10] Á *Mynd 4* er hluti af loftmynd sem sýnir hvar hann staðsetti *Þormóðarhnútu*. Líkt og sjá má eru ekki teiknaðir flákar (svæði sem örnefni ná yfir) á myndum Sigurgeirs. Þegar nafnið var fært í opinberan örnefnagrunn var það sett á svipaðan stað og á myndinni og síðar var dreginn hringur um nafnmyndina sem myndaði flákann (LMÍ 2018).

Athugasemdin um staðsetningu Þormóðarhnútu árið 2018 var þess efnis að rétt staðsetning væri framar,[11] þ.e. efst við jökulinn á svæði sem afmarkast af Þormóðarhnútugili að innan en Sultartungnagili að framan, sjá *Mynd 5*. Taldi sá sem athugasemdina gerði (skráð eftir símtali 26. júní 2018) að þetta mætti ráða af örnefnaskrá Stefáns Einarssonar um Borgarhöfn sem hann skráði eftir vitnisburði Skarphéðins Gíslasonar á Vagnstöðum árið 1961. Í henni segir:

> Eyvindstungur (177) heita fyrir innan Þverárgil og ná inn að Sultartungnagili (178). Þar fyrir innan heita Sultartungur (179) og ná þær inn að jökli. Innst á þeim heitir Þormóðarhnúta (180), og Sultartungnaheiði (181) heitir efst við jökulinn milli Þormóðarhnútu og Sultartungnagilsins.

Staðsetning *Þormóðarhnútu* fyrir framan Þormóðarhnútugil er alllangt frá þeim stað sem heimildarmenn af svæðinu höfðu bent Sigurgeiri Skúlasyni á árið 1994, sbr. *Mynd 5*. Höfundur taldi árið 2018 ekki skýrt að örnefnaskráin benti á þennan stað og mælti þess vegna ekki með því að staðsetningunni yrði breytt.



Mynd 5. 1. Sultartungnagil. 2. Þormóðarhnútugil. 3. Sultartungnaheiði. 4. Þormóðarhnúta samkvæmt skráningu Sigurgeirs Skúlasonar 1994. 5. Þormóðarhnúta samkvæmt athugasemd frá 2018.

[10] Loftmyndirnar eru varðveittar í örnefnasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

[11] Á þessum slóðum eru táknin *inn* og *fram* notuð um afstöðu eftir endilöngum dalnum.

Í upphafi árs 2022 barst Landmælingum Íslands aftur athugasemd með ýtarlegri greinargerð frá sama aðila um staðsetningu örnefna á svæðinu, þ. á m. *Þormóðarhnútu*. Á þeim tíma var höfundi orðið kunnugt um landamerkjadeilurnar enda höfðu borist athugasemdir um annað örnefni á svæðinu, *Staðará*, frá öðrum aðila málsins. Athugasemdin 2022 barst með tölvupósti og var inntak hennar hvað *Þormóðarhnútu* snerti hið sama og árið 2018. Því var haldið fram að það þyrfti að „leiðrétta staðsetningu á Þormóðarhnútu“ sem í skeytinu var fullyrt að væri efst í Sultartungnaheiði (LMÍ 2022).

Staðurinn sem sagt var í athugasemdunum að væri hin eiginlega Þormóðarhnúta er tiltekinn fjallskollur ofarlega í Sultartungnaheiði. Síðari liður nafnsins, *-hnúta*, virðist benda til þess að nafnberinn sé ákveðið afmarkað kennileiti, sbr. merkingu nafnorðanna *hnúta* kvk. ‘gildasti hluti leggs við liðamót’ (*Íslensk orðabók*) og *hnútur* kk. Á hinn bóginn er vafasamt að treysta því í blindni að eftirliður örnefnis merki það sama (vísi til sams konar fyrirbæris) og samsvarandi samnafn. Í fyrrnefndum dómi Héraðsdóms Austurlands frá 4. desember 2023 í landamerkjamálinu kemur fram að dómkvöddum matsmanni hafi verið falið að svara því hvar Þormóðarhnúta væri staðsett. Af röksemdum matsmanns má ráða að hann hafi gert ráð fyrir að nafnið ætti við afmarkað kennileiti í fjalllendinu. Samkvæmt dóminum var endanlegt svar hans eftirfarandi:

> Af áðurgreindum heimildum ráðið er er [svo] örnefnið Þormóðarhnúta staðsett sunnan undir hæstu brún Sultartungna, vestan við Gæsadal og norðan við Þormóðarhnútugil. (Héraðsdómur Austurlands 4. desember 2023 (nr. E-36/2017))

Með öðrum orðum var niðurstaða matsmanns sú að *Þormóðarhnúta* væri tiltekið kennileiti nokkurn veginn á þeim stað þar sem Sigurgeir Skúlason merkti örnefnið á loftmynd 1994. Svo virðist sem dómkvaddur matsmaður hafi þarna gengið til verks með fyrirframgefna hugmynd um það til hvers konar fyrirbæris *Þormóðarhnúta* vísaði og talið verkefnið, sem héraðsdómur hafði falið honum, felast í því að finna á tilteknu svæði álitlegan fjallskoll sem gæti heitið *Þormóðarhnúta*.

Þegar höfundur tók upp á nýjan leik rannsókn á *Þormóðarhnútu* í kjölfar athugasemdarinnar frá 2022, sem nú var ljóst að kom frá aðila landamerkjadeilunnar, þótti honum rétt að kanna hvar mótaðili teldi rétt að staðsetja örnefnið. Svar hans í tölvupósti var á þá leið að *Þormóðarhnúta* væri ekki tiltekinn fjallskollur heldur heildarnafn á fjallinu (Ónafngreindur 2022).

Ef texti örnefnaskrárinnar sem vitnað var til hér að framan er lesinn með þetta í huga virðist lýsingin raunar eiga betur við ef átt er við landsvæði en tiltekna fjallshnútu. *Þormóðarhnúta* er þar nefnd í samhengi við önnur örnefni sem eiga við um svæði: *Eyvindstungur*, *Sultartungur* og *Sultartungnaheiði*. Eins og fyrr sagði taldi sá sem gerði athugasemdirnar 2018 og 2022 að örnefnaskráin benti til þess að *Þormóðarhnúta* væri tiltekinn fjallskollur á Sultartungnaheiði, þ.e. efst á svæðinu á milli Þormóðarhnútugils og Sultartungnagils (sjá *Mynd 5*). Þessi ályktun virðist byggð á því að í setningunni *innst á þeim* [Sultartungum] *heitir Þormóðarhnúta* eigi áttatáknið *inn* við stefnu frá dalbotni stystu leið upp á fjall. Þetta fær tæplega staðist því að í örnefnaskránni eru táknin *inn* og *fram* iðulega notuð um afstöðu eftir endilöngum Staðardal og er það í samræmi við málvenju á þessu svæði (sjá Stefán Einarsson 1952:156), þ.e. í grófum dráttum merkir *inn* ‘norður’ og *fram* ‘suður’. Dæmi um notkun áttatáknanna til að lýsa innbyrðis afstöðu örnefna eru nöfnin *Innstavatn* og *Fremstavatn* á Borgarhafnarheiði (sjá *Mynd 6*).



Mynd 6. Hluti af herforingjaráðskorti frá 1905 (Generalst. 97 NA, 1905).

Sultartungur eru, líkt og segir í örnefnaskránni, svæðið frá Sultartungnagili og inn eftir dalnum að jökli. Jafnframt segir þar að innsti hluti þeirra sé Þormóðarhnúta. Líklegt er að hún taki við innan Þormóðarhnútugils á sama hátt og Sultartungur eru inn af Sultar-

tungnagili, sbr. örnefnaskrána (sjá *Mynd 5*).[12] Þar sem talað er um staðsetningu *Sultartungnaheiðar* í örnefnaskránni er hún hins vegar sögð vera *efst* (ekki *innst*) við jökulinn á milli Þormóðarhnútu og Sultartungnagils. Loks má benda á að það að halda því fram að að Þormóðarhnúta sé á Sultartungaheiði kemur ekki vel heim við þau orð örnefnaskrárinnar að heiðin sé *á milli* Þormóðarhnútu og Sultartungagils.

Líkt og fyrr segir var skráning *Þormóðarhnútu* á loftmynd Sigurgeirs Skúlasonar árið 1994 (*Mynd 4*) gerð eftir lýsingu heimildarmanna af svæðinu og passar þessi staðsetning ágætlega við lýsingu í örnefnaskrá Stefáns Einarssonar sem áður var vitnað til. Fram hefur komið að Sigurgeir afmarkaði ekki fláka fyrir örnefnin og á þessum tíma var heldur ekki farið að teikna fláka í örnefnagrunni LMÍ (það var ekki fyrr en árið 2010, LMÍ 2018). Samkvæmt upplýsingum frá Sigurgeiri lýstu heimildarmenn því landi sem örnefni áttu við og staðsetti hann nöfnin innan þess svæðis ef það var stórt (Sigurgeir Skúlason 2022). Elstu útgáfur herforingjaráðskorta birta *Þormóðarhnútu* en hún lendir þar á mörkum þriggja kortablaða (Generalst. 96 SA, 1905; 97 NV, 1905; 97 NA, 1905). Eitt þeirra er sýnt á *Mynd 6* að framan og annað á *Mynd 7* hér á eftir.

Mynd 7. Hluti af herforingjaráðskorti frá 1905 (Generalst. 96 SA, 1905).

[12] Nafnið *Þormóðarhnútugil* er ekki í örnefnaskrá Borgarhafnar.

Augljóst er að ekki er ávallt unnt að greina nákvæmlega hvar tiltekinn staður er út frá því hvernig örnefni er merkt á landakort. En sú staðreynd að *Þormóðarhnúta* er birt á þremur kortablöðum virðist þó benda til þess að hún hafi verið talin fjalllendi fremur en stakur fjallskollur. Staðsetningin á þessum kortum mælir jafnframt gegn því að hún sé tiltekið kennileiti á þeim stað sem fullyrt var í fyrrgreindum athugasemdum frá 2018 og 2022. Ef *Þormóðarhnúta* væri í raun uppi á heiðinni á milli Sultartungnagils og Þormóðarhnútugils ætti hún að vera staðsett á kortablaðinu á *Mynd 6* og alls ekki sýnd á kortablaðinu á *Mynd 7*.

Fyrir um hálfum öðrum áratug voru frumteikningar að kortum danska herforingjaráðsins gerðar aðgengilegar á netinu (Söguleg kort Dana). Á *Mynd 8* er sýndur hluti af teikningu sem kortin á *Mynd 6* og *Mynd 7* byggjast á. Á slíkum teikningum eru örnefni merkt inn með númerum sem vísa í meðfylgjandi örnefnalista. Númer 53 á listanum er *Þormóðarhnúta*. Miðað við þessa staðsetningu er útilokað að um sé að ræða fjallskoll framan við Þormóðarhnútugil þar sem ein jökulárkvísl rennur í Staðará samkvæmt teikningunni.

Mynd 8. Hluti af frumteikningu herforingjaráðsins frá 1903. Talan 53 vísar í *Þormóðarhnútu* (Söguleg kort Dana).

Auk frumteikninganna er til safn af nafnaseðlum sem tengjast herforingjaráðskortunum. Hvert örnefni var skráð á stakan seðil og nafnaseðlar af hverju kortablaði festir saman í blokk (á dönsku kallast seðlarnir *navnebloksedler*). Á þá var hægt að skrá upplýsingar og athugasemdir sem m.a. gögnuðust við endurskoðun korta. Almennt virðast seðlarnir lítið hafa verið notaðir við síðari kortaútgáfur hér á landi og því eru á fæstum þeirra miklar upplýsingar. Þó er mikilsvert að yfirleitt hefur verið skráð tegund nafnbera (þ.e. hvers konar fyrirbæri nafnið á við, s.s. fjall, á, mýri eða bær) á dönsku. *Þormóðarhnúta* er á þremur kortablöðum og því á þremur nafnaseðlum. Á einum er nafnberi ekki skilgreindur en á hinum tveimur segir að um sé að ræða „Fjeldareal" 'fjallsvæði' (sjá *Mynd 9*). Það sýnir að samkvæmt heimildum þeim sem landmælingamenn studdust við í upphafi 20. aldar var *Þormóðarhnúta* heildarheiti á fjalli en ekki nafn á stökum fjallstoppi.



Mynd 9. Úr safni nafnaseðla fyrir kortablað *97 NA Kálfafellsstaður – Borgarhöfn*, útg. 1905 (Nafnaseðlar herforingjaráðsins).

Niðurstaðan í málinu var að mæla með óbreyttri staðsetningu *Þormóðarhnútu* í samræmi við skráningu Sigurgeirs Skúlasonar frá 1994.[13] Hins vegar var flákinn stækkaður talsvert og látinn ná frá Þormóðarhnútugili og inn að jökli. Vert er að taka fram að nákvæm afmörkun fláka í þessu tilviki er vandasöm þar sem náttúruleg skil í landslaginu eru ekki fyrir hendi. Ef miðað er við Þormóðarhnútugil eru fremri mörk Þormóðarhnútu greinileg en hið sama á ekki við um innri mörkin sem verða því að teljast ónákvæm í örnefnagrunninum (hægt er að skoða staðsetninguna í *Örnefnasjá*).

[13] Áður var þess getið að í dómi Héraðsdóms Austurlands frá 4. desember 2023 (mál nr. E-36/2017) kæmi fram að dómkvaddur matsmaður hefði gefið það álit að *Þormóðarhnúta* væri tiltekin stök fjallshnúta. Í niðurstöðu dómsins er þó gert ráð fyrir að *Þormóðarhnúta* sé heiti á fjalllendi líkt og hér er talið.

4 *Eystrilækur* eða *Eystri-Lækur*

Í október 2024 barst fyrirspurn frá Náttúrufræðistofnun um nafn á fossi í landi Krýsuvíkur. Hann myndast þar sem áin *Eystrilækur* (eða *Austarilækur*) fellur fram af Krýsuvíkurbergi. Ekki fundust heimildir um nafn á fossinum. Í örnefnagrunninum var nafn árinnar ritað *Eystri-Lækur*, en hæpið virtist að sá ritháttur samræmdist reglum um ritun bandstriks í samsettum örnefnum. Árið 1957 samþykkti örnefnanefnd reglu þess efnis að ef síðari liður örnefnis er samnafn skuli ekki afmarka liði með bandstriki og einungis rita stóran staf í upphafi, t.a.m. *Syðribakki* og *Fornihvammur*. Sé síðari liðurinn sérnafn skuli hins vegar hafa bandstrik á milli liðanna og rita stóran staf í báðum liðum, t.a.m. *Stóra-Giljá* og *Syðri-Guðrúnarstaðir*. Þessi regla var tekin upp í auglýsingu menntamálaráðuneytisins um íslenska stafsetningu frá 1974 (sjá Þórhall Vilmundarson 1980:33–34 og Svavar Sigmundsson 2011:368).

Þórhallur Vilmundarson (1980:34) benti á að þessi regla orkaði tvímælis og bryti í mörgum tilvikum í bága við hefð:

> Telja má rökrétt að rita *Stóri-Dalur* og *Litli-Dalur*, ef upphaflega er um að ræða í einum dal eina jörð með nafninu *Dalur*, sem síðar skiptist í tvær jarðir, en hins vegar *Stóridalur* og *Litlidalur*, ef um er að ræða tvo misstóra dali.

Árið 2001 samþykkti örnefnanefnd í samráði við Íslenska málnefnd að breyta reglunni í samræmi við það sjónarmið sem Þórhallur hafði vísað til. Meginreglan er nú að heimilt er að rita bæjarnöfn með bandstriki þótt síðari liðurinn sé til sem samnafn ef talið er ljóst að hann hafi stöðu sérnafns líkt og í dæmi Þórhalls (sjá Svavar Sigmundsson 2011:368, örnefnanefnd 2001 og greinar 1.2.4 b og 1.3.6.3 b í ritreglum).

Þessi undantekning á ekki við í tilfelli *Eystrilækjar* við Krýsuvík enda ekki bæjarnafn. Þar eru tveir lækir sem heita *Vestarilækur* og *Eystrilækur* (eða *Austarilækur*) og ljóst að rita skal þá án bandstriks samkvæmt fyrrgreindri reglu. Í örnefnagrunninum var skráð að myndin *Eystri-Lækur* væri fengin af korti og er því vert að skoða eldri kort. Í fyrstu útgáfu herforingjaráðskorts frá 1910 eru lækirnir (*Vestari-* og *Eystrilækur*) ekki nefndir (Generalst. 28 NA, 1910) en komin eru nöfn í yngri útgáfum frá 1950 og 1953 þar sem *Eystrilækur* er ritaður án bandstriks, sbr. kortið frá 1950 á *Mynd 10*.

Mynd 10. Hluti af herforingjaráðskorti frá 1950 (*UÍ* (1:50.000) 28 NA).

Hin svonefndu herforingjaráðskort voru kortablöð í mælikvarðanum 1:50.000 sem landmælingadeild herforingjaráðsins (da. *Generalstabens topografiske Afdeling*) útbjó í byrjun 20. aldar. Í þeirri lotu tókst að kortleggja um þriðjung landsins en þegar aftur var hafist handa á árunum 1919 og 1920 var ákveðið að útbúa kort í minni mælikvarða, 1:100.000, sem oft eru nefnd atlaskort, og var því verki lokið 1944. Í fyrstu útgáfu atlaskorts af þessu svæði frá 1944 er ritháttur inn *Eystri-Lækur* (sjá *Mynd 11*) og einnig í næstu þremur útgáfum frá 1945, 1954 og 1955. Líkt og sést við samanburð á *Mynd 10* og *Mynd 11* er minna pláss fyrir nafnið á kortinu sem er í minni mælikvarða (1:100.000). Þar hefur þess vegna þurft að skipta því í tvennt til að koma því fyrir.

Mynd 11. Hluti af atlaskorti frá 1944 (*UÍ* (1:100.000) 28).

Mynd 12. Hluti af atlaskorti frá 1969 (*UÍ* (1:100.000) 28).

Líklegt virðist að bandstrikið hafi einungis átt að þjóna þessum tilgangi og að upphafsstafur síðari liðarins hafi verið hafður stór fyrir mistök. Í öllu falli hefur ritháttur inn verið leiðréttur í útgáfu sama korts frá 1969 og er þar með litlum staf eins og sést á *Mynd 12*. Þessum rithætti er haldið í síðari útgáfum 1986 og 1990.

Skýringin á því að ritháttur inn *Eystri-Lækur* var tekinn upp í opinberan örnefnagrunn er því að öllum líkindum sú að fyrirmyndin hafi verið atlaskort þar sem nafninu hafði verið skipt í tvennt til þess að koma því fyrir á kortablaðinu. Sá sem skráði í grunninn hefur þá annaðhvort stuðst við nýlega útgáfu með rithættinum „Eystri-lækur“ og talið stóran staf vanta í síðari liðinn eða tekið ritháttinn beint upp úr eldri útgáfu, þ.e. „Eystri-Lækur“.

Heimildir

Aðalsteinn Hákonarson. 2020. „Fótur undir Fótarfæti“ og endurtekningar í örnefnum. Grein á heimasíðu Árnastofnunar. https://www.arnastofnun.is/is/utgafa-og-gagnasofn/pistlar/fotur-undir-fotarfaeti-og-endurtekningar-i-ornefnum (sótt í júní 2025).

Aðalsteinn Hákonarson. 2024a. *Skjólborg* og *Skjaldborg – Högni* og *Högn – Sundhnúksgígar* eða *Sundhnúkagígar*. *Orð og tunga* 26:161–178.

Aðalsteinn Hákonarson. 2024b. Opinber stafrænn örnefnagrunnur: skráning og hnitsetning örnefna og örnefnastýring. *Orð og tunga* 26:155–160.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta. 2014. Frumvarp til laga um örnefni. (Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.) https://www.althingi.is/altext/144/s/0586.html (sótt í júní 2025).

Ágúst Böðvarsson. 1996. *Landmælingar og kortagerð Dana á Íslandi. Upphaf Landmælinga Íslands*. Reykjavík: Landmælingar Íslands.

DI = Diplomatarium Islandicum – Íslenzkt fornbréfasafn 1–16. Kaupmannahöfn og Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag, 1857–1972.

Garðabær. Vefsíða sveitarfélagsins Garðabæjar. www.gardabaer.is (sótt í júní 2025).

Generalst. 27 SA = *27 SA Reykjavík – Hafnarfjörður* (1:50.000). Kaupmannahöfn: Generalstabens topografiske Afdeling, 1910.

Generalst. 28 NA = *28 NA Krisuvík* [svo] – *Herdísarvík* (1:50.000). Kaupmannahöfn: Generalstabens topografiske Afdeling, 1910

Generalst. 96 SA = *96 SA Heinaberg – Heinabergsfjöll* (1:50.000). Kaupmannahöfn: Generalstabens topografiske Afdeling, 1905.

Generalst. 97 NA = *97 NA Kálfafellsstaður – Borgarhöfn* (1:50.000). Generalstabens topografiske Afdeling, 1905.

Generalst. 97 NV = *97 NV Kálfafellsstaður – Reynivellir* (1:50.000). Generalstabens topografiske Afdeling, 1905.

Guðlaugur R. Guðmundsson. 2001. *Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar*. Safn til sögu Garðabæjar 3. Garðabær: Garðabær.
Guðmundur Jónsson og Óskar Guðlaugsson. 2024. Jarðir, býli og bústaðir. Í: Guðmundur Jónsson (ritstj.). *Ástand Íslands um 1700. Lífshættir í bændasamfélagi*, bls. 169–205. Reykjavík: Sögufélag.
Héraðsdómur Austurlands 4. desember 2023 (E-36/2017).
Íslensk orðabók. 2007. 4. útg. Mörður Árnason (ritstj.). Reykjavík: Edda.
Jarðabók 3 = *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 3. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1923–1924.
Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: J. Johnsen.
Jón Jónsson. 1994. *Frá fjöru til fjalls*. Safn til sögu Garðabæjar [2]. Garðabær: Garðabær.
Kortasjá Orkustofnunar: https://orkustofnun.is/upplysingar/kortasja (sótt í júní 2025).
Kortavefur Garðabæjar: https://www.map.is/gardabaer/ (sótt í júní 2025).
LMÍ 2018 = Landmælingar Íslands. 2018. Tölvupóstur, 23. október.
LMÍ 2022 = Landmælingar Íslands. 2022. Tölvupóstur, 26. janúar.
Lög um landmælingar og kortagerð nr. 103/2006. https://www.althingi.is/lagas/154a/2006103.html (sótt í júní 2025).
Lög um örnefni nr. 22/2015. https://www.althingi.is/lagas/nuna/2015022.html (sótt í júní 2025).
Nafnaseðlar herforingjaráðsins. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Nýtt aðalskipulag Garðabæjar fyrir árin 1995–2015. 1998. *Morgunblaðið*, 10. júní.
Oddfellowar eignuðust Urriðavatn. E.d. *Urriðaholt*. https://urridaholt.is/sagan/oddfellowar-eignudust-urridavatn (sótt í júní 2025).
Ólafur Lárusson. 1960. Gårdnavne. Island. Í: Jakob Benediktsson og Magnús Már Lárusson (ritstj.). *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder* 5, bls. 642–645. Reykjavík: Bókaverzlun Ísafoldar.
Ónafngreindur. 2022. Tölvupóstur, 30. janúar.
Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner. 2005. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ. Rannsóknaskýrslur. Byggðasafn Skagfirðinga.
Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner. 2022. Urriðakotsdalir. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Antikva.
Ritreglur. Auglýsing um setningu íslenskra ritreglna nr. 695/2016 og 800/2018 með leiðréttingum. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. https://ritreglur.arnastofnun.is/ (sótt í júní 2025).
Sigurður Jóhannsson. 1959. Vegamálastjóri í nær 40 ár. *Morgunblaðið*, 9. janúar.
Sigurgeir Skúlason. 2022. Tölvupóstur, 22. maí.
Skjalasafn örnefnanefndar. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
Skjalasafn Náttúrufræðistofnunar. Náttúrufræðistofnun.

Staðfræðikort = Staðfræðikort (1:25.000). Elliðavatn 1613 III SV. [Reykjavík:] Landmælingar Íslands, 1988.

Stefán Einarsson. 1952. Áttatáknanir í íslenzku nú á dögum. *Skírnir* 126:153–167.

Svavar Sigmundsson. 2011. Örnefni. Í: Jóhannes B. Sigtryggsson (ritstj.). *Handbók um íslensku*, bls. 367–378. Reykjavík: JPV útgáfa.

Sýslu- og sókn. Gull. = *Gullbringu- og Kjósarsýsla*: *Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839–1855*. Ný útg. Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson (útg.). Reykjavík: Sögufélag, 2007.

Sýslu- og sókn. Skaft. = *Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*. Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson (útg.). Reykjavík: Sögufélag, 1997.

Söguleg kort Dana. Lag í kortasjá Landmælinga Íslands sem sýnir frumteikningar herforingjaráðs- og atlaskorta: https://kortasja.lmi.is (sótt í júní 2025).

UÍ (1:50.000) 27 SA = *Uppdráttur Íslands* (1:50.000). *27 SA Reykjavík – Hafnarfjörður*. Reykjavík og Kaupmannahöfn: Geodætisk Institut, 1935; Kaupmannahöfn: Geodætisk Institut, 1954, 1955.

UÍ (1:100.000) 27 = *Uppdráttur Íslands* (1:100.000). *Blað 27 Reykjavík*. Kaupmannahöfn: Geodætisk Institut, 1944, 1945, 1958; Kaupmannahöfn: Landmælingar Íslands með leyfi frá Geodætisk Institut, 1966, 1972; útgáfustaðar ekki getið: Landmælingar Íslands 1977, 1980, 1984, 1986, 1995, 2001.

UÍ (1:50.000) 28 NA = *Uppdráttur Íslands* (1:50.000). *28 NA Krisuvík* [svo]. Kaupmannahöfn: Geodætisk Institut, 1950, 1953.

UÍ (1:100.000) 28 = *Uppdráttur Íslands* (1:100.000). *Blað 28. Krísuvík*. Kaupmannahöfn: Geodætisk Institut, 1944, 1945, 1954, 1955; Kaupmannahöfn: Landmælingar Íslands með leyfi frá Geodætisk Institut, 1969; útgáfustaðar ekki getið: Landmælingar Íslands 1986, 1990.

Þórhallur Vilmundarson. 1980. Nýnefni og örnefnavernd á Íslandi. *Grímnir* 1:24–36.

Örnefnanefnd. Ársskýrsla fyrir árið 2001. https://www.arnastofnun.is/is/arsskyrslur-ornefnanefndar (sótt í júní 2025).

Örnefnasjá. Náttúrufræðistofnun. https://ornefnasja.lmi.is (sótt í júní 2025).

Örnefnaskrár. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Lykilorð

örnefni, landakort, örnefnagrunnur, örnefnastýring

Keywords

place names, geographical maps, official place-name database, place-name standardisation

Abstract

The article presents the results of three studies undertaken to resolve actual questions that arose in connection with work on standardising place names in the national place-name database of Iceland. The three studies illustrate some of the many and varied kinds of issues that need to be addressed in the process of place-name standardisation.

Aðalsteinn Hákonarson
rannsóknaraðjunkt
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Eddu, Arngrímsgötu 5, IS-107
adalsteinn.hakonarson@arnastofnun.is

Ellert Þór Jóhannsson

Íslensk orðsifjabók á netinu

1 Inngangur og forsaga

Nýlega leit dagsins ljós nýr vefur *Íslenskrar orðsifjabókar* (ÍO) sem er þróaður og hýstur af Árnastofnun (https://ordsifjabok.arnastofnun.is). Vefurinn er byggður á prentaðri útgáfu orðabókarinnar sem kom út árið 1989 og er höfundarverk Ásgeirs Blöndals Magnússonar (1909–1987). Orðsifjabókin var fyrsta verk sinnar tegundar á íslensku og jafnframt fyrsta orðsifjabókin þar sem fyrst og fremst er horft til nútímamáls. Hér verður stuttlega rakin saga þessa verks, tildrög stafrænnar útgáfu þess og litið á ýmsa eiginleika hins nýja vefjar (ítarlega umfjöllun má finna hjá Trausta Dagssyni og Ellerti Þór Jóhannssyni 2025).

Ásgeir Böndal Magnússon var málfræðingur og ritstjóri um langt skeið hjá Orðabók Háskólans sem var sérstök háskólastofnun sem sinnti ýmsum verkefnum á sviði orð- og orðabókafræða. Hann hóf að vinna að orðsifjaverki sínu þegar á sjöunda áratugnum en eftir að hann lét af störfum árið 1980 gat hann helgað sig orðsifjarannsóknum og gerð orðabókarinnar af meiri krafti. Verkinu var að mestu lokið þegar Ásgeir lést árið 1987. Hann hafði þá skrifað inngang og lesið yfir meirihluta hins fullunna handrits (sjá Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:xxii).

Orð og tunga 27 (2025), 167–176, https://doi.org/10.33112/ordogtunga.27.9
© höfundar CC BY-NC-SA 4.0.

2 Orðsifjaupplýsingar

Íslensk orðsifjabók telst til sérstakrar tegundar orðabóka sem stundum eru kallaðar sögulegar eða díakrónískar þar sem þær rekja þróun orða í tíma (Svensén 1987:18). Þær geta verið mjög ólíkar að umfangi og hversu djúpt er farið í ýmis smáatriði (sbr. Malkiel 1976) en hafa þó að meginmarkmiði að veita upplýsingar um uppruna orða, elstu þekktu myndir þeirra og tengsl við skyld orð í málinu og skyldum málum (Svensén 2004:398–399).

Flest orð í íslensku falla undir einn af þremur meginflokkum (sbr. umfjöllun hjá Guðrúnu Kvaran 2005). **Erfðaorð** má rekja til eldri málskeiða og stundum er hægt að setja fram endurgerð forstig orðmynda sem byggjast á aðferðum samanburðarmálfræðinnar. Þegar rætt er um erfðaorð eru oft talin upp skyld orð í öðrum málum sem sýna sameiginlegan uppruna. **Tökuorð** er önnur tegund orða þar sem orð berast úr einu máli í annað og varðveita slík orð oft ýmis einkenni upprunamálsins. Orðsifjabækur geta gefið upplýsingar um hvenær og hvaðan tökuorð komu inn í málið. **Nýyrði** eiga sér ekki beinar samsvaranir í eldri málstigum en eru oft mynduð úr þekktum orðhlutum og viðskeytum sem fyrir hendi eru í málinu.

Í orðsifjabókum má oft finna upplýsingar um merkingarþróun tiltekins orð, breytingar á hljóðum, beygingum eða notkun og elstu heimildir um orðið. Upprunasagan getur þó oft verið flókin. Stundum er erfitt að greina hvort orð sé erfðaorð, tökuorð eða blanda af hvoru tveggja og ýmsar gerðir nýmyndana geta líka verið byggðar á þekktum erfðaorðum eða tökuorðum. Markmið orðsifjabókar er að setja fram þessar upplýsingar á skýran hátt og gera notendum kleift að sjá megindrættina í sögu hvers orðs.

Þegar litið er á fletturnar í ÍO má glögglega sjá hvernig upplýsingum um orðaforðann hefur verið safnað saman og hvernig þær eru settar fram. Á *Mynd 1* er dæmi um flettu úr prentuðu orðabókinni yfir hið vel þekkta indóevrópska erfðaorð *móðir* þar sem má sjá tengsl orðsins við skyld orð.

móðir kv. 'kvenkynsvera sem á (fæðir af sér) afkvæmi, mamma, …'; sbr. fær. *móðir*, nno., sæ. og d. *moder*, fd. *mothær*, fe. *mōdor*, fhþ. *muotar*, fsax. *mōdar* (ne. *mother*, nhþ. *mutter*). Sbr. ennfremur lat. *māter*, fír. *māthir*, fsl. *mati* (rússn. *matь*), gr. *mḗtēr* og fi. *mātár-*; < ie. **mātēr*. Líkl. myndað með *ter*-viðsk. af **mā-* sem er barnaorð um móður, sbr. *mamma*. Sjá *mamma*, *móa* (1), *móða* (3), *móðerni* og *mæðgin*.

Mynd 1: Flettan *móðir* í prentuðu orðabókinni (Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:629).

Á *Mynd 1* má sjá hvernig orðið *móðir* tengist samsvarandi orðum í öðrum germönskum og indóevrópskum málum. Einnig sést endurgerð indóevrópsk frumgerð orðsins merkt með stjörnu. Í lok flettunnar er vísað í aðrar flettur með skyldum orðum.

Orðsifjabókin miðlar margvíslegum upplýsingum og eru flettutextarnir oft afar þéttir. Helsti annmarki prentaðrar útgáfu er þó sá að þær upplýsingar sem fram koma í tiltekinni flettu geta jafnframt átt við um önnur orð, án þess að það komi skýrt fram. Það er því ekki alltaf auðvelt að nálgast allar gagnlegar upplýsingar þegar einungis er hægt að fletta upp orðum í stafrófsröð. Það varð því ljóst að gagnsemi ÍO myndi aukast verulega ef hægt væri að hafa bókina á stafrænu sniði og gera efni hennar aðgengilegt og leitarbært á netinu.

3 Stafræn orðsifjabók

Íslensk orðsifjabók var eitt af fyrstu útgáfuverkum Orðabókar Háskólans sem var unnið með aðstoð tölvutækni. Þótt Ásgeir Blöndal hefði nýtt sér hefðbundnar aðferðir við orðabókargerðina, t.a.m. handskrifaða seðla, var handrit hans að orðabókinni fært yfir á stafrænt form áður en það var gefið út. Efnið var fyrst slegið inn í tölvu og síðan var bókin sett upp með svokölluðu TEX-sniði sem reyndist hentugt til að meðhöndla hina fjölmörgu mismunandi bókstafi og tákn sem koma fyrir þegar vísað er í dæmi úr ólíkum tungumálum auk endurgerðra frummynda (sjá inngang hjá Ásgeiri Blöndal Magnússyni 1989). Eftir að bókin kom út á prenti árið 1989 voru upprunalegu TEX-skrárnar varðveittar hjá Orðabók Háskólans. Það er ekki sjálfgefið að svo gamlar tölvuskrár séu geymdar lengi enda var ekki litið á stafræna gerð bókarinnar sem markmið í sjálfu

sér. Í raun var litið á stafræn gögn á þessum tíma sem millistig milli handrits og prentunar og þegar bókin hafði verið gefin út var ekki endilega ástæða til að halda upp á stafrænar skrár, sérstaklega ef þær voru stórar. Sem betur fer voru TEX-skrárnar frá OH varðveittar sem auðveldaði verkið til mikilla muna þegar farið var að íhuga vefútgáfu bókarinnar um tuttugu árum síðar hjá Árnastofnun.

Fyrsta gerð stafrænnar útgáfu ÍO var unnin í tengslum við nýja vefgátt, *málið.is*, sem var opnuð árið 2016 (sjá Steinþór Steingrímsson o.fl. 2018). Tilgangur vefgáttarinnar var að veita aðgang að fjölda málgagna sem Árnastofnun hefur umsjón með og var ákveðið að fyrsta útgáfa *málsins.is* skyldi einnig innihalda aðgang að orðsifjabókinni. Þá var hafist handa við að vinna upplýsingarnar úr gömlu TEX-skránum með birtingu á netinu í huga.

Eftir þessa vinnu var hægt að birta stafræna gerð ÍO á *Málinu*. Þessi útgáfa var þó takmörkunum háð. Hún gaf notendum aðeins kost á að leita að skilgreindum uppflettiorðum og ekki var hægt að blaða fram og til baka eins og í prentuðu bókinni. Þar að auki vantaði allar stoðupplýsingar, t.d. heimildaskrá og lista yfir skammstafanir.

Eftir að þessi takmarkaða útgáfa hafði verið til sem hluti af vefgáttinni í nokkur ár var hafist handa árið 2022 við að þróa fullkomnari stafræna útgáfu af ÍO. Til þess þurfti að draga ýmsar upplýsingar úr upprunalegu TEX-skránum þannig að tölva gæti lesið hvernig tengslum orðanna í prentaða textanum væri háttað og túlkað á kerfisbundinn hátt. Útkoman varð nýr vefur með aðgangi að öllu efni prentuðu bókarinnar sem sjá má á vefslóðinni *ordsifjabok.arnastofnun.is*.[1] *Mynd 2* sýnir skjáskot af dæmigerðri flettu.

[1] Að vefútgáfunni unnu Árni Davíð Magnússon, Einar Freyr Sigurðsson, Finnur Ágúst Ingimundarson, Steinþór Steingrímsson og Trausti Dagsson en sá síðastnefndi hannaði einnig útlit og viðmót vefjarins.



Mynd 2: Skjáskot af flettunni *korn* í ÍO á netinu.

Eins og sjá má á *Mynd 2* skiptist viðmótið í nokkra ramma eða dálka þar sem auðvelt er að glöggva sig á valinni flettu og þeim orðum sem koma við sögu í henni. Lengst til vinstri er aðalvalmyndin þar sem hægt er að lesa sér til um verkið og auk þess fá yfirlit yfir allar skammstafanir sem notaðar eru í bókinni og ýmsa efnisflokka. Á miðri síðunni birtist svo sjálfur flettutextinn eins og hann kemur fyrir í prentuðu útgáfu bókarinnar. Skammstafanir eru útskýrðar undir flettutextanum og tengingar við önnur orð eru sýndar í sérdálki hægra megin. Einnig eru virkir tenglar í sjálfum textanum sem hægt er að smella á til að fá upplýsingar um tungumál sem vísað er til eða til að fletta milli uppflettiorða. Tenglar við skyld orð og tungumál eru einnig birtir í sérdálki til hliðar og neðan við flettutextann (sést ekki á *Mynd 2*). Dálkurinn lengst til hægri sýnir svo uppflettiorð í stafrófsröð svo að notendur geta fundið með einföldum hætti önnur orð í grenndinni sem kynnu að vekja áhuga þeirra.

Að auki er boðið upp á sjónræna framsetningu á tengslum milli orða og mála. Það er gert með venslanetum, þ.e. myndrænni framsetningu á innbyrðis tengslum orðanna. Á þann hátt fær notandinn yfirsýn yfir hvernig tiltekið orð tengist öðrum. Hann getur séð tengsl við önnur uppflettiorð sem vísað er til í viðkomandi grein sem og þær greinar þar sem vísað er til þessa tiltekna orðs. Venslanetin sýna önnur tengd uppflettiorð í allt að þremur „kynslóðum“ frá upphaflega orðinu. Hluta af slíku neti má sjá á *Mynd 3*.



Mynd 3: Venslanet fyrir orðið *korn*.

Á *Mynd 3* má sjá hvernig orðið *korn* tengist meðal annars orðunum *kjarni, kyrna* og *karl* og til hvaða annarra orða þessar flettur vísa. Litir línanna gefa til kynna eðli tengslanna.

Svipuð net sýna tengsl milli orða í skyldum málum sem væri illmögulegt að sýna í prentaðri bók. Netin styðjast við upplýsingar úr ákveðinni grein og þær eru síðan tengdar öðrum greinum þar sem sama orð er rætt. Dæmi um þetta má sjá á *Mynd 4*.



Mynd 4: Tengsl orðsins *korn* við samsvarandi orð í öðrum málum og málstigum.

Á *Mynd 4* má sjá hvernig orðið *korn* er skylt orðinu *granít*. Latneska orðmyndin *grānum* sem samsvarar íslenska erfðaorðinu *korn* býr að baki afleiddu orði sem svo berst til íslensku sem tökuorðið *granít*. Myndræn framsetning með venslanetum getur verið gagnleg til að tengja saman upplýsingar sem koma fram í mismunandi flettum í bókinni og þannig fær notandinn yfirsýn yfir ýmis tengsl milli orða sem annars tæki tíma og fyrirhöfn að finna.

Það sem helst vantaði í fyrstu vefútgáfu ÍO var viðbótarefni sem var að finna í prentuðu útgáfunni, svo sem formála, skrár og lista yfir skammstafanir, tilvísanir og heimildaskrá. Í nýju vefútgáfunni er leitast við að gera þessar upplýsingar aðgengilegar. Á *Mynd 5* má sjá hvernig undirsíðan *Skammstafanir og flokkar* er byggð upp með fjórum flipum.



Mynd 5: Undirsíðan *Skammstafanir og flokkar.*

Eins og sést á *Mynd 5* eru á síðunni fjórir flipar: *Tungumálaheiti, Skammstafanir, Rit* og *Nafnaflokkar*. Flipinn *Tungumálaheiti* inniheldur skammstafanir yfir tungumál og afleidd lýsingarorð. Undir flipanum *Skammstafanir* er að finna allar aðrar skammstafanir sem koma fyrir í ÍO. Flipinn *Rit* (opinn á *Mynd 5*) inniheldur lista yfir rit sem vísað er í sem oft eru íslenskir miðaldatextar en einnig textar frá öðrum tímum og vel þekktar erlendar heimildir. Stundum er vísað til ákveðinna útgáfna eða tiltekinna höfunda. Síðasti flipinn, *Nafnaflokkar*, á sér ekki beina samsvörun í prentuðu útgáfunni. Þar er hægt að fletta upp ýmsum nöfnum og heitum sem koma fyrir í ÍO. Hér hefur verið safnað saman 15 algengustu flokkunum, t.d. árheitum, dvergsheitum, eyjarheitum, goðsögulegum heitum og hestsheitum. Notendur geta þannig nálgast þessar upplýsingar á einum stað og fylgt tenglum áfram í viðkomandi flettur.

4 Lokaorð

Það er mikill fengur að þessari vefútgáfu á *Íslenskri orðsifjabók* þar sem nú er hægt að nálgast á fljótlegan og einfaldan hátt mikið efni um uppruna og þróun íslensks orðaforða. Enn er þó ýmislegt sem mætti bæta, bæði hvað varðar gögnin og framsetningu á þeim. Stundum er erfitt að sjá á venslanetum hvers eðlis orðatengsl eru, t.d. þegar fjallað er um hliðstæðar breytingar á merkingu hjá óskyldum orðum.

Einnig koma fyrir villur í tenglum sem rekja má til mislesturs eða mistúlkunar á texta. Misfellur eru þó lagfærðar þegar þær koma í ljós eða ef ábendingar berast til ritstjórnar.

Helsti vankantur verksins felst í stöðu þess sem höfundarverks. Þar sem ÍO er í höfundarrétti er ekki heimilt að breyta innihaldi þess sem útilokar efnislegar viðbætur og leiðréttingar á upprunalega textanum. Hér má nefna að stundum eru upplýsingar um aldur elstu heimilda orða misvísandi og hægt að sýna fram á að orð séu til í eldri heimildum en ÍO gefur til kynna. Til dæmis er orðið *ritning* samkvæmt ÍO fyrst þekkt á 16. öld en það kemur þó fyrir í *Íslenskri hómilíubók* frá um 1200 eins og sjá má í ONP, stafrænni orðabók um miðaldamálið á Íslandi. Fleiri dæmi má nefna þar sem orð eru talin yngri en elstu heimildir benda til, t.d. orðin *hörfa, höstugur* og *renningur*. Þar sem verkið birtist efnislega óbreytt er ekki hægt að leiðrétta slíkt í orðabókinni sjálfri en vonandi verður í framtíðinni mögulegt að birta athugasemdir eða viðbætur sem nýtast notendum.

Íslensk orðsifjabók geymir mikinn fróðleik sem vert er að gera aðgengilegan á stafrænu formi. Nýi vefurinn auðveldar aðgengi að upplýsingum um orðsifjar og skyldleika orða með fjölbreyttum leitarmöguleikum, myndrænni framsetningu og virkum tenglum. Vefurinn styrkir stöðu ÍO sem grundvallarrits í íslenskri orðfræði og nýtist bæði fræðasamfélaginu og almenningi sem traust heimild um orðaforða og sögu tungunnar.

Heimildir

Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.

Guðrún Kvaran. 2005. *Íslensk tunga II. Orð. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Malkiel, Yakov. 1976. *Etymological Dictionaries. A Tentative Typology*. Chicago & London: The University of Chicago Press.

ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog / A Dictionary of Old Norse Prose*. Københavns Universitet. https://onp.ku.dk (sótt í apríl 2025).

Steinþór, Steingrímsson, Ari Páll Kristinsson og Halldóra Jónsdóttir. 2018. Málið.is: A Web Portal for Information on the Icelandic Language. Í: Ásta Svavarsdóttir, Halldóra Jónsdóttir, Helga Hilmisdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir (ritstj.): *Nordiske Studier i Leksikografi 14*, bls. 255–261. Reykjavík: Nordisk Forening for Leksikografi.

Svensén, Bo. 1987. *Handbok i Lexikografi. Principer och metoder i ordboksarbete.* Stockholm: Esselte Studium & Tekniska nomenklaturcentralen.

Svensén, Bo. 2004. *Handbok i Lexikografi. Ordböcker och ordboksarbete i teori og praktik.* Stockholm: Nordstedts Akademiska Förlag.
Trausti Dagsson og Ellert Þór Jóhannsson. 2025. Revitalisering af *Íslensk orðsifjabók*, islandsk etymologisk ordbog. *LexicoNordica* 32:37–57.

Lykilorð

orðsifjafræði, söguleg málvísindi, veforðabók, venslanet

Keywords

etymology, historical linguistics, online dictionary, network graphs

Abstract

This brief report provides an overview of *Íslensk orðsifjabók*, an etymological dictionary of Modern Icelandic. It outlines the dictionary's background, material content, and digital publication, and discusses its presentation and integration within a newly developed online platform (https://ordsifjabok.arnastofnun.is/). The platform greatly improves access to the history and development of Icelandic vocabulary through advanced search functions and visual representations.

Ellert Þór Jóhannsson
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Eddu, Arngrímsgötu 5
IS-107 Reykjavík
ellert.thor.johannsson@arnastofnun.is